

**SKOÐUN** Kristín A. Atladóttir skrifar um kynjahalla í kvikmyndagerð. 15



**MENNING** Spunamaraþon verður í Þjóðleikhúskjallaranum á Menningarnótt. 20



**LÍFIÐ** Áhorfendur taka þátt í flugeldasýningunni á Menningarnótt. 30



**SPORT** Hörður Axel Vilhjálmsson spilar í Grikklandi næsta vetur. 26


FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
19. ágúst 2015
193. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Sjálfboðaliðasprenging

Framkvæmdastjóri sjálfboðaliðasamtaka segir áhuga á slíku starfi á Íslandi hafa aukist mikið. Umsóknum 400 manns um sjálfboðavinnu hefur verið hafnað en samtökin taka árlega á móti 1.200 til 1.400 sjálfboðaliðum.

## FRÉTTIR



### Tekist á um tónlistina

Menntamálaráðherra segir það vonbrigði að tónlistarskólar í Reykjavík geti sumir ekki fjármagnað starfsemi sína. Skellir skuldinni á borgina. 2

**Vill útfærslur um kynjakvóta** RIFF stendur fyrir ráðstefnu um kynjakvóta í kvikmyndagerð. Menntamálaráðherra hefur óskað eftir útfærslum á kvótanum. 4

**750 þúsund flóttamenn** Þjóðverjar taka á móti mun fleiri flóttamönnum en áætlað var. 10




14

**3 SÉRBLÖÐ** Markaðurinn | Endurskoðun og bókhald | Fólk






**GJÖF FRÁ ÖSSURI** Edda Heiðrún Geirsdóttir, markaðsstjóri Össurar, afhenti í gær Húsdýragarðinum sérsmíðaðan hnakk sem ætlaður er fötluðum börnum. Nokkur alsæl börn fengu að prófa að fara á bak í nýja hnakknum. Hingað til hafa börn sem glíma við fötlun ekki getað farið á bak þar sem sérhannaðan búnað vantaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Nýir uppsjávarmarkaðir tálsýn

Nær útilokað er að finna nýja markaði fyrir uppsjávaraflann, segir sölustjóri hjá Iceland Seafood. Gerist aðeins með því að lækka verð. Stjórnarliðar eru ósamstíga í stuðningi sínum við þvinganir gagnvart Rússlandi þrátt fyrir að ákvörðun hafi verið tekin fyrir 17 mánuðum. Forseti Íslands fundaði með sendiherra Rússlands í gær.

**UTANRÍKISMÁL** Engir nýir markaðir eru til staðar til að koma vörum sem hefðu átt að fara á Rússlandsmarkað í skjól. Þetta segir Teitur Björn Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood.

Hann segir að núna felist vinna í því að kanna hvort þeir markaðir sem til eru fyrir geti tekið við meiri uppsjávarafla.

„Það gerist eingöngu með því að lækka verðið. Það er hugsanlegt að koma einhverju inn á nýja markaði, en þangað fer ekkert magn að ráði. Slíkt markaðsstarf felst í því að senda inn lítið magn á lágu verði til að venja og kynna neytendum vöruna. Slíkt er ekki gert nema á niðursettu verði, og hér er um alheimslögmál að ræða. Það er því fyrirsjáanlegt að þetta er leiðin sem verður farin; finna hvar þolmörkin liggja á mörkuðum hvað varðar magn og verð.“

Stjórnarliðar eru í kröppum dansi um þessar mundir við að eiga við afleiðingar viðskiptabannsins. Margir þeirra virðast skyndilega ósamstíga varðandi ákvörðun utanríkisráðherra um að styðja við þvingunaraðgerðir gegn Rússum nú þegar Rússar hafa svarað með viðskiptabanni. Ákvörðun utanríkisráðherra var tekin fyrir 17 mánuðum síðan.

Forseti Íslands fundaði með sendiherra Rússlands í gær. Á fundi þeirra kom fram að mikilvægt sé að tryggja farsæl viðskipti ríkjanna sem hafi verið báðum þjóðunum hagkvæm og til að mynda mikilvæg Íslendingum í landhelgisbaráttu sinni.

- kóp, shá, srs / sjá síðu 6 og 8




Skattsvik í ferðaþjónustu valda minnkandi tekjum af hverjum ferðamanni:

# Vandinn vex með umfanginu

**VIÐSKIPTI** Svört atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu er talin meðal skýringa á því að þótt ferðamönnum fjölgi ár frá ári hafi þær tekjur sem ríkið hefur af hverjum og einum dregist saman.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að vandamálið vaxi með auknu umfangi ferðaþjónustunnar.

„Kennitöluflakk þekkist umtalsvert í ferðaþjónustunni, einkum þegar kemur að veitinga- og gistihúsageiranum. Síðan þekkjum við það líka að það eru töluverð brögð að því að ferðaþjónustufyrirtæki greiði ekki laun og hafi önnur starfskjör ekki í samræmi við kjarasamninga,“ segir hann. Allir atvinnurekendur eigi hins vegar að vita að þeir eigi að borga skatta og skyldur og að fólk eigi að njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga.

Halldór segir stjórnvöld ekki bara úrræðalaus þegar kemur að svartri atvinnustarfsemi heldur beinlínis viljalaus til verka. Íslendingar standi verr að vígi gagnvart svona brotastarfsemi en mörg nágrannalandanna. Þar hafi ýmsum úrræðum verið beitt sem ekki sé vilji til að beita hér, svo sem gegn kennitöluflakki.



HALLDÓR GRÖNVOLD



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir skattkerfið um margt of flókið og þar megi gera úrbætur, þótt um leið sé eðlilegt að bæta skattaeftirlitið. „Það er mikilvægast fyrir þau fyrirtæki sem eru ábyrg og heiðarleg í sinni starfsemi að þeim sé tryggður samræmdur rekstrargrundvöllur og það sé öflugt eftirlit af hálfu skattsins með skattskilum í greininni.“

- jhh / sjá Markaðinn

## VEÐUR



Norðaustlæg átt 3-10 m/s og smávegis væta vestast í fyrramálið, en léttir síðan til og má búast við björtu veðri víða um land. Með suður- og austurströndinni er útlit fyrir heldur meira af skýjum og má búast við rigningu þar annað kvöld. Hiti víða 12 til 17 stig.

SJÁ SÍÐU 18

Júlíus Vífill Ingvarsson hefur ítrekað tekið mál tónlistarskólanna til umræðu á fundum borgarráðs:

# Borgarfulltrúi segir borgina bera ábyrgð

**MENNTAMÁL** „Við gætum staðið frammi fyrir þeirri hrikalegu staðreynd að helstu tónlistarskólum borgarinnar verði hreinlega lokað og þeir verði lýstir gjaldþrota," segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um þá alvarlegu stöðu sem tónlistarskólar í Reykjavík eru í, að geta ekki fjármagnað starfsemi sína.

Fjórir tónlistarskólar í borginni eru illa staddir fjárhagslega og ekki ljóst hvort þeir geti starfað áfram.

Júlíus spyr hvernig borgin ætli að bregðast við þegar framhaldsnemendur í tónlist komi að lokuðum dyrum. „Væntanlega getur Listaháskólinn þá lokað sinni tónlistardeild enda ekki hægt að starfrækja háskóla án menntaskóla."

Að sögn Júlíusar hefur hann ítrekað tekið mál tónlistarskólanna til umræðu í borgarstjórn og í borgarráði. Hann segir að skyldur sveitarfélaga séu skýrar og að samkomulagið sem



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

undirritað var árið 2011 um aðkomu ríkisins að kennslukostnaði tónlistarskóla létti ekki skyldum af sveitarfélögum, enda hafi ekkert sveitarfélag túlkað samkomulagið með þeim hætti nema Reykjavíkurborg.

„Mér finnst ekki gott að sjá hvernig oddviti Bjartrar framtíðar í borgarstjórn hrærir í þessu máli og reynir að snúa því upp í einhvers konar prúttmarkað á milli ríkis og borgar. Sem lögfræðingur vil ég segja að texti samkomulagsins gefi ekki tilefni til að túlka það með þeim hætti sem hann gerir," segir Júlíus um ummæli Björns Blöndal, formanns borgarráðs, um að ríkið beri ábyrgð á stöðunni í tónlistarskólamálum. - ngy



**SKÓFLUSTUNGA** Með viðbyggingunni er verið að mæta þörf vegna aukins nemendafjölda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðbygging við Vesturbæjarskóla verður tekin í notkun árið 2017:

# Skóflustunga við Vesturbæjarskóla

**REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Margrét Einarsdóttir skólastjóri og börn í Vesturbæjarskóla tóku í gær fyrstu skóflustungurnar að viðbyggingu við skólann sem tekin verður í notkun haustið 2017.**

**Með viðbyggingunni er verið að mæta þörf vegna aukins nemendafjölda. Undirbúningur að framkvæmdum hefur staðið yfir síðustu vikur en færa þurfti til kennslustofur sem standa á lóð skólans.**

**Nýja viðbyggingin verður 1.340 fermetrar og mun hún hýsa hátíðarsal, eldhús fyrir nemendur, sérkennslustofur og almennar kennslustofur.** - ngy

Var sakaður um kynferðisbrot:

# Lögreglumaður ekki kærður

**DÓMSMÁL** Ekki verður gefin út ákæra á hendur sextugum lögreglumanni á Húsavík vegna meints kynferðisbrots hans á hóteli á Norðurlandi. Tvítug stúlka kærði lögreglumanninn þann 23. nóvember síðastliðinn. Var brotaþoli og meintur gerandi auk vitna boðuð í skýrslutöku og málið sent ákæruvaldinu.

Ákæruvaldið taldi hins vegar ekki tilefni til að gefa út ákæru þar sem ekki er talið líklegt að sakfelling náist. - sa

Aðgengi á ferðamannastöðum:

# Rannsóknir á aðgengi fatlaðra

**MANNRÉTTINDI** Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA) mun styrkja gerð samantektar um verkefni á sviði aðgengis fyrir fatlaða að ferðamannastöðum á Grænlandi, Íslandi, Noregi og í Færeyjum. Á síðustu árum hefur umræða um aðgengi fatlaðra aukist.

Norm ráðgjöf ehf. leiðir verkefnið en aðrir íslenskir þátttakendur eru Access Iceland ehf., Reykjavíkurborg og Öryrkjabandalagið. NORA er ætlað að styrkja samstarf á starfssvæði sínu á sviði viðskipta, rannsóknar og þróunar. - sa

# Segja skilning borgarinnar vera rangan

Tónlistarskólar í Reykjavík glíma við þá alvarlegu stöðu að geta ekki fjármagnað starfsemi sína. Ríkið og borgin eru ósammála um hver beri ábyrgð á vandanum.

**MENNTAMÁL** „Það eru mikil vonbrigði að Reykjavíkurborg skuli hafa nálgast þessi mál með þessum hætti og sett nám í tónlistinni skör lægra," segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra um ummæli Björns Blöndal, formanns borgarráðs og staðgengils borgarstjóra, í Fréttablaðinu í gær um ábyrgð ríkisins á þeirri alvarlegu stöðu sem tónlistarskólar í Reykjavík eru í, að geta ekki fjármagnað starfsemi sína.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að fjórir skólar væru mjög illa staddir fjárhagslega og að óljóst væri hvort skólarnir geta haldið áfram starfsemi sinni.

Vorið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nokkur hundruð milljóna króna fjárframlag ríkissjóðs til tónlistarmenntunar á framhaldsstigi. Nemendum í tónlistarskólum fjölgaði hins vegar og vantaði töluvert upp á að fjárhæðin dygði til reksturs skólanna. Ágreiningur er nú um það hverjum beri að brúa bilið, ríkinu eða borginni.

„Skilningur formanns borgarráðs um að samkomulagið hafi með einhverjum hætti losað sveitarfélögin frá ábyrgð sem kveðið er á um í lögum varðandi rekstur tónlistarskóla á mið- og framhaldsstigi er rangur," segir Illugi og bætir við að afstaða Reykjavíkurborgar hafi haft skelfilegar afleiðingar. Nú sé svo komið að tónlistarskólar í Reykjavík séu komnir á heljarþröm. „Það er ekki skrítið að þeir séu að stefna borginni vegna þessa."

Í tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu segir að svo virðist sem Reykja-



**TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Fjórir tónlistarskólar í Reykjavík eru mjög illa staddir fjárhagslega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



ILLUGI GUNNARSSON

víkurborg hafi annan skilning á ákvæðum laganna en ríkið. Það er, að samkomulagið leysi hana undan skyldum gagnvart nemendum í framhaldsnámi í tónlist. Þetta gangi þvert á skilning þáverandi og núverandi mennta- og menningarmálaráðherra.

„Þó að ríkið hafi sett umtalsvert mikla fjármuni í að styrkja tónlistarnám var aldrei hugsunin að einstök sveitarfélög gætu sagt sig frá verkefninu, enda ljóst að sveitarfélögin fara með allt fyrirsvar málaflokksins," segir Illugi og bætir við að önnur sveitarfélög á Íslandi hafi axlað sína ábyrgð og haldið uppi blómlegu tónlistarlífi hér á landi.

Björn sagði frá því í Fréttablaðinu í gær að síðastliðið vor hefði annað samkomulag verið gert milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík um aukin fjárframlög til að tryggja rekstur tónlistarskólanna. Ríkið hefði ekki staðið við samkomulagið.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Reykjavíkurborg hafi lagt fram samkomulagsdrög síðastliðið vor til þess að afstýra málsókn skólanna á hendur henni og forða tónlistarskólunum frá gjaldþroti. Ekki hafi verið gengið frá því samkomulagi og því sé rangt að halda því fram að ríkið hafi ekki virt það. nadine@frettabladid.is






Feðgar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna gruns um þjófnað:

# Grunaðir um sex þjófnaði

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sem grunaðir eru um þjófnað úr verslunum á ferðalagi sínu um landið hafa verið úrskurðaðir í tveggja vikna gæsluvarðhald og einangrun. Um er að ræða feðga sem hafa engin tengsl við landið en þeir eru grunaðir um sex brot sem eru til rannsóknar hjá fjórum lögregluembættum á landinu.

Mennirnir voru handteknir nærri Höfn í Hornafirði þann 11. ágúst.

„Það kom til mín erlendur maður og bað mig um að aðstoða sig við að velja peysu á sig sem ég gerði að sjálfsögðu. Honum gekk illa að ákveða sig og talaði lengi við mig," sagði Sigurlaug Gísladóttir, eigandi Húnabúðar, við Vísi daginn sem feðgarnir létu til skarar skríða.

Á meðan laumaði annar maður sér inn í verslunina og hafði þaðan á brott allt sem var í kassanum og veski eigandans. Alls stal hann um 70.000 krónum og þar að auki öllum kortum, skilríkjum og persónulegum munum Sigurlaugar sem í veskinu voru.

Í framhaldinu virðast þeir hafa haldið áfram hringveginn í norður og austur. Eru þeir grunaðir um þjófnað með svipuðum aðferðum,



**FERÐAPJÓFAR** Erlendir feðgar eru grunaðir um sex brot víðs vegar um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

meðal annars á Sauðárkróki og Eskifirði. Einnig er um að ræða innbrot í hús og sumarbústaði. Mennirnir neita að tjá sig um málið og vilja ekkert segja um myndir af þeim sem náðust á öryggismyndavélar. Þá neita þeir einnig að tjá sig um þýfi sem fannst á þeim.

Feðgarnir verða því í einangrun til 26. ágúst. - ktd

# LÆGRA VERÐ Á LÆRDÓMI




Ný: 4.299.-
Notuð: 2.579.-

Almenn sálfræði




Ný: 3.899.-
Notuð: 2.339.-

Nýir tímar




699.-

Málfræðilykill -
Enskur, þýskur eða íslenskur




Ný: 4.199.-
Notuð: 2.519.-

Fornir tímar




Ný: 3.399.-
Notuð: 1.999.-

Þyrnar og rósir




Ný: 2.799.-
Notuð: 1.699.-

Siðfræði lífs og dauða






Ný: 3.999.-
Notuð: 2.399.-

Correcto




Ný: 2.399.-
Notuð: 1.439.-

Þýska fyrir þig




Ný: 3.799.-
Notuð: 2.279.-

Dansk er mange ting

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Verð geta breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## SPURNING DAGSINS



S. Björn, Þurfið þið ekki bara að taka lagið?

**„Jú, samkomulagið.“**

Ríki og borg deila nú um samkomulag vegna rekstrar tónlistarskóla borgarinnar. S. Björn Blöndal er formaður borgarráðs.

Fjórir menn eru grunaðir um fjársvik sem nema milljónum með stolnum greiðslukortanúmerum:

# Þrír í varðhald vegna greiðslukortasvindls

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn eru grunaðir um fjársvik sem nema milljónum króna þar sem þeir hafa notað stolnar greiðslukortaupplýsingar við kaup á flugmiðum. Þrír mannanna eru í gæsluvarðhaldi hjá lögreglunni á Suðurnesjum og einn sætir farbanni.

Mál þess sem er í farbanni verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness á næstu vikum. Sá er ákærður fyrir hylmingu og að hafa þannig unnið sér hlutdeild í brotinu. Allir fjórir eru útlendingar og tengsl þeirra við Ísland engin. Málin eru talin ótengd.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur frá lokum árs 2014 haft níu mál til meðferðar er varða ætluð fjársvik erlendra manna gagnvart flugfélögum. Einn hefur þegar hlotið dóm og í fjórum tilfellum hafa málin verið látin niður falla.

Í öllum framangreindum málum hafa stolin greiðslukortanúmer verið notuð og við rannsókn þeirra hefur komið í ljós að auk greiðslukortanúmera liggja fyrir upplýsingar um korthafa, heimilisföng og jafnvel netföng og símanúmer þeirra. Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að í málunum fjórum sem fella þurfti niður hafi sönnunarstaða ekki verið nógu rík. **- sa**




**STOLIN KORT** Fjársvikamálin gegn mönnunum fjórum sem hafa verið til rannsóknar eru níu talsins.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Skolfið gæti í byggð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Varað við óþægindum:

## Aukin hætta á skjálftum

**JARÐHRÆRINGAR** Orkuveita Reykjavíkur, sveitarstjórnir og lögreglustjórinn á Suðurlandi ásamt almannavarnadeild ríkislögreglustjóra vekja athygli á að auknar líkur eru á að jarðskjálftar finnist í byggð á næstu dögum.

Ástæðan er sú að loka þarf fyrir niðurdælingu í Húsmúlasvæði við Hellisheiðarvirkjun vegna vinnu við lagnakerfi virkjunarinnar. Niðurdæling í svæðið mun hefjast aftur í síðasta lagi í fyrramálið. Unnið er eftir verklagi sem miðar að því að lágmarka hættu á óþægindum, segir í tilkynningu almannavarna. **- shá**

Slátrun fer rólega af stað:

## Kalt veður hægir á slátrun

**LANDBÚNAÐUR** Sumarslátrun í sláturhúsi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga fór rólegar af stað en síðustu ár. Um sjö hundruð lömbum var slátrað sem er aðeins um helmingur þess sem var slátrað í fyrra.

Meðalvigt lamba þetta sumarið er heldur lægra en í fyrra og munar um tveimur kílóum á milli ára. Ótíð hefur líklega haft mikið að segja en kalt var í vor og fór fé seinna á fjall en oftast áður.

Afurðirnar verða fluttar til útlanda og fara vestur um haf til Ameríku. **- sa**

# Hefur óskað eftir útfærslum

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra vill leita allra leiða til að rétta hlut kvenna í kvikmyndaiðnaðinum. Hann útilokar ekki kynjakvóta. RIFF stendur fyrir ráðstefnu um kynjakvóta í kvikmyndagerð á morgun.

**JAFNRÉTTISMÁL** „Það er ekki hægt að neita því að það eru of fáar konur að gera kvikmyndir,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. „Þess vegna er ég mjög opinn fyrir öllum hugmyndum, hvort sem við erum að tala um kynjakvóta eða einhverjar aðrar hugmyndir, til að fá fleiri konur í þessa atvinnugrein.“

Á dögunum varpaði Baltasar Kormákur fram þeirri hugmynd í viðtali við Fréttablaðið að koma ætti á kynjakvótum til að rétta hlut kvenna í kvikmyndageiranum. Þær hugmyndir kveiktu miklar umræður um hlut kvenna í bransanum. Er kynjakvóti málið? er yfirskrift málþings sem RIFF heldur næstkomandi fimmtudag í Tjarnarbíói. Bæði Illugi og Baltasar eru á meðal þátttakenda í pallborðsumræðum.

„Ég hef fylgst vel með þessari umræðu eftir að Baltasar lagði það til að koma á kynjakvóta í kring um fjármagn til kvikmyndagerðar,“ segir Illugi.

„Aðalatriðið er að við verðum fyrst sammála um það að við getum ekki bara sagt að þetta eigi að lagast á næstu tuttugu, þrjátíu, fjörutíu árum. Ég held að við þurfum að ná betri árangri en það. Hvort sem menn gera það með kynjakvótum eða einhverjum öðrum aðgerðum sem ná þessu markmiði þá er það ekki aðferðin sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er það að það er augljóst misvægi á milli karla og kvenna í kvikmyndagerð. Það er markmiðið sem skiptir máli, ekki leiðirnar,“ segir Illugi.

Menntamálaráðuneytið hefur sent Kvikmyndaráði bréf þar sem óskað er eftir hugmyndum um útfærslu á málinu. Hann segir að umræða um næstu skref og málþingið á morgun sé mikilvægur liður í því.



**KVIKMYNDAGERÐ** Menntamálaráðherra segir markmiðið en ekki leiðina skipta öllu máli. MYND/ÍSLANDSSTOFA



**HRÖNN MARINÓSDÓTTIR**

„Það sem vakir fyrir okkur er að stuðla að málefnalegri umræðu um kynjakvóta,“ segir Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF.

Á málþinginu munu einstaklingar úr bransanum og stjórnsýslunni koma saman og ræða hugmyndir um kynjakvóta í kvikmyndaiðnaðinum og hlut kvenna í kvikmyndageiranum.

„Konur eru að gera færri myndir en karlar og það er spurning hvað sé til ráða,“ segir Hrönn. Hún vonast til að á þessu málþingi verði sjónarmiðin rædd á víðum grundvelli og að ólík sjónarmið komi fram.

„Umræða um kynjakvóta hefur verið í deiglunni, meðal annars á Norðurlöndunum, lengi og víðar, í ljósi þess að konur eru að gera færri myndir en karlar. Hér hefur svo sem ekki verið mikil umræða fyrr en núna á síðustu vikum í fjölmiðlum. Okkur þykir mikilvægt að bransafólk hittist og ræði málin og komist að niðurstöðu. Þannig að stjórnvöld geti vonandi í framhaldi markað sér stefnu í samræmi við þau sjónarmið sem koma þar fram.“

Málþingið er haldið í Tjarnarbíói á morgun klukkan fimm.

stefanrafn@frettabladid.is, olof@frettabladid.is




Íslenski sjávarklasinn í viðræður við borgina um rekstur á Hlemmi:

# Vilja að Hlemmur verði mathöll

**VIÐSKIPTI** Íslenski sjávarklasinn og hópur samstarfsmanna mun á næstunni hefja viðræður við borgaryfirvöld um að taka við Hlemmi með það fyrir augum að starfrækja þar mathöll. Sjávarklasinn sótti um að taka við húsnæðinu eftir auglýsingu borgarinnar fyrr í sumar.

Sjávarklasinn telur mikil tækifæri felast í uppbyggingu mathallar á Hlemmi sem gætt getur matarmenningu Reykjavíkur enn meira lífi og skapað vettvang fyrir sölu á hágæða matvælum með áherslu á lífræna og umhverfisvæna framleiðslu. Þá skapast með þessu stórt tækifæri til aukinnar nýsköpunar og samstarfs í matarvælaframleiðslu og veitingageiranum, en sjávarklasinn hefur mikla reynslu af vinnu með nýsköpunarfyrirtækjum í matvælaiðnaði.

Áform Sjávarklasans um mathöll í Húsi sjávarklasans standa óbreytt enda mikil uppbygging við Vesturhöfnina og úti á Granda.

„Hlemmur á fyrst og síðast að þjónusta þá sem búa og starfa í næsta nágrenni Hlemms en einnig gesti miðborgarinnar sem vilja kaupa afbragðs mat og drykk,“ segir Bjarki Vigfússon, verkefnastjóri hjá Sjávarklasanum. **- shá**




**HLEMMUR** Hér verður ef til vill opnuð mathöll.




Verslunin Pfaff er full af glæsilegum gæðaljósum sem öll verða með 25% afslætti til 31. ágúst. Nýttu tækifærið og lýstu upp heimilið áður en skammdegið skellur á.



Kubbur í loft
Verð áður: 9.990 kr.
▶ **Verð nú: 7.490 kr.**



Útiljós upp/niður
Verð áður: 11.900 kr.
▶ **Verð nú: 8.000 kr.**



Tilt svart með rauðri snúru
Verð áður: 50.900 kr.
▶ **Verð nú: 35.000 kr.**



Ingo gólflampi með dimmer
Verð áður: 17.900 kr.
▶ **Verð nú: 12.000 kr.**



Sherla metar
Verð áður: 49.900 kr.
▶ **Verð nú: 34.000 kr.**



Discoco 53cm fjólublátt
Verð áður: 84.900 kr.
▶ **Verð nú: 50.000 kr.**

**PFAFF** - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 414 0400 - www.pfaff.is

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-18 OG Á LAUGARDÖGUM KL. 11-16

VIÐSKIPTABANN RÚSSA

Útflutningur Norðmanna á fiskafurðum til Rússlands minnkaði um 55 prósent á árunum 2013 til 2014 vegna viðskiptabannsins:

# Norðmenn nýta krókaleiðir fyrir fisk um Hvíta-Rússland

Norsk stjórnvöld hafa ekki leitað eftir beinni aðstoð frá Evrópusambandinu vegna viðskiptabanns Rússa gegn Noregi. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til norska utanríkisráðuneytisins.

Norðmenn, líkt og Íslendingar, hafa farið halloka vegna viðskiptabanns Rússa en Noregur hefur verið á bannlista síðan í ágúst í fyrra. Rússlandsmarkaður var stærsti markaðurinn fyrir norskar sjávarafurðir fyrir viðskiptabannið. Útflutningur á fisk til Rússlands dróst saman um 55 prósent á milli áranna 2013 og 2014.

Norðmenn hafa leitað nýrra leiða til að koma norskum fisk á markað en meðal annars hafa þeir brugðið á það ráð að flytja inn norskan eldislax til Hvíta-Rússlands. Innflutningur á fiskafurðum til Hvíta-Rússlands jókst um 71 prósent á milli áranna 2013 og 2014.

Þrátt fyrir að Norðmenn hafi getað nýtt sér krókaleið inn á Rússlandsmarkað mun endurnýjun þvingana Rússa hafa áhrif á það. Nýjar reglur kveða á um að upprunavottunar sé krafist á vörum sem fluttar eru til Rússlands og ef þær reynast vera frá bannlöndum er þeim fargað. - srs

ÚTFLUTNINGUR Á NORSKUM SJÁVARAFURÐUM 2013–2014






**FISKMARKAÐUR Í RÚSSLANDI** Rússar hafa gætt sér á „hvítrússneskum“ fiski undanfarið ár. MYND/AFP



**FORSETI ÍSLANDS** Ríkisstjórnin hafði ekki óskað sérstaklega eftir liðsinni forseta.

Tryggja sameiginlega hagsmuni:

## Fundaði með sendiherranum

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, átti fund með Anton Vasiliev, sendiherra Rússlands á Íslandi, um samskipti ríkjanna í ljósi viðskiptabanns Rússa.

Á heimasíðu Embættis forseta Íslands kemur fram að mikilvægt sé að tryggja farsæl viðskipti ríkjanna sem hafi verið báðum þjóðunum hagkvæm og mikilvæg Íslendingum í landhelgisbaráttu sinni.

Enn fremur kemur þar fram mikilvægi þess að þjóðir geti haft svigrúm til viðhorfa og aðgerða á alþjóðavettvangi með tilliti til alþjóðalaga, þátttöku í bandalögum og viðhorfi grannþjóða.

Á fundinum voru ræddar leiðir til lausna en mikill vilji var á milli fundarmanna til að tryggja gagnkvæma viðskiptahagsmuni þjóðanna tveggja.

Í síðustu viku fundaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra með forseta Íslands. Ríkisstjórnin hefur ekki formlega óskað eftir liðsinni forseta við lausn á deilunni.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Sigmundur að hefð væri fyrir því að forseti Íslands, bæði sitjandi og fyrirrennarar hans, beitti sér fyrir því að liðka fyrir viðskiptasamböndum Íslands við önnur ríki.

Sigmundur hefur einnig átt símafund við Dmitry Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, vegna málsins. - srs

# Tálsýn að nýir markaðir finnist og bjargi málunum

Útilokað er að finna nýja markaði á stuttum tíma sem gætu tekið við miklu magni af makrílafurðum, segir sérfræðingur í sölu fiskafurða. Ekki er talin fær leið að setja verulegt magn af makríl í bræðslu.

„Eins og staðan er núna þá eru engir nýir markaðir sem koma mönnum til bjargar. Það er einfaldlega tálsýn,“ segir Teitur Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood, spurður í tengslum við innflutningsbann Rússa á íslenskar vörur og áhrif þess á markaði með sjávarfang.

Teitur segir að núna felist vinnan í því að kanna hvort þeir markaðir sem fyrir eru geti tekið meira magn af fiski – aðallega uppsjávarafla. „Það gerist eingöngu með því að lækka verðið. Það er hugsanlegt að koma einhverju inn á nýja markaði, en þangað fer ekkert magn að ráði. Slíkt markaðsstarf felst í því að senda inn lítið magn á lágu verði til að venja, og kynna, neytendum vöruna. Slíkt er ekki gert nema á niðursett verði, og hér er um alheimslögmál að ræða. Það er því fyrirsjáanlegt að þetta er leiðin sem verður farin; finna hvar þolmörkin liggja á mörkuðum hvað varðar magn og verð.“

Þegar er ljóst að fiskkaupendur halda að sér höndum til að sjá hvernig þróunin verður, allt í því augnamiði að kaupa vöruna á mun lægra verði en þeir voru tilbúnir að greiða fyrir ekki svo löngu síðan.

Hvað varðar vinnslu til manneldis á yfirstandandi vertíð og birgðasöfnun í þeirri von að höggvið verði á hnútinn segir Teitur að vertíðarfisk eins og makríl, og þá síld og loðnu, þurfi helst að selja allan innan árs og áður en næsta vertíð hefst.

Um 80.000 tonn af um 170.000 tonna makrílkvóta eru enn óveidd. Minnst hefur verið á að vegna þess að verð á mjöli og lýsi er tiltölulega hátt um þessar mundir þá sé mögulegt að bræða hluta þess makríls sem er óveiddur. Reglugerð um 70% vinnsluskyldu til manneldis var breytt í byrjun ágúst og leyfilegt er að setja helming makríls í bræðslu. Breytingin var þó ekki gerð vegna Rússamálsins og mun vera um tilviljun að ræða.

Þeir sem gerst þekkja telja þetta ekki skipta neinu máli – útilokað sé að setja svo mikið magn af makríl í bræðslu. Kemur þar til að strangt eftirlit er með því hvaða fiskmeti er nýtt til mjöl- og lýsisvinnslu og slík vinnsla myndi vera á skjön við sjálfbærnikröfur markaðarins um nýtingu gæðafisks. Tegundir sem eru gjaldgengar til slíkrar vinnslu eru sérstaklega vottaðar og það á ekki við um makríl í Íslandsmiðum.

svavar@frettabladid.is



**Á SJÓ** Svo virðist sem fáar leiðir séu færar til að bjarga verðmætum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



„Eins og staðan er núna þá eru engir nýir markaðir sem koma mönnum til bjargar. Það er einfaldlega tálsýn.

*Teitur Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood*

Lyfjaauglýsing




Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# VÁ!

## „BEST BUY CAR 2015“

1975 | Bílabúð Benna | 2015

**Opel Corsa 5 dyra**

Verð frá: **2.490.000 kr.**
Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**
Opel Corsa 5 dyra, sjálfskiptur – 2.890.000 kr.




## Ný Corsa

## Sigurvegarinn fæst líka sjálfskiptur

Nýr Opel Corsa er stöðugt í sviðsljósinu. Við afhendingu á „AUTOBEST 2015“ verðlaununum sæmdi dómnefnd, skipuð bílasérfræðingum frá 15 Evrópuríkjum, Opel Corsa titlinum „Best Buy Car of Europe 2015“. Samkeppnin var hörð en hann stóð uppi sem sigurvegari. Nú fæst þessi frábæri bíll líka sjálfskiptur.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Kynntu þér Opel Corsa á opel.is eða á benni.is**

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**og laugardaga frá 12 til 16.**
**Verið velkomin í reynsluakstur.**

Bíll á mynd er Corsa Enjoy fimm dyra. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl.

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

VIÐSKIPTABANN RÚSSA

# Vaknað upp við vondan draum

Stjórnarliðar eru einkennilega ósamstíga varðandi ákvörðun sem utanríkisráðherra tók fyrir 17 mánuðum. Ísland hefur verið talsmaður þvingana gegn Rússum frá upphafi. Utanríkisráðherra hefur gert víðreist og fordæmt framferði Rússa gagnvart Úkraínu á síðustu misserum.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Stjórnarliðar virðast nývorið hafa vaknað upp við þann vonda draum að það að Íslendingar styðja viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum muni hafa afleiðingar í för með sér. Raunar virðist sem einhverjum hafi orðið það ljóst nú að fyrir 17 mánuðum var sú ákvörðun tekin. Ljóst er að málið er umdeilt og meira að segja ráðherrar tala út og suður um málið, hvað þá óbreyttir þingmenn.

Raunin er þó sú að það var í mars 2014 sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tilkynnti um stuðning Íslands við þvingunaraðgerðirnar. 17. mars gaf hann út reglugerð þar sem tilkynnt var um stuðninginn, en sú ákvörðun byggðist á ákvörðun Evrópuráðsins frá 6. mars. Gunnar Bragi var býsna skýr um stuðning Íslands.

„Alþjóðasamfélagið þarf að senda skýr skilaboð til stjórnvalda í Rússlandi. Ísland getur á grundvelli EES-samningsins tekið þátt í aðgerðum ESB. Ég tel að Ísland eigi að taka þátt í slíkum aðgerðum og mun ég því eiga lögbundið samráð við utanríkismálanefnd á morgun," sagði hann í frétt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

### Stöðugur stuðningur

Þessi orð Gunnars Braga hefðu ekki átt að koma neinum á óvart. Hin ýmsu samtök og fundir vestrænna ríkja höfðu lengi fjallað um ástandið í Úkraínu og fordæmt framferði Rússa þar á ýmsum stigum. Það er fróðlegt að fletta í gegnum fréttasafn utanríkisráðuneytisins, þar er Úkraína ansi fyrirferðarmikil.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Visagrad-ríkjanna (Póllands, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjalands) funduðu 7. mars og þar kom fram að Ísland styddi alþjóðlegar aðgerðir gegn Rússum.

NATO hélt fjölmarga fundi um málefni Úkraínu og alltaf var Gunnar Bragi mættur til að lýsa yfir stuðningi Íslands, út allt árið í fyrra. Hann hélt ræðu á fundi ráðherraráðs ESB 6. maí þar sem hann studdi tillögur um aðgerðir gagnvart Rússum.

Gunnar Bragi fór síðan til Úkraínu í mars og júlí í fyrra og gerði meðal annars samstarfssamning um uppbyggingu í jarðhitaverkefnum. Þar lét hann ekki undir höfuð leggjast að sýna hvar samúð hans lá í átökum Úkraínu og Rússlands.

Enn á ný var afstaða Íslands tíunduð þegar Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, kom í heimsókn til Íslands 13. ágúst. Gunnar Bragi var býsna skýr í máli: „Utanríkisráðherra gerði grein fyrir nýafstaðinni heimsókn til Úkraínu og samtölum við ráðamenn þar en eins og fram hefur komið styðja íslensk stjórnvöld aðgerðir Atlantshafsbandalagsins varðandi Úkraínu."

### Var enginn að hlusta?

Í raun væri hægt að fylla heilu tölublöð Fréttablaðsins af tilvitnunum í Gunnar Braga Sveinsson, þar sem hann ítrekar stuðning Íslendinga við þvinganir Atlantshafsbandalagsins og ESB gagnvart Rússum.

Á blaðamannafundi í Kænugarði í mars 2014 sagði ráðherra að Íslendingar stæðu heilshugar á bak við aðgerðir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins og að viðskiptahagsmunir Íslendinga gagnvart Rússum yrðu að víkja ef því væri að skipta í þessu máli.

„Við höfum átt í ágætu sambandi við Rússa í 70 ár, það hefur gengið upp og niður. Nú finnst okkur þeir hafa farið yfir strikið og þess vegna erum við til í að standa með Evrópuþjóðum og í raun vil ég leyfa mér að segja flestum þjóðum heims, í að koma því til skila að árið 2014 geta menn ekki farið fram með þessum hætti í Evrópu," sagði hann við Stöð 2 sama dag.

Stuðningur hans, og þar af leiðandi Íslands, ætti því ekki að koma neinum á óvart, nema menn hafi einfaldlega ekki verið að hlusta á utanríkisráðherra Íslands. Í það minnsta er ekki að sjá af orðum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að þeir hafi verið meðvitaðir um ákvarðanir samráðherra síns og hverjar afleiðingar þeirra gætu orðið.



**Á ÁTAKASLÓÐUM** Gunnar Bragi heimsótti Úkraínu í tvígang á síðasta ári, fyrst í mars og síðar í júlí, eftir að farþegaþota hafði verið skotin niður yfir landinu. Hér er hann á Maidan-torgi í Kænugarði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Ég held að það sé mikið álitamál hvaða raunhæfu þýðingu það yfirhöfuð hafi fyrir Íslendinga að gefa út svona yfirlýsingu. Það sjá það allir að Evrópusambandið er í upphafi að taka út einhverja tiltekna Rússa sem eru með einhverjar tilteknar eignir í einstökum Evrópusambandsríkjum og frysta þær.**

*Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í samtali við Stöð 2 16. ágúst 2015*



**Það er auðvitað mikilvægt fyrir okkur að taka undir með þeim aðgerðum og skoðunum sem kollegar okkar í öðrum vestrænum samfélögum hafa gert. Á sama tíma þá þurfum við að horfa til þess að við eigum 70 ára viðskiptasögu við Rússa.**

*Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í samtali við RÚV 17. ágúst 2015*

## Aðgerðir innlendra og erlendra stjórnvalda frá mars 2014 vegna deilu Rússa við Úkraínu

**2014**

- **6. mars** – Evrópuráðið **samþykkir þvingunaraðgerðir** gegn Rússum.
- **7. mars** – Gunnar Bragi styður alþjóðlegar aðgerðir **til stuðnings Úkraínu** sem lúta að ferðabanni.
- **18. mars** – Gunnar Bragi gefur út **reglugerð um þvingunaraðgerðir** sem staðfestar höfðu verið ytra deginum áður.
- **20. mars** – Fyrstu viðbrögð Rússa, **ferðabann á embættismenn.**
- **22. mars** – Gunnar Bragi heldur blaðamannafund í Úkraínu. **Lýsir yfir stuðningi við heimamenn.**
- **6. maí** – Utanríkisráðherra heldur ræðu á ráðherrafundi Evrópuráðsins. Segir átökin í Úkraínu **vega gegn grunngildum ráðsins** og úkraínska þjóðin eigi **rétt á að búa við lýðræði.**
- **16. júlí** – Gunnar Bragi fer til Úkraínu í kjölfar þess að **farþegaþota er skotin niður.**
- **6. ágúst** – Rússar setja **viðskiptabann** á flest lönd sem styðja bannið á þá. Ísland er ekki á listanum, sem gildir í eitt ár.
- **2. desember** – Utanríkisráðherrar NATO, þ.m.t. Gunnar Bragi, **fordæma framferði Rússa** í Úkraínu.

**2015**

- **6. ágúst** – Ár liðið frá því að Rússar settu **tímabundið viðskiptabann í ár.**
- **13. ágúst** – **Rússar uppfæra listann. Ísland er á honum.**

www.volkswagen.is




Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!






## Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
**2.630.000 kr.**
(2.120.968 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




# SKRIFSTOFU- OG BÓKHALDSNÁM SEM STYRKIR STÖÐU ÞÍNA Á VINNUMARKAÐI!

**Kostar nú 47.000 í stað 249.000***

# Skrifstofuskóli NTV og Mímir-símenntun

Lengd: 240 stundir Verð: 47.000 (í stað 249.000) Einingar til stúdentsprófs: 18

- **Morgunnámskeið 1:** Hefst: 31 ágúst og lýkur: 14. des. Kennt mán. mið. og fös. 8:30 - 12:30 **(örfá sæti laus)**
- **Morgunnámskeið 2:** Hefst: 1. sept. og lýkur: 15. des. Kennt þri. fim. og fös. 8:30 - 12:30 **(örfá sæti laus)**
- **Kvöld- og helgarnámskeið:** Kennt þri. og fim. frá 18:00 - 22:00 og lau. 8:30 - 12:30 **(Biðlisti)**

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins niðurgreiðir námið fyrir námsmenn sem ekki hafa lokið framhaldsnámi, stúdentsprófi eða hliðstæðri menntun. Flest stéttarfélög styrkja námið.

Kennt er eftir nýrri vottaðri námskrá sem byggir á 18 ára reynslu NTV á skrifstofunámi. Markmiðið er að nemendur verði færir um að vinna almenn skrifstofustörf og sjá um að færa bókhald.

Skrifstofuskólinn hentar þeim sem eru í leit að vinnu, á leið út á vinnumarkaðinn eftir nokkurra ára hlé eða vilja styrkja stöðu sína í núverandi starfi. Þetta nám er mjög markvisst fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við ýmis krefjandi störf á vinnumarkaðinum.

**Helstu námsgreinar:**

Bókhald - Tölvubókhald - Sjálfstyrking - Mannleg samskipti - Verslunarreikningur - Tímastjórnun og markmiðasetning - Námstækni - Flott ferilskrá - Þjónusta - Hraðlestur - Tölvu- og upplýsingaleikni Stafræn samskipti; Netið, Word, Excel og Power Point - Persónuleg færnimappa - Lokaverkefni

## Hvað segja nemendur okkar um námið:

Ég fór í nám hjá NTV til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði eftir langt hlé. Ég var í alla staði mjög ánægð með bæði námið og allt starfsfólk hjá þeim. Það þarf kjark til að fara að vinna aftur eftir mjög langt hlé og hann fann ég þarna. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir.
**Kristbjörg Richter. Sölufulltrúi og móttökuritari.**

Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvur og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.
**María Magnúsdóttir Bókhald/Gjaldkeri**

Ég mæli hiklaust með Skrifstofuskólanum. Það var vel farið í námsefnið, sumt kunni maður, en annað ekki og þá var farið yfir það þar til maður náði því. :) Góður félagsskapur er í NTV og starfsfólkið frábært!
**Margrét Scheving**

Mjög skemmtilegt og hagnýtt nám. Aðstaðan er til fyrirmyndar og flottir kennarar:)
**Íris Björg Birgisdóttir**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv

Vilja örva nýsköpun:

## Opna nýtt frumkvöðlasetur

**FÉLAGSMÁL** Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra, undirrituðu á dögunum samning um opnun og rekstur frumkvöðlaseturs. Setrið verður staðsett í húsakynnum Sjálfsbjargar að Hátúni 12 í Reykjavík.

Mun setrið vinna að því að örva nýsköpun fatlaðra og aðila sem tengjast þeim ásamt að fjölga atvinnutækifærum og skapa gott starfsumhverfi með virku stuðnings- og tengslaneti. **- þea**

Konunni er gefið að sök að hafa millifært 110 sinnum töluverðar fjárhæðir af reikningum bankans:

## Ákærð fyrir sextíu milljóna króna fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Kona, sem vann í bakvinnslu MP banka hefur verið ákærð fyrir sextíu milljóna króna fjárdrátt. Henni er meðal annars gefið að sök að hafa millifært 110 sinnum á rúmum tveimur árum töluverðar fjárhæðir af sex reikningum bankans yfir á fjóra bankareikninga móður sinnar. Frá þessu greinir RÚV.

Konan hafði aðgang að reikningum móður sinnar og nýtti fjármunina í eigin þágu.

MP banki sendi frá sér tilkynningu í mars síðastliðnum þar sem greint var frá því að starfsmanni bankans hefði verið sagt upp störfum vegna gruns um misferli. Það hefði uppgötvast við innra eftirlit og verið tilkynnt til lögreglu.

Upphæðirnar sem konan millifærði á reikninga móður sinnar eru misháar eða allt frá 135 þúsund krónum til tæplega þriggja milljóna.

Konunni er einnig gefið að sök að hafa millifært af reikningi MP banka á reikning Íbúðalánasjóðs til að greiða upp veðskuldabréf upp á rúmar fimm milljónir og á reikning Landsbankans til að greiða upp veðskuldabréf frá Lífeyrissjóði bankamanna upp á fimm og hálfa milljón.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í næstu viku. **- ngy**



**MP BANKI** Starfsmaður MP banka millifærði háar upphæðir á reikning móður sinnar.

# Þjóðverjar búast við allt að 750 þúsund flóttamönnum á þessu ári

Merkel, kanslari Þýskalands, segir Dyflinnarbókunina ekki lengur í gildi, en ráðherra í stjórn hennar segir að án Dyflinnarákvæðisins sé Schengen-samkomulagið í hættu. Flóttamannastofnun SÞ segir ósanngjarnt að Þýskaland og Svíþjóð taki við flestum flóttamönnum.

**ÞÝSKALAND** Það gengur ekki til lengdar að Þýskaland og Svíþjóð taki við miklu fleiri flóttamönnum en önnur Evrópuríki. Flóttafólkinu verður að deila niður á löndin með sanngjarnari hætti.

Þetta segir Antonio Guterres, yfirmaður Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, í viðtali við þýska dagblaðið Die Welt.

„Flestir þeirra sem koma yfir Miðjarðarhafið á bátum eru að flýja átök og ofsóknir. Öllum ríkjum Evrópu ber siðferðileg skylda til þess að bjóða þetta fólk velkomið, og ótvíræð lagaleg skylda til þess að vernda það,“ er haft eftir Guterres í Die Welt.



**ANTONIO GUTERRES**

Thomas de Maizière, innanríkisráðherra Þýskalands, skýrði frá því í gær að 650 þúsund flóttamenn leituðu hælis þar í landi á þessu ári. Hann segir vel mögulegt að fjöldinn fari upp í 750 þúsund.

Þetta er mun hærri tala en til þessa hefur verið talað um, því þar til í gær var reiknað með að um 450 þúsund flóttamenn kæmu til Þýskalands þetta árið.

Það sem af er þessu ári hafa meira en 240 þúsund flóttamenn komið yfir Miðjarðarhaf til Grikklands og Ítalíu. Margir þeirra reyna svo að komast áfram til annarra aðildarríkja ESB, flestir til Þýskalands og Svíþjóðar.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði í viðtali nú um helgina að flóttamannamálið væri stærsta verkefni sem Evrópusambandið stæði frammi fyrir um þessar mundir og í raun væri það miklu stærra mál en skuldavandi Grikkja eða staða evrunnar. Af viðbrögðum Evrópusambandsins myndi ráðast hvort aðildarríkin væru í raun fær um að standa saman.

„Hið svonefnda Dyflinnarsamkomulag er ekki lengur í gildi,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í sjónvarpsviðtali um helgina.

Þar vísar hún til þess að í raun hafi sú meginregla, að umsóknir hælisleitenda eigi að afgreiða í því aðildarríki sem þeir koma fyrst til, verið tekin úr sambandi þegar Evrópusambandsríkin samþykktu að létta að nokkru byrðunum af Grikklandi og Ítalíu, þeim löndum sem flestir flóttamenn hafa komið til, og deila ákveðnum fjölda þeirra niður á hin aðildarríkin í hlutfalli við mannfjölda og efnahagsstyrk.

Thomas de Maizière gengur síðan lengra og segir að verði þetta lagaumhverfi ekki lagfært, þá sé í raun úti um sjálft Schengensamkomulagið, sem tryggir íbúum aðildarríkjanna frjálsa för yfir innri landamæri Evrópusambandsins.

„Án Dyflinnar er ekki til lengdar hægt að hafa Schengen,“ sagði de Maiziere í viðtali við þýsku sjónvarpsstöðina ZDF.

gudsteinn@frettabladid.is



**FLÓTTAFÓLK VIÐ GRIKKLANDSSTRENDUR** Flestir flóttamannanna koma frá Sýrlandi og fara yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu eða Grikklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## DYFLINNARBÓKUNIN

Flóttamannamálið gæti orðið næsta stóra verkefnið í Evrópu þar sem við sýnum hvort við erum í raun og veru fær um að starfa saman.

„Hið svonefnda Dyflinnarsamkomulag er ekki lengur í gildi,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í sjónvarpsviðtali um helgina.

Dyflinnarsamkomulagið er sérstök bókun við Schengenlandamærasamkomulagið, sem snýst um að afgreiða eigi umsóknir hælisleitenda í því aðildarríki ESB sem þeir koma fyrst til.

Merkel vísar í ummælum sínum til þess að þessi meginregla Dyflinnarsamkomulagsins hafi í raun verið tekin úr sambandi, að hluta til í það minnsta, fyrr á þessu ári þegar Evrópusambandsríkin samþykktu að létta að nokkru byrðunum af Grikklandi og Ítalíu, þeim löndum sem flestir flóttamenn hafa komið til, og deila ákveðnum fjölda þeirra niður á hin aðildarríkin í hlutfalli við mannfjölda og efnahagsstyrk.

Thomas de Maizière, innanríkisráðherra Þýskalands, gengur síðan lengra og segir að verði þetta lagaumhverfi ekki lagfært, þá sé í raun úti um sjálft Schengen-samkomulagið, sem tryggir íbúum aðildarríkjanna frjálsa för yfir innri landamæri Evrópusambandsins.

„Án Dyflinnar er ekki til lengdar hægt að hafa Schengen,“ sagði de Maizière í viðtali við þýsku sjónvarpsstöðina ZDF.



www.peugeot.is

## PEUGEOT 308SW

# SPARNEYTIÐ LJÓN Á VEGINUM

$CO_2$ 85g - ELDSNEYTISEYÐSLA 3,2L/100km*

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2015 BÍLABLAÐAMANNA



## PEUGEOT 308SW

kostar frá kr. **3.595.000**

**PEUGEOT 308SW ACTIVE, sjálfskiptur**
bensín, 130 hestöfl, kostar **kr. 4.150.000**

NÚ FÁANLEGUR MEÐ **5 ÁRA ÁBYRGÐ***



PureTech Prófaðu nýja PureTech bensín túrbó vél og upplifðu gjörbreytta akstureiginleika. 1.2l Turbo, 130 hestafla vélin var nýverið valin Engine of the Year 2015**. Fáanleg bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu.



BLUE HDi Nýju BlueHDi dísilvélar Peugeot bjóða upp á allt það besta sem er í boði í hágæða, eyðslugrönnum dísilvélum. Með $CO_2$ útblástur frá 85g, 120 hestöfl og 3,2L/100km meðaleyðslu. Fáanleg bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu.

**Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

* Peugeot 308SW er með $CO_2$ útblástur frá 85g og eldsneytiseyðslu frá 3,2L/100km miðað við blandaðan akstur. **Engine of the Year Awards

Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og $CO_2$ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fáanlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland




**PÚTÍN KAFAR** Vladimír Pútín Rússlandsforseti fór í litlum kafbát niður að fornu skipsflaki við strendur Krímskaga, sem Rússar innlimuðu á síðasta ári. NORDICPHOTOS/AFP

## HEIMURINN







**HEIMILISLAUS Í NÝJU-DELÍ** Þessi heimilislausa kona lá sofandi á gangstétt í Nýju-Delí á Indlandi. Ekki er vitað hve margir eru heimilislausir þar í borg, en þeir skipta líklega hundruðum þúsunda. NORDICPHOTOS/AFP




**FLÓÐ Í NEPAL** Porpsbúar í Sindhupalchwok-héraði flytja geitur sínar yfir ána Sindhu, sem um þessar mundir er í miklum vexti vegna flóða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**PÍLAGRÍMAR Í PÓLLANDI** Á Grabarka-hæð í Póllandi féllu pílagrímar rétttrúnaðarkirkjunnar á kné, en þangað leggja trúaðir víðs vegar að úr austanverðri Evrópu leið sína ár hvert til að minnast ummyndunar Krists á fjallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**MYNDATAKA Í BERLÍN** Þegar viðhaldsvinnu við styttuna ofan á Brandenborgarhliðinu í Berlín lauk í gær brá starfsfólkið á leik og smellti af nokkrum myndum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

MB SL 55AMG Carlson til sölu

- Innfluttur af Ræsi í okt. 2003
- Einn eigandi
- Breyttur af Carlson
- 580 HP
- 880 Torque N/M
- Ekinn 37.000
- CD
- Loftkæling
- Lyklalalaust aðgengi
- GSM sími tengdur audio kerfi „Hand free"
- Ný dekk
- 20" Carlson felgur
- Regn skynjari
- Xenon ljós
- Niðurfellanlegt þak
- Hiti og kæling í sætum
- Þessi bíll er með öllum mögulegum aukahlutum þó ekki Navi





Einstakt eintak af SL bíl
Verð 8.990.000 engin skipti!
Ekinn 37.000 km
Upplýsingar í síma 660 6470



F&F
SCHOOLWEAR
Kringlunni, Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Akureyri

# SKOÐUN

## Tónlistartjón

Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytið rífast nú á síðum blaðanna um ábyrgð á slæmri stöðu tónlistarskóla í borginni. Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að fjórir tónlistarskólar gætu ekki fjármagnað starfsemi sína og yrði ekkert að gert myndu þeir ekki geta haldið starfseminni áfram. Forsaga málsins er sú að sumarið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nokkuð hundruð milljóna króna fjárframlag ríkissjóðs til tónlistarmenntunar á framhaldsstigi.



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Þórunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík, sagði fjárhæðina hafa átt að ganga upp í kennslukostnað allra framhaldsstigsnemenda á landinu. Fjöldinn hafi aukist og ekkert tillit sé tekið til launahækkana í kjarasamningum. Töluvert vantar því upp á að fjárhæðin dugi og ágreiningur er uppi um hverjum beri að greiða það sem upp á vantar.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs og staðgengill borgarstjóra, sagði í Fréttablaðinu í gær að borgin klagaði þennan vanda upp á ríkið, en málið væri snúið. Samkomulag hafi verið gert við ríkið í vor um að setja inn peninga til að leysa bráðavandann, en með aðkomu ríkisins. Þeir peningar hafi ekki borist. Björn segir borgina munu standa við sinn hluta ef ríkið geri slíkt hið sama.

Í blaðinu í dag er rætt við Illuga Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sem skellir skuldinni á móti á borgina. Í yfirlýsingu sem ráðuneytið sendi frá sér vegna málsins í gær kemur fram að framlag ríkisins til tónlistarskóla nægi fyrir 65% af kostnaði við kennslu nemenda og sá vandi sem blasi við þessum tónlistarskólum í Reykjavík stafi af því að borgin, eitt sveitarfélaga, hefur ekki viljað greiða skólunum það sem upp á vantar. Samkomulagið frá 2011 breyti ekki ábyrgð sveitarfélaga á rekstri tónlistarskóla og leysi þá ekki undan þeirri skyldu að veita þeim fjárhagslegan stuðning. „Svo virðist sem Reykjavíkurborg, eitt sveitarfélaga í landinu, hafi annan skilning á ákvæðum laganna en ríkið, þ.e. að fyrrgreint samkomulag leysi hana undan skyldum gagnvart nemendum í framhaldsnámi í tónlist. Það gengur þvert á skilning þáverandi og núverandi mennta- og menningarmálaráðherra, og annarra sveitarfélaga, á eðli samkomulagsins,“ segir í yfirlýsingunni. Borgin er sögð gera þá kröfu að ríkið greiði kostnað við kennslu nemenda á framhaldsstigi að fullu.

Það er ljóst að formaður borgarráðs hefur rétt fyrir sér þegar hann segir að málið sé snúið. Einhvers staðar í þessu máli liggur misskilningur eða ágreiningur milli borgarinnar og ráðuneytisins og ekki allsendis ljóst hvor veldur. Á meðan berjast fjórir tónlistarskólar, hver og einn með tugi nemenda innan sinna raða, í bökkum. Barátta þessara skóla gengur svo illa að þeir sjá vart fyrir sér að lifa af. Hvort heldur sem borgin eða ráðuneytið veldur er ljóst að svona vinnubrögð hjá stjórnvöldum eru ólíðandi. Enginn rekstur getur lifað af sem á sífellt von á fjármunum sem síðan aldrei berast.

Tónlistarskólastjórnendur í Reykjavík telja að sveitarfélagið beri ábyrgð á rekstrinum og stuðningur ríkisins við nám lengra kominna breyti engu þar um. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem túlkar lögin með þeim hætti sem það gerir og þannig ljóst að önnur sveitarfélög hafa ekki séð ástæðu til að halda fjármunum frá tónlistarskólum þegar 65 prósenta stuðningi ráðuneytisins sleppir. Þá er ágætt að rifja upp að margur sér aðeins flísina í auga náungans en ekki bjálkann í sínu eigin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



LEVANTO
hægindastóll
MARGIR
LITIR
Í LEÐRI OG ÁKLÆÐI
VERÐ FRÁ KR.
79.990*
*ÁN SKEMILS
HÚSGAGNAHÖLLIN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þýðing þýðinga**

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins er mikilvæg stofnun. Erfitt er fyrir Íslendinga að fara fram á að aðrar þjóðir skilji íslensku og ekki er hægt að krefjast þess að allir Íslendingar séu fullfærir í þeim tungumálum sem þarf til að skilja skjöl sem Ísland varða. Þýðingar eru því æ mikilvægari grein í síaukinu alþjóðasamstarfi. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra greip þó til þess ráðs að skerða framlög til þýðingamiðstöðvarinnar um nokkur hundruð milljónir, ekki síst með þeim rökum að ekki væri þörf á öllum þessum starfsmönnum til að þýða nú þegar Ísland hygði ekki lengur á aðild að Evrópusambandinu.



**Óþýddar ræður**

Í ljósi þessarar forsögu er kaldhæðnislegt að skoða lista yfir ræður Gunnars Braga sem hann hefur haldið út um allar koppagrundir. Ráðherra utanríkismála er að sjálfsögðu á faraldsfæti og þarf oft og tíðum að halda ræður á öðru máli en hinu ástkæra ylhýra. Engu að síður þurfa Íslendingar, í hvers umboði ráðherra starfar, að geta fylgst með störfum hans. Til þess þarf hins vegar nokkuð góða þekkingu í stjórnsýsluensku, þar sem mýgrútur ræðanna hefur ekki enn verið þýddur.

**Hinn utanríkisráðherrann**

Í gær bárust fregnir af því að Ólafur Ragnar Grímsson forseti hefði setið fund með sendiherra Rússlands „um stöðuna í viðskiptum landanna og mikilvægi þess að tryggja framhald farsælla viðskipta sem í áratugi hafi verið báðum þjóðunum til hagsbóta“. Þar voru meðal annars ræddar „leiðir sem gætu skref fyrir skref leitt til lausnar í ljósi þess að í báðum löndunum væri ríkur vilji til að varðveita langvarandi og gagnkvæma viðskiptahagsmuni þrátt fyrir tímabundinn ágreining um önnur mál“.



Þetta er áhugavert. Nú hefur Gunnar Bragi verið býsna skýr í því að hann vilji ekki hvika í afstöðu sinni gagnvart Rússum. Á sama tíma situr forsetinn fundi þar sem leiðir til lausna eru ræddar. Ólafur Ragnar vill þó ekki tjá sig um í hverju þær eru fólgnar.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Tjón á tónlistarlífi

MENNTAMÁL



**Halldór Halldórsson**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Enn og aftur heyrum við af vandræðum tónlistarskólanna í Reykjavík. Þrautaganga þeirra er orðin löng og því miður leysti samningur sveitarfélaganna og ríkisins ekki úr henni vegna þess hvernig meirihlutinn í Reykjavíkurborg túlkar þann samning. Ekki skal dregið úr því að samningurinn tók ekki nægilega á breytingum á nemendafjölda og slíku. Þetta var ekki nógu góður samningur en hann var engu að síður mjög til bóta. En það var ekki samið um að ríkið tæki við tónlistarnámi á framhaldsstigi heldur kæmi það með stuðning. Enda virðist eina sveitarfélagið sem túlkar það þannig vera Reykjavíkurborg.

Um þetta alvarlega mál höfum við borgarfulltrúar fjallað oft í borgarráði og borgarstjórn og höfum við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins haft í forgrunni hagsmuni tónlistarfólks, tónlistarnema og tónlistarskólanna. Vegna alvarleika málsins í desember á síðasta ári lögðum við fram harðorða bókun í borgarstjórn.

Í bókun okkar sagði m.a. þetta: „Gjaldþrot blasir við tónlistarskólum í Reykjavíkurborg. Á undanförnum misserum hafa nemendur og starfsfólk þeirra tónlistarskóla sem hafa verið máttarstólpar íslensks tónlistarlífs búið við algjöra óvissu og mátt þola það að vita ekki hvort kennslu verði haldið áfram frá mánuði til mánaðar. Andvaraleysi meirihluta borgarstjórnar þegar kemur að tónlistarmenntun kemur fram í því að tónlistarskólum er búið rekstrarumhverfi sem er algjörlega óraunhæft. Meirihluti borgarstjórnar hefur frá árinu 2011 gert tónlistarskólana að bitbeini í hörðum deilum við ríkið um það hvort ríki eða borg eigi að bera kostnað af framhaldsstigi tónlistarmenntunar. Slík framganga er algjörlega óábyrg. Orðalag samkomulags um eflingu tónlistarnáms sem undirritað var í maí 2011 gefur ekki tilefni til þeirrar túlkunar sem meirihluti borgarstjórnar hefur kosið að halda fram. Samkomulagið fjallar ekki um yfirtöku ríkisins á framlagi til framhaldsmenntunar í hljóðfæranámi og mið- og framhaldsstigi í söng heldur samþykkir ríkið aðkomu að kennslukostnaði og það orðalag er ekki hægt að túlka sem yfirtöku á öllum fjárframlögum til framhaldsstigsins.“

Og enn standa skólarnir og hið öfluga menningarlíf sem þeir skapa frammi fyrir algjörri óvissu vegna andvaraleysis eða miklu frekar áhugaleysis meirihluta borgarstjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kynjamyndir kynjaumræðu

KVIKMYNDAGERÐ



**Kristín A. Atladóttir**
framleiðandi

Umræðan um kynjahalla í íslenskri kvikmyndagerð tekur á sig fjölmargar myndir.

Nýverið birtist grein í Stundinni undir yfirskriftinni „Hlutfall styrkja til kvenkyns kvikmyndagerðarmanna virðist vera réttlátt“. Röksemdirnar sem greinarhöfundur byggir niðurstöðu sína á felast nær eingöngu í þeirri fullyrðingu, sem hugsanlega er staðreynd líka, að kvenkyns kvikmyndagerðarmenn séu einungis 23% af stéttinni. Að úthlutunarhlutfallið endurspegli það. Greinarhöfundur vísar í dagblaðsviðtal sem heimild fyrir tölunum en í því viðtali kemur þó ekki fram hvaðan þær eru fengnar né hvaða skilgreiningar liggja að baki.

Fjöldi fólks vinnur að kvikmyndagerð. Í kvikmynd í fullri lengd má gera ráð fyrir að um eða yfir 100 manns með u.þ.b. 40-50 starfsheiti komi að framleiðslunni. Það eru hins vegar einungis 3–5 einstaklingar á 3 starfssviðum (starfsheitum) að meðaltali sem sækja um styrki til þróunar og framleiðslu. Það er vandkvæðum bundið að koma auga á með hvaða hætti fjöldi og kyn rafvirkja, smiða, hljóðmanna, búningahönnuða, saumakvenna, tökumanna, framleiðslustjóra o.s.frv. hefur með úthlutanir úr Kvikmyndasjóði að gera. Að draga þá ályktun að hlutfall styrkja til kvenkyns kvikmyndagerðarmanna sé réttlátt því hlutfall umsókna/úthlutana sé upp á sömu tölu og hlutfall kvenna sem starfar við kvikmyndagerð almennt er nokkuð sérkennilegt.

Því miður er svipað uppi á teningnum með tölulegar upplýsingar sem Kvikmyndamiðstöð sendi frá sér nýlega. Þar ægir öllu saman og ekki er gerður greinarmunur á eðli verkefna og því að þau hafa mismikið vægi. Niðurstaðan virðist vera nokkuð hátt hlutfall úthlutana til kvenna í allsherjarúttekt án tillits til vægis en ósamræmið verður hrópandi þegar horft er til þess að þrátt fyrir þetta háa hlutfall renna yfir 85% fjármagnsins til verkefna karla. Að auki kemur í ljós misvægi á milli kynja þegar skoðaður er flutningur á styrkjum af handritsstigi yfir á framleiðslustig. Tölurnar frá Kvikmyndamiðstöð ná yfir árin 2013 og 2014 en skýra ekki hvers vegna nú stendur yfir lengsta samfellda tímabil kvenkynsleikstjóralausrar frumsýningar frá upphafi né það að kvikmyndum kvenkynsleikstjóra hefur hlutfallslega fækkað umtalsvert frá því sem var fyrir aldamót.

Og nú stendur fyrir dyrum málþing um kynjakvóta. Slík umræða styður þá viðleitni að vekja athygli á stöðu sem flestum, konum og körlum, þykir óásættanleg. Vandinn er þó að enn liggja ekki fyrir upplýsingar sem staðfesta að staðan sé sú sem hún sýnist vera. Það hlýtur að vera skilyrði fyrir úrbótum að aðgerðir miði að því að uppræta orsakir um leið og unnið er á birtingarmyndum vandans. Ef raunveruleg staða og orsök er ekki þekkt er útilokað að vita hvaða aðgerðir eru vænlegar til árangurs.

Það er ekki flókið að komast að óumdeilanlegum niðurstöðum í tölfræði kvikmyndastyrkja á Íslandi, niðurstöðum þar sem forsendur eru ljósar sem og hvaða spurningum er verið að svara. Tilgangslaust er að fleygja ófullnægjandi og misvísandi tölum á milli sín og hártoga um málefni þar sem sýnileg niðurstaða liggur fyrir, en eðli og orsakir eru ókunnar.

Stjórnvöld veita umtalsvert almannafé til kvikmyndagerðar vegna þess efnahags- og menningarlega ávinnings sem af hlýst og sem skilar sér með einum og öðrum hætti, beinum og óbeinum, aftur til skattgreiðenda. Tryggja verður að vel sé farið með féð og að tilgangi og markmiðum sé fylgt. Slíkt er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis í þessu tilfelli. Það er þess að standa fyrir stefnumótun, tryggja árangursríka úrvinnslu og að fylgjast með skilvirkni og árangri. Sem og að framfylgja jafnréttisstefnu stjórnvalda.

**➜ Og nú stendur fyrir dyrum málþing um kynjakvóta. Slík umræða styður þá viðleitni að vekja athygli á stöðu sem flestum, konum og körlum, þykir óásættanleg. Vandinn er þó að enn liggja ekki fyrir upplýsingar sem staðfesta að staðan sé sú sem hún sýnist vera.**



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Fimmtudaginn 20. ágúst
kl. 17:30 í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

Heilsulausnir – léttara líf hefst 31. ágúst.

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 6:20,12:00 eða 19:30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

# Þarf flugsæti fyrir sellóið

**Úthlutað var úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen barnalæknis í gær í tíunda sinn. Steiney Sigurðardóttir sellóleikari var annar verðlaunahafa.**

Steiney Sigurðardóttir er að æfa á sellóið þegar ég hringi. Hún segir lífið ganga mikið út á það. En hún uppsker eins og hún sáir því hún tók við verðlaunum úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen barnalæknis í Salnum í gær, vegna frábærs námsárangurs. Hún var bara fimm ára þegar hún byrjaði í Suzukiskólanum. „Ég var mjög óþolinmóð og fannst ómögulegt að mega bara halda á boganum og máta mig við sellóið í fyrsta tíma og fá ekkert að spila,“ minnist Steiney sem útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík síðastliðið vor og er að flytja til Þýskalands að halda áfram sínu námi. „Ég ætla í einkatíma hjá góðum kennurum, skoða skóla, kynnast fólki, læra þýsku og reyna að koma mér eitthvað áfram í þessum heimi,“ segir hún.

Hún kveðst einmitt hafa verið nýlent í Þýskalandi í sumar að kynna sér aðstæður þegar hún fékk símtal og frétti að hún fengi námsstyrk úr sjóði Halldórs Hansen barnalæknis. „Það er ómetanlegt að fá svona stuðning við að gera það sem mann langar að gera,“ segir hún.

Steiney er dóttir Ólafíu Ásu Jóhannesdóttur hjúkrunarfræðings og Sigurðar Garðars Kristinssonar jarðfræðings og málarameistara. Hún segir alla fá tónlistaruppeldi í stórfjölskyldunni og spila og syngja þó hún sé sú eina sem ætli að leggja fyrir sig hljóðfæraleik.

Steiney ætlar með sellóið sitt til Þýskalands og þarf því að kaupa flugmiða á tvöföldu verði. „Ég panta alltaf sæti fyrir sellóið, treysti varla öðrum í fjölskyldunni til að halda á því, hvað þá einhverjum ókunnugum,“ segir hún.“

Auk Steineyjar hlaut Davíð Ólafsson barítón styrk úr styrktarsjóði Halldórs Hansen þetta árið, hann lauk prófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Einnig styrkti sjóðurinn rannsóknarverkefni um tónlist Jóns Nordal.

gun@frettabladid.is




**VERÐLAUNAHAFI** „Það er ómetanlegt að fá svona stuðning við að gera það sem mann langar að gera,“ segir Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---



†

Við þökkum auðsýnda samúð við fráfall

**HRAFNS TULINIUS**
**prófessors og yfirlæknis.**

**Helga Brynjólfsdóttir Tulinius**
**og fjölskylda.**

---



†

Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**SIGURÐAR INGVARSSONAR**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki skilunardeildar og deildar 13E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Kirsten Friðriksdóttir**
**Sigrún Alba Sigurðardóttir   Björn Þorsteinsson**
**Örn Valdimarsson   Aðalheiður Ósk Guðbjörnsdóttir**
**Snædís, Matthildur og Lena Charlotta**
**Guðbjörn, Ársól, Friðrik Kári og Daníel Örn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**ÍSAK SIGURGEIRSSON**
**Dalalandi 10, Reykjavík,**

lést miðvikudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 24. ágúst kl. 13.

**Ragnheiður Árnadóttir**
**Árni Ísaksson   Ásta Guðrún Sigurðardóttir**
**Jón Ísaksson   Guðrún Jóhannesdóttir**
**Bryndís Ísaksdóttir   Jón Torfi Jónasson**
**Ragnheiður Ísaksdóttir   Róbert A. Darling**

---



†

Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

**EINAR BERGMANN GUÐJÓNSSON**
**rafeindavirki,**

sem varð bráðkvaddur í Taílandi þann 16. júlí sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 21. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransa afþökkum við vinsamlega en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp og Minningarsjóð Örvars Arnarsonar (reikn. 526-14-403800, kt. 660614-0360).

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**

**Sigrún Einarsdóttir   Ragnar Birkir Björnsson**
**Gunnar Smári Einarsson   Cassie Chong**
**Kjartan Örn Einarsson   Hulda Hlín Magnúsdóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RÚNAR GUÐMUNDSSON**
**fv. aðalvarðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi fimmtudaginn 13. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Þórunn Einarsdóttir**
**Hulda Rúnarsdóttir   Eiður Jónsson**
**Guðmundur Rúnarsson   Aðalheiður Oddsdóttir**
**Hrefna Rúnarsdóttir**
**Einar Rúnarsson   Andrea Gylfadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**TRAUSTI RÚNAR TRAUSTASON**

lést á heimili sínu 11.08. 2015. Útför verður auglýst síðar. Þeir sem vilja minnast hans geta lagt inn á styrktarsjóð barna hans á bankareikning 323-13-110541, kt. 271188-2269.

**Jón Skúli Traustason**
**Ragna Aðalbjörg Bergmann**
**Ingi Hrafn Traustason**
**Lóa Rut Traustadóttir**
**Rannveig Traustadóttir**
**Aðalbjörg Traustadóttir**
**Ingi Hrafn Traustason**
**Ingvar Breki Skúlason**
**Stefán Páll Benediktsson**

---



†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA SIGURLAUG BALDVINSDÓTTIR**

lést á dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 17. ágúst sl. Útför auglýst síðar.

**Ásgeir Valdemarsson**
**Baldvin Valdemarsson   Magnea Steingrímsdóttir**
**Soffía Valdemarsdóttir   Eyþór Gunnþórsson**
**Páll Helgi Valdemarsson   Bjarnfríður Jónudóttir**
**Björn Valdemarsson   Berglind Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur sonur, unnusti, faðir og bróðir,

**VIKTOR MÁR AXELSSON**
**Holtsgötu 27, Sandgerði,**

lést miðvikudaginn 12. ágúst síðastliðinn. Útför fer fram í Safnaðarheimilinu í Sandgerði föstudaginn 21. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning dóttur hans, 0114-15- 382281, kt. 150989- 2999.

**Axel Hilmarsson   Sína Magnúsdóttir**
**Íris Elva Elíasdóttir**
**Natalie Tara Viktorsdóttir**
**Andri Snær Axelsson   Helga Rut Guðmundsdóttir**
**Kristófer Máni Axelsson**

---



†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSGEIR MÁR VALDIMARSSON**
**Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 15. ágúst. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 21. ágúst kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kiwanisklúbbinn Geysi, kt. 650388-2169, 549-14-100662.

**Elsa Friðriksdóttir**
**Ingunn Ásgeirsdóttir   Guðmundur Rúnar**
**Þórunn E. Ásgeirsdóttir   Arnór Ingólfsson**
**Örn Frosti Ásgeirsson   Friðdóra Kristinsdóttir**
**Steinunn Þorleifsdóttir   Björn Markús Þórsson**
**Óðinn Ásgeirsson   Jóhanna D. Stefánsdóttir**
**Elísabet Ásgeirsdóttir**
**Elín Ósk Ásgeirsdóttir   Eiríkur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og amma,

**SIGRÍÐUR ÁGÚSTA ÞÓRARINSDÓTTIR**

sem lést á kvennadeild Landspítalans miðvikudaginn 12. ágúst sl. verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 22. ágúst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbavörn Vestmannaeyja.

**Hilmar Jón Stefánsson**
**Þórarinn Ágúst Jónsson**
**Sólveig Jónsdóttir**
**Hulda Sigríður Hilmarsdóttir**
**Rut Hilmarsdóttir**
**Birna Hlín Hilmarsdóttir**

---



†

Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og vinur,

**GÍSLI BIRGIR JÓNSSON**
**Móholti 8, Stykkishólmi,**

lést sunnudaginn 16. ágúst. Útför hans fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 22. ágúst og hefst kl. 14.

**Hólmfríður Gísladóttir**
**Katrín Gísladóttir   Pétur Kristinsson**
**Birgir Pétursson**
**Kristinn Magnús Pétursson**
**Sveinlaug Salóme Valtýsdóttir**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN SIGURLAUG SIGFÚSDÓTTIR**
**Laufskógum 31, Hveragerði,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 15. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Seljakirkju fimmtudaginn 20. ágúst og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Yngvar Sigurðsson**
**Sævar Sigurðsson   Fay Robina Castel**
**Sigmar Sigurðsson   Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. ágúst 2015 | 32. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## VÖXTUR Í SKUGGA SKATTSVIKA

→ Svört atvinnustarfsemi hefur aukist í ferðaþjónustu undanfarin ár um leið og geirinn hefur blásið út.

→ Framkvæmdastjóri SA segir skattsvik skekkja samkeppni og að eðlilegt sé að auka eftirlit í greininni.

→ Stjórnvöld virðist skorta vilja til að taka á málum, segir aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

SÍÐA 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sjálfboðaliðar vilja sækja landið heim



Hafna hefur þurft umsóknum 400 manns um sjálfboðavinnu hér á landi hjá íslensku sjálfboðaliðasamtökunum Seeds. Árlega taka samtökin á móti yfir tólf hundruð sjálfboðaliðum. Framkvæmdastjóri samtakanna segir eftirspurnina gríðarlega.

SÍÐA 2

## Olíuverð ekki lægra í sex ár

Verð á Brent-hráolíu hefur ekki verið lægra frá árinu 2009. Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum, býst við að olíuverð haldist lágt næsta árið, þótt til lengri tíma sé ljóst að olíuverð komi til með að hækka á ný. Meðal skýringa á lækkun nú er kólnun í kínverska hagkerfinu og aukin olíuframleiðsla í Bandaríkjunum.

SÍÐA 4

## Forgjöfin hækkar vegna anna



„Þegar betur árar er viðbúið að það verði meira um að vera í bankakerfinu," segir Lárus L. Blöndal, lögmaður og nýskipaður stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins. Hann er tekinn tali í svipmynd blaðsins og upplýsir að miklar annir hafi komið niður á iðkun tómstunda. Til að mynda hafi hækkað hjá honum forgjöfin í golfinu.

SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Allir þekkja svo framhald sögunnar. Apple og tæki sem nota Android-stýrikerfið eru í dag nánast einráð á snjallsímamarkaði. Blackberry berst á meðan fyrir tilveru sinni.**

→ SÍÐA 12



# Sjálfskapaður vítahringur Seðlabankans

Skjóðan

**Í DAG** birtir Seðlabankinn vaxtaákvörðun. Greiningardeildir bankanna búast við 50 punkta hækkun og Seðlabankinn hefur sjálfur lofað/hótað bröttu vaxtahækkunarferli í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru í vor.

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** hefur varað Seðlabankann við því að hækka vexti um of og beint því til bankans að hann taki tillit til vaxtastigs í okkar nágranna- og viðskiptalöndum við vaxtaákvarðanir. Seðlabankinn ætti að íhuga orð ráðherrans vandlega.



**ÞAÐ ER** staðreynd að Seðlabanki Íslands hefur haldið vöxtum hér á landi margföldum á við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar allt frá hruni. Raunar var svimandi hávaxtastefna einnig rekin hér fyrir hrun með skelfilegum afleiðingum. Íslenskir ofurvextir drógu hingað áhættusækna spákaupmenn sem stunduðu svonefnd vaxtamunarviðskipti (e. carry-trade), sem felast í því að peningar eru teknir að láni í lágvaxtamynt og fjárfestir í hávaxtamynt.

**NÚ MUNU** vaxtamunarspákaupmenn vera mættir á svæðið á nýjan leik. Seðlabankinn hefur fagnað því sem bendir til að þar á bæ þjáist menn af því, sem kennt hefur verið við gullfiskaminni.

**EIN ÁSTÆÐA** þess að Seðlabanki Íslands hefur rekið hávaxtastefnu í gegnum alvarlegustu fjármálakreppu sem Ísland hefur gengið í gegnum á lýðveldistímanum er að vextir Seðlabankans hafa einungis áhrif á hluta peningakerfisins. Seðlabankavextir hafa lítil sem engin áhrif á kostnað við verðtryggðar lánaskuldbindingar til skemmri tíma og raunar mjög takmörkuð áhrif til lengri tíma.

**ÞAR SEM** vaxtaákvarðanir Seðlabankans hafa einungis áhrif á hluta peningakerfisins, eða þann óverðtryggða, telur bankinn sig þurfa að halda vöxtum hærri en ella og breyta þeim í stærri stökkum en tíðkast í öðrum löndum, sem ekki menga sitt peningakerfi með verðtryggðum lánum til heimila og fyrirtækja.

**AKKILESARHÆLL** þessarar peningastefnu Seðlabankans er að þegar vöxtum er haldið svimandi háum á óverðtryggðum lánaskuldbindingum ýtir peningastefnan heimilum og fyrirtækjum í lántökur í verðtryggðri krónu, sem aftur dregur úr áhrifum vaxtaákvarðana Seðlabankans.

**ÞANNIG HEFUR** hávaxtastefna Seðlabankans leitt bankann og hagkerfið inn í sjálfskapaðan vítahring ofurvaxta, sem grefur undan samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Fjármagnskostnaður íslenskra fyrirtækja er margfalt hærri en fyrirtækja í nágrannalöndum. Hár vaxtakostnaður heimila í landinu veldur því að húsnæðiskostnaður íslensks almennings er miklum mun hærri en þekkist meðal annarra þjóða. Þessi mikli kostnaður kallar á hærri laun en ella, sem aftur eykur kostnað fyrirtækja og dregur úr samkeppnishæfni þeirra. Verðtrygging og hávaxtastefna eykur verðbólguþrýsting í hagkerfinu.

**ATVINNULÍFIÐ** og heimilin í landinu gætu ekki fengið betri fréttir í dag en að Seðlabankinn gefi til kynna að hann geri sér grein fyrir því hverjar raunverulegar afleiðingar hávaxtastefnu hans eru og hann muni bæta ráð sitt.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**7** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**0** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI**
145,2% frá áramótum

**NÝHERJI**
7,2% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM**
-21,1% frá áramótum

**TM**
-1,7% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 25,0% | 4,8% |
| Eik fasteignafélag* | 6,95 | 2,2% | 0,7% |
| Eimskipafélag Íslands | 239,00 | 0,8% | 2,6% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 40,05 | 20,1% | 4,9% |
| Hagar | 39,00 | -3,6% | 5,1% |
| HB Grandi | 39,40 | 16,6% | -0,8% |
| Icelandair Group | 26,65 | 24,5% | 1,5% |
| Marel | 199,00 | 44,2% | 1,5% |
| N1 | 42,80 | 84,5% | 2,0% |
| Nýherji | 12,70 | 145,2% | 7,2% |
| Reginn | 15,60 | 15,1% | -1,0% |
| Reitir* | 70,70 | 11,3% | 1,6% |
| Sjóvá | 11,70 | -2,1% | -0,5% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,75 | -21,1% | -1,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,48 | -6,3% | -1,3% |
| Össur | 499,00 | 38,2% | -1,0% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.561,92 | 19,1% | 1,7% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 27,30 | 20,8% | -4,9% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).



**HREINSA FJÖRUNA** Sjálfboðaliðar Seeds hreinsa brak og rusl við fjöruborðið í Patreksfirði. MYND/SEEDS

# Aukinn áhugi sjálfboðaliða á Íslandi

***Framkvæmdastjóri Seeds segir áhuga á sjálfboðastarfi á Íslandi hafa aukist. Þegar hafi þurft að hafna umsóknum 400 manns um sjálfboðavinnu hér á landi en samtökin taka árlega á móti yfir 1.200 manns.***

„Það er gríðarleg eftirspurn. Við þurfum því miður að hafna mörgum sem vilja koma til Íslands en við finnum ekki verkefni fyrir þau,“ segir Oscar Uscategui, framkvæmdastjóri íslensku sjálfboðaliðasamtakanna Seeds, um aukinn áhuga á sjálfboðaliðastarfi hér á landi. „Bara á þessu ári höfum við þurft að hafna 400 umsóknum,“ segir Oscar. Árlega komi á milli 1.200 og 1.400 sjálfboðaliðar til landsins til að vinna í sjálfboðastarfi á vegum Seeds sem séu þau samtök sem taki á móti flestum sjálfboðaliðum. Oscar segir helsta flöskuhálsinn á vexti samtakanna að ekki hafi tekist að finna næg verkefni fyrir alla sem hafa áhuga á að koma til landsins. „Ísland er lítið land og því hefur okkur ekki tekist að finna verkefni fyrir alla,“ segir hann.



**OSCAR USCATEGUI**

Oscar segir aukinn áhuga á sjálfboðastarfi nátengdan auknum áhuga á Íslandi sem áfangastað. Bankahrunið og gosið í Eyjafjallajökli hafi komið Íslandi í heimsfréttirnar. Þá hafi auglýsingaherferðir á borð við Inspired by Iceland og aukinn fjöldi lággjaldaflugfélaga sem bjóði ferðir til Íslands bæði aukið áhuga á Íslandi og gert landið aðgengilegra fyrir ungt fólk. „Þetta er önnur tegund af ferðamennsku. Sjálfboðaliðarnir vilja sjá aðra hlið á Íslandi,“ segir Oscar.

Flestir sjálfboðaliðanna eru háskólanemar á þrítugsaldri sem koma til Íslands í sumarfríi að sögn Oscars. Algengt sé að sjálfboðaliðarnir vinni í tvær vikur og haldi svo áfram á ferðalögum um landið. Þá séu einhverjir sem vinni 4 til 12 mánuði í sjálfboðavinnu. Oscar segir 140 hópa hafa verið að störfum á vegum Seeds víðs vegar um Ísland. Verkefnin séu afar fjölbreytt. Þeir hafi unnið við skógrækt, hreinsun strandlengjunnar, við lagningu göngustíga og fleiri umhverfistengd verkefni. Þá hafi sjálfboðaliðar unnið á bæjarhátíðum og íþróttamótum á borð við Rey Cup. Öllum hópum fylgi hópstjóri frá Seeds.

> **Það er gríðaleg eftirspurn. Við þurfum því miður að hafna mörgum sem vilja koma til Íslands en við finnum ekki verkefni fyrir þau.**
>
> *Oscar Uscategui, framkvæmdastjóri Seeds.*

Oscar segir sjálfboðaliðana koma frá um 60 mismunandi löndum, flestir komi frá Evrópu en einnig stórir hópar frá Bandaríkjunum, Kanada og Austur-Asíu.

Oscar segir Seeds vera frjáls félagasamtök sem ekki séu rekin í hagnaðarskyni. Samtökin fái engar tekjur af verkefnunum sem þau bjóði upp á en sjálfboðaliðarnir greiði þátttökugjald, sem sé frá 80 evrum eða tæplega 12 þúsund krónum.

ingvar@frettabladid.is

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 20. ÁGÚST**
**Landsbankinn birtir eftir lokun markaða tölur um afkomu á fyrri helmingi ársins.**

**FÖSTUDAGUR 21. ÁGÚST**
**Hagstofan – Vísitala byggingarkostnaðar fyrir september 2015 og vísitala kaupmáttar launa í júlí 2015, auk mánaðarlegrar launavísitölu í júlí og vísitölu lífeyrisskuldbindinga í sama mánuði.**
**HS veitur og FÍ fasteignafélag birta árshlutauppgjör vegna fyrri helmings ársins.**

**MÁNUDAGUR 24. ÁGÚST**
**Tryggingamiðstöðin birtir árshlutauppgjör.**

**ÞRIÐJUDAGUR 25. ÁGÚST**
**Þjóðskrá – tölur birtar um viðskipti með atvinnuhúsnæði í júlí.**
**TM, Lánasjóður sveitarfélaga og Reginn birta árshlutauppgjör.**

**MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST**
**Þjóðskrá – tölur birtar um fjölda útgefinna vegabréfa.**
**Hagstofan – vinnumarkaður í júlí 2015.**
**Árshlutauppgjör – HB Grandi, N1 og Nýherji birta uppgjör.**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# 5. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

## NÝJASTI OG HRAÐASTI ÖRGJÖRVINN · STÓRAUKIN RAFHLÖÐUENDING



INTEL i5
5. KYNSLÓÐ

BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á
TOSHIBA
FYRIR AÐEINS 4.995,-

TOSHIBA
3 ÁRA ÁBYRGÐ
TOSHIBA

109.995

## FIMM STJÖRNU INTEL i5

TOS-L50B2E4

Nýjasta kynslóð af i5 örgjörvanum sem gerir hana mjög spræka í vinnslu. Nýjasti HD5500 skjákjarninn og kröftug grafíkvinnsla. Fallega gyllt og glæsileg í útliti.

INTEL i5 5. KYNSLÓÐ · 4GB VINNSLUMINNI · HD5500 GRAFÍKKJARNI · 15,6" SKJÁR



INTEL i5
5. KYNSLÓÐ

159.995

TOSHIBA

## INTEL i5, SSD OG RADEON R7

TOS-L50B2FV

Frábærlega samsett 256GB SSD diskur og nýjasta útgáfan af Intel i5. Alvöru 2GB Radeon R7 leikjaskjákort, AC netkort og Miracast.

Intel i5 ÖRGJÖRVI · 4GB VINNSLUMINNI · 256GB SSDDISKUR · 2GB Radeon R7 SKJÁKORT



INTEL i7
5. KYNSLÓÐ

169.995

TOSHIBA

## 5. KYNSLÓÐ INTEL i7

TOS-L50B2FT

Nýjasti og hraðasti Intel i7 örgjörvinn á markaðnum. Öflugt Radeon R7 M260 skjákort sem hentar sérstaklega í grafíska vinnu og leikjaspilun.

Intel i7 5. KYNSLÓÐ · DTS HLJÓMUR · 1TB DISKUR · Radeon R7 M260 SKJÁKORT



FULL HD HÁSKERPA

189.995

INTEL i5
5. KYNSLÓÐ

TOSHIBA

TOS-S50B15E

Glæsilega hönnuð fartölva fyrir þá sem gera miklar kröfur til útlitsins. 8GB vinnsluminni og ofurhraður 256GB harður diskur. Sérstaklega spræk grafísk vinnsla með 2GB AMD Radeon R7 M260 skjákorti.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 256GB DISKUR · 15,6" SKJÁR



139.995

INTEL i5
5. KYNSLÓÐ

ASUS

ASU-F302LAFN073H

Hágæða 13,3" fartölva með nýjustu og hröðustu gerð af Intel i5 örgjörvanum auk nýja Intel HD 5500 skjákortinu. Hröð vinnsla með 128GB SSD og 8GB vinnsluminnis.

Intel i5 ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 128GB SSD DISKUR · Intel HD 5500 SKJÁKORT



149.995

INTEL i7
5. KYNSLÓÐ

ASUS

ASU-F555LPX0089H

Ofurtölva með nýju 5. Kynslóð af Intel i7 örgjörvanum sem skilar ótrúlegum vinnsluhraða. 6GB vinnsluminni og gott pláss fyrir gögnin á 1TB hörðum diski.

i7 5500U ÖRGJÖRVI · 6GB VINNSLUMINNI · 1TB DISKUR · 15,6" SKJÁR



Borgaðu skólainnkaupin betur
1. október
Netgíró
www.netgiro.is

Veldu skólavélina í Tölvulistanum og greiddu 1. október með Skólareikningi Netgíró!

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |




**BUZZFEED** Heildarvirði Buzzfeed er metið 1,5 milljarða Bandaríkjadala eftir fjárfestinguna. NORDICPHOTOS/AFP

26 milljarða fjárfesting:

## Kaupa hlut í Buzzfeed

NBCUniversal hefur fjárfest fyrir 200 milljónir Bandaríkjadala, yfir 26 milljarða íslenskra króna, í bandarísku fréttaveitunni Buzzfeed.

Heildarvirði Buzzfeed eftir fjárfestinguna er metið á 1,5 milljarða Bandaríkjadala. NBCUniversal og Buzzfeed munu á næstunni vinna saman í sjónvarpi, við kvikmyndir og umfjöllun um Ólympíuleikana, samkvæmt frétt The New York Times um málið. **- ih**




**AMERICAN APPAREL** Verslanir American Apparel eru um allan heim. NORDICPHOTOS/AFP

American Apparel í vanda:

## Hætta á gjaldþroti

Bandaríska tískuverslanakeðjan American Apparel segir verulega óvissu vera um hvort hægt verði að halda rekstri fyrirtækisins áfram.

American Apparel hefur átt við rekstrarvanda að stríða um nokkra hríð en fyrirtækið tapaði sem nemur 2,6 milljörðum króna á síðasta ársfjórðungi. Sala á ársfjórðungnum dróst saman um 17 prósent. Fyrirtækið segir óljóst hvort það eigi nægt lausafé fyrir rekstur næstu tólf mánuði. American Apparel hyggst endurfjármagna skuldir félagsins en félagið býst við að skila tapi út þetta ár. **- ih**



**OLÍUBORPALLUR** Framboð á olíu hefur aukist að undanförnu en hægst á aukningu eftirspurnar sem skýrir lægra verð, að sögn Ketils. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Olíuverð ekki verið lægra í sex ár

***Verð á Brent-hráolíu hefur ekki verið lægra frá árinu 2009. Ketill Sigurjónsson lögfræðingur telur að olíuverð verði áfram lágt. Offjárfesting hafi átt sér stað í orkuiðnaði.***

Verð á Brent-hráolíu er komið niður fyrir 49 Bandaríkjadali á tunnu og hefur ekki verið lægra frá árinu 2009. Greiningaraðilar búast við því að olíuverð haldist lágt næstu misseri. BMI Research, sem er hluti af greiningarfyrirtækinu Fitch, býst við að olíuverð haldist lágt fram til ársins 2018 þar sem framboð á olíu muni líklega aukast hraðar en eftirspurn eftir neysluvörum.

Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og sérfræðingur í orkumálum, býst við að verð á olíu og annarri hrávöru haldist lágt. „Til skemmri tíma litið, ef við lítum eitt ár fram í tímann, verður olíuverð alveg örugglega mjög lágt. Miðað við spár sem hafa verið að koma fram undanfarið eru menn að verða heldur svartsýnni. Goldman Sachs og fleiri spá mjög lágu hrávöruverði, næstu þrjú árin,“ segir hann.

Ketill telur helstu skýringuna á lækkandi olíuverði vera að hægst hafi á efnahagsvextinum í Kína. Á sama tíma hafi olíuframleiðsla í Bandaríkjunum aukist. „Þegar þetta tvennt fer saman er mjög eðlilegt að olíuverð lækki.

Eftirspurnarslakinn í Kína virðist vera meiri en nokkur bjóst við. Þetta kemur líka fram í verði á mörgum öðrum hrávörum sem hafa verið að lækka mjög mikið. Það má eiginlega rekja það allt saman til Kína,“ segir Ketill.

Fjárfestar hafi veðjað á að efnahagsvöxturinn í Kína myndi halda áfram sem valdið hafi offjárfestingu í orkuiðnaðnum. „Menn bjuggust við því að það yrði alltaf meiri og meiri eftirspurn frá Kína. Um leið og það er smá slaki þá sitja menn uppi með öll nýju verkefnin og fara að bjóða lægri verð. Þá gerist það mjög hratt að verðið fer niður,“ segir Ketill.

Við þetta bætist að hagvöxtur í Evrópu sé lítill. Þá séu líkur á að efnahagsþvingunum gagnvart Írönum verði aflétt á næstunni sem aukið gæti olíuútflutning Írana sem stuðli enn frekar að því að olíuverð haldist lágt.

Lækkun olíuverðs skiptir Íslendinga miklu máli. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir að einnar krónu lækkun bensínverðs skili íslenskum neytendum 300 milljónum króna á ársgrundvelli. Þá sagði Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, á fundi hagfræðideildarinnar í mars að haldist olíuverð lágt gæti það sparað íslensku þjóðarbúi 40 milljarða króna á ári.

Ketill á þó von á því að sé horft til lengri tíma muni olíuverð hækka á ný. Haldist olíuverð jafn lágt og nú standi ný olíuverkefni ekki undir sér. Að lokum muni það hafa í för með sér að framboð eftir olíu dragist saman og muni það þrýsta verðinu upp á ný miðað við óbreytta eftirspurn. Hvenær það verði og hve mikið verð hækki sé hins vegar nær ómögulegt að spá um.



> **Til skemmri tíma litið, ef við lítum eitt ár fram í tímann, verður olíuverð alveg örugglega mjög lágt.**
>
> *Ketill Sigurjónsson*

**ingvar@frettabladid.is**

Brasilíska ríkisolíufyrirtækið Petrobras gæti þurft að greiða hæstu sekt í bandarískri réttarsögu:

# 200 milljarða sekt vofir yfir

Brasilíska olíufélagið Petrobras gæti átt yfir höfði sér 1,6 milljarða Bandaríkjadala sekt, jafnvirði um 212 milljarða íslenskra króna, vegna rannsókna bandarískra yfirvalda á spillingarmálum tengdum fyrirtækinu. Þetta hefur fréttastofa Reuters eftir heimildarmanni sínum. Petrobras, sem er að meirihluta í eigu brasilíska ríkisins, á því yfir höfði sér hæstu sekt sem bandarísk stjórnvöld hafa lagt á nokkurt fyrirtæki að sögn heimildarmannsins.

Tvö til þrjú ár gæti tekið að semja endanlega um bæturnar. Formlegar viðræður eru þó ekki hafnar.

Bandarísk yfirvöld hafa lögsögu í málinu því Petrobras var skráð í Kauphöllina í New York. Fyrirtækið var þar til nýlega stærsta erlenda fyrirtækið í Kauphöllinni í New York.

Í nóvember sendi bandaríska verðbréfaeftirlitið (SEC) stefnu þar sem farið var fram á upplýsingar vegna rannsóknar á spillingu hjá Petrobras sem




**MÓTMÆLI** Mikil reiði er meðal almennings í Brasilíu vegna framferðis stjórnenda Petrobras. NORDICPHOTOS/AFP

talin er hafa náð til æðstu yfirmanna fyrirtækisins, verktaka og hátt settra brasilískra stjórnmálamanna. Lögmenn Petrobras segja fyrirtækið hins vegar fórnarlamb spillingar og verðsamráðs verktaka, og að það hafi verið fyrrverandi starfsmenn og stjórnmálamenn sem þegið hafi mútur.

Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir kaupin eiga að stuðla að hagræðingu:

# Kaupa nýtt lánakerfi

Íbúðalánasjóður hefur framkvæmt útboð á nýju tölvukerfi fyrir útlán fyrirtækisins. Tilboð í tölvukerfið voru opnuð í gær og var Reiknistofa bankanna með lægsta boð sem hljóðaði upp á 72,9 milljónir króna. Kostnaðarmat var 77,1 milljón króna. Þá bauð Aplicon 77,3 milljónir króna og Libra 105 milljónir króna. Engin ákvörðun hefur verið tekin hjá Íbúðalánasjóði um hvaða tilboð verði fyrir valinu þar sem ekki sé búið að reikna kostnað við rekstur kerfanna.

Í útboðsgögnum kom fram að lánakerfið þyrfti að ráða við fleiri tegundir lána en þau sem Íbúðalánasjóður býður upp á nú sem séu vísitölutengd með föstum vöxtum. Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um breytta útlánastefnu sjóðsins. „Kaupin eru fyrst og fremst vegna hagræðingar í rekstri. Sjóðurinn er með yfir hundrað þúsund lán í umsýslu núna og það þarf að halda utan um þessi lán burtséð frá því hvað stjórnvöld ákveða síðan með framtíð sjóðsins,“ segir Hermann. Vonast er til að hið nýja lánakerfi geti orðið 20 til 50 prósentum ódýrara í rekstri en gamla kerfið. **-ih**




**SPARNAÐUR** Íbúðalánasjóður hyggst spara sér fé með nýju lánakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Verð áður: 134.000.-**

**Tilboðsverð:**

**98.000.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Verð áður: 196.100.-**

**Tilboðsverð:**

**137.000.-**



**LANDIÐ SKOÐAÐ** Uppgangur ferðaþjónustu hefur verið í veldisskrefum eða því sem næst undanfarin ár. Umsvifin hafa verið sem vítamínsprauta í efnahagslífið eftir hrun, en hluti ágóðans virðist þó hverfa í vasa þeirra sem stunda svarta atvinnustarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vandi vegna skattsvika fer vaxandi

***Svört atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu hefur aukist undanfarin ár. Framkvæmdastjóri SA segir skattsvik skekkja samkeppnina. Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ segir stjórnvöld skorta vilja til að berjast gegn þeim.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Komum ferðamanna hefur fjölgað um nær 300 prósent frá árinu 2002 og atvinnugreinin hefur verið lykillinn að leið Íslendinga úr þeim efnahagshremmingum sem skullu á fyrir sjö árum. Í skýrslunni Skattsvik í ferðaþjónustu sem unnin var á vegum Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins á Bifröst er bent á að það skyggi á þessa þróun að skatttekjur af hverjum ferðamanni hafi dregist saman síðustu tíu árin. Ástæðurnar eru margvíslegar. Flestir virðast þó vera þeirrar skoðunar að einn skýringarþátturinn sé vaxandi umfang svartrar atvinnustarfsemi.

### Einskorðast ekki við Ísland

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að vandamálið vaxi með auknu umfangi ferðaþjónustunnar. En þessi vandi einskorðist ekki við Ísland. Ferðaþjónustan sé á alþjóðavísu þekkt fyrir undanskot og gráa og svarta atvinnustarfsemi. „Kennitöluflakk þekkist umtalsvert í ferðaþjónustunni, einkum þegar kemur að veitinga- og gistihúsageiranum. Síðan þekkjum við það líka að það eru töluverð brögð að því að ferðaþjónustufyrirtæki greiði ekki laun og hafi önnur starfskjör ekki í samræmi við kjarasamninga. Þetta bitnar sérstaklega á ungmennum og ungu fólki sem er að koma hingað frá öðrum löndum, gjarnan í tengslum við ferðaþjónustufyrirtæki eins og hestaleigur. Þar höfum við séð að það er hreint ekki verið að greiða laun eða það er verið að greiða allt of lág laun,“ segir Halldór. Í sumum tilfellum fái fólk einungis fæði og húsnæði þótt það sé í vinnu eins og aðrir launþegar og ætti samkvæmt lögum og kjarasamningum að fá laun fyrir störf sín. Í veitingahúsageiranum séu atvinnurekendur sums staðar ítrekað að fá ungmenni til þess að vinna svokallaða prufutíma og taka eina eða tvær vaktir sem ekki sé greitt fyrir. Halldór segir að þetta sé brot á kjarasamningum og fullkomlega ólöglegt. „Þannig að undanskot, alls konar undirmál varðandi laun og önnur starfskjör eru allt of þekkt í þessari grein.“

Í skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins kemur fram að vandamálið varðandi skattaundanskot er mjög víðtækt en snertir ekki síst gistiþjónustu og veitingahús. Stærsta vandamálið í gistiþjónustu sé fjöldi óskráðra og leyfislausra gististaða sem líklega standi ekki skil á öllum sköttum. Það sem gerir skatteftirlit sérlega erfitt í gistiþjónustu er að starfsstöðvar gististaða eru oft ekki þekktar. Almennt er talið að þeir sem hafa leyfismál í lagi hafi skattskil í lagi og öfugt þannig að möguleg lausn felst í því að efla leyfiseftirlit og samtvinna það skatteftirliti. Þá mætti einfalda kerfið þannig að ein stofnun héldi utan um öll leyfis- og skattamál ferðaþjónustufyrirtækja og aðstoðaði ný fyrirtæki í að verða lögleg.

### Flókið virðisaukaskattskerfi

Þá kemur fram í skýrslunni að virðisaukaskattur sé langstærsti skattstofninn sem tengist ferðaþjónustu. Hann er lagður á í tveimur þrepum, almennu þrepi og sérstöku neðra þrepi. Eins og kunnugt er var almenna þrepið 25,5 prósent og neðra þrepið 7 prósent. Um síðustu áramót var svo ráðist í einföldun virðisaukaskattskerfisins og er almenna þrepið nú komið í 24 prósent og neðra þrepið í 11 prósent. Sala á ferðaþjónustu fellur undir bæði þrep virðisaukaskattsins auk undanþáguákvæðis, þar sem enginn virðisaukaskattur er greiddur. Þannig eru fjölmargir aðilar að veita þjónustu sem fellur undir fleiri en eitt þrep. Í skýrslunni segir að í veitingaþjónustu sé röng tekjuskráning stórt vandamál. Það sé meðal annars vegna þess hve mikið bil er á milli virðisaukaskattsþrepa áfengis og annarra veitinga auk óljósra reglna varðandi skattalega verðlagningu á vöru sem fellur í tvö virðisaukaskattsþrep.

### Einbeittur brotavilji

Halldór Grönvold segir það sitt mat að flókið skattakerfi sé ekki nein afsökun. „Ef þú ætlar að taka að þér atvinnurekstur þá verður þú bara að gjöra svo vel að kynna þér með hvaða hætti hann á að vera þannig að hann sé í lagi. Og þar fyrir utan þekkjum við allt of mörg dæmi um það að þetta sé vísvitandi brotastarfsemi. En ekki bara það að fólk viti ekki betur,“ segir Halldór. Allir atvinnurekendur eigi að vita að þeir eigi að borga skatta og skyldur og að fólk eigi að njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga. „Og ef fólk veit það ekki þá er það sennilega ekki hæft til þess að standa í svona atvinnustarfsemi,“ segir Halldór. Það sé alveg klárt mál að í sumum tilfellum sé brotavilji atvinnurekenda mjög einbeittur.

Í skýrslu Rannsóknarstofnunarinnar kemur fram að veltufrávik í gistiþjónustu hafi mælst á bilinu 17-19 prósent árið 2013 og hafi farið vaxandi á undanförnum árum. Veltufrávik er bil á milli veltu greinarinnar samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og uppreiknuðu söluverðmæti gistingar. Veltufrávik í áfengissölu vínveitingastaða mældist 42 prósent árið 2013 og 45 prósent árið á undan.

Halldór segir að sums staðar noti veitingastaðir hreinlega sjóðsvélar. Einnig sé verið að borga starfsmönnum og birgjum undir borðið. Þannig að raunveruleg velta komi ekki fram. „Síðan þekkjum við hina hliðina á þeim peningi sem er kennitöluflakkið,“ segir Halldór. Fyrirtæki séu stofnuð sem innheimti opinber gjöld og jafnvel lífeyrisiðgjöld og stéttarfélagsgjöld. Svo þegar allt er komið í óefni er skipt um kennitölu, skuldirnar skildar eftir og reksturinn heldur áfram á sama stað undir sama vörumerki. „Við þekkjum dæmi um það að starfsmenn hafi mætt til vinnu eins og ekkert hafi í skorist og ekki vitað betur fyrr en að þeir áttu að fá launin sín að fyrirtæki sem þeir störfuðu hjá fyrri hluta mánaðarins var komið í þrot um mánaðamót og engin laun til að greiða,“ segir Halldór og rifjar upp dæmi frá árinu 2013 þessu tengt.



**„Ef þú ætlar að taka að þér atvinnurekstur þá verður þú bara að gjöra svo vel að kynna þér með hvaða hætti hann á að vera þannig að hann sé í lagi.**

*Halldór Grönvold*

### Segir stjórnvöld viljalaus

Og Halldór er mjög gagnrýninn á stjórnvöld í þessum málaflokki. Hann segir þau ekki einungis vera úrræðalaus, heldur beinlínis viljalaus til verka. Hann segir Íslendinga þess vegna standa verr að vígi gagnvart svona brotastarfsemi heldur en víða í nágrannalöndum. Þar hafi ýmsum úrræðum verið beitt sem ekki sé vilji til þess að beita hér. Nefnir hann úrræði gegn kennitöluflakki sem dæmi.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir aftur á móti að virðisaukaskattkerfið sé of flókið og samtökin hafi lagt mikla áherslu á

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GANGA UM GRASAGARÐINN

**Sígrænum plöntum og klifurjurtum verður gefinn sérstakur gaumur á göngu um Grasagarðinn á fimmtudaginn, 20. ágúst. Um leiðsögn sér Jóna Valdís Sveinsdóttir, yfirgarðyrkjufræðingur Grasagarðsins. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Mæting við aðalinngang Grasagarðs klukkan 20.**














**ALGJÖR VEISLA** Magnús á Texasborgurum býður upp á ýmsar kræsingar á blúshátíðinni.



**MAGGI** Í tilefni af hátíðinni teiknaði Halldór Baldursson mynd af Magnúsi Inga.

# TEXASBLÚS OG BBQ-HÁTÍÐ

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Þriggja daga blús- og BBQ-hátíð hefst á Grandagarði á morgun sem nær hámarki með stórtónleikum á Menningarnótt.*

Texasborgarar við Grandagarð, í samvinnu við Blúsmafíuna og Menningarnótt, stendur að þriggja daga blúshátíð sem hefst á morgun og stendur fram á laugardag. Tónleikar verða alla dagana í stóru opnu tjaldi fyrir utan Texasborgara og trúbadorar og slakur blús inni á staðnum þar sem jafnframt verður slegið upp BBQ-veislu. Hátíðin nær hámarki með stórtónleikum á Menningarnótt sem hefjast um miðjan dag og standa fram að flugeldasýningu.

„Þetta er einn af stórviðburðum Menningarnætur og Grandinn hentar frábærlega fyrir svona viðburð," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður, sem er mikill blúsáhugamaður. „Heitustu blúsarar landsins troða upp á hátíðinni. Þarna verður gítarsnillingurinn Björgvin Gíslason með blúsbandið sitt, Blússveit Jóns Ólafs, Strákarnir hans Sævars, Lame Dudes, Blúsþrjótarnir og Mood. Á Texasborgurum verðum við í BBQ-gírnum og bjóðum upp á djúsí grillmat undir Texasáhrifum á vægu verði." Sérmatseðil hátíðarinnar má sjá hér til hliðar.

Ókeypis aðgangur er alla dagana, en tónleikar verða fimmtudag og föstudag kl. 19-23. Á Menningarnótt verður byrjað fyrr, eða kl. 15 og blúsað fram undir flugeldasýninguna kl. 23. Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, og Facebook er að finna allt um hátíðina.



### BBQ-VEISLA

- Texas BBQ-diskur – 1.690 kr. – nautarif, kjúklingavængir og grísakjöt með frönskum og hrásalati
- Texas BBQ-borgari – 1.490 kr. með frönskum
- Texas BBQ-Pizza Pie – 990 kr.




# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**




# FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

# KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á **dreifing@postdreifing.is** Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ




**HLAUPIÐ OG LÆRT** Sýnt hefur verið fram á jákvæð tengsl milli lærdóms og hreyfingar.

# LÆRT MEÐ LEIK

**HREYFING** *Ráðstefna um heilsueflandi starf í grunnskólum verður haldin í Víðistaðaskóla á föstudaginn. Haldnir verða fyrirlestrar og málstofur. Meðal annars mun Kristín Einarsdóttir segja frá kennsluaðferðinni Leikur að læra.*

Skólinn er kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar og heilbrigðra lifnaðarhátta meðal barna og ungmenna. Heilsueflandi grunnskóli er verkefni innan vébanda Embættis landlæknis en fjöldi grunnskóla tekur þátt í verkefninu sem miðar að því að þeir setji sér heildræna stefnu í heilsu- og velferðarmálum.

Ráðstefna um þetta áhugaverða verkefni fer fram í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði 21. ágúst og stendur frá klukkan 8.30 til 16. Fyrir hádegi eru á dagskrá fyrirlestrar og fræðsluerindi og eftir hádegi verður boðið upp á málstofur sem tengjast þeim áhersluþáttum sem Heilsueflandi grunnskóli byggir á.

Einni af málstofunum stjórnar Kristín Einarsdóttir, íþrótta- og grunnskólakennari og höfundur kennsluaðferðarinnar „Leikur að læra“. „Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem nemendum eru kennd öll bókleg fög í gegnum hreyfingu, leiki og skynjun á faglegan, skemmtilegan og árangursríkan hátt,“ segir Kristín sem mun leggja áherslu á tvennt á málþinginu. „Annars vegar mun ég fjalla um verkefni sem miðar að því að gera foreldra enn meðvitaðri um að skóli barna þeirra sé Heilsueflandi grunnskóli og að þau taki virkan þátt í þeirri eflingu í gegnum heimanám barna sinna,“ upplýsir Kristín. Hún segir að með því að tengja saman heimanám og hreyfingu gefist nemendum tækifæri á að minnka borðavinnu og læra í gegnum mismunandi skynfæri. „Foreldrar geta síðan lært leiki sem nýtast þeim áfram við heimanám barna sinna.“

Hins vegar mun Kristín fjalla um nýtt en þó gamalt verkefni sem hún kallar Skólastofuleikfimi. „Þetta er í raun tuttugu ára gamalt útskriftarverkefni mitt og Védísar Grönvold frá Kennaraháskóla Íslands,“ segir Kristín. Um er að ræða fimm mínútna hljóðbúta með tónlist og leikfimiæfingum sem enda á slökun. „Það



**HÖFUNDURINN** Kristín Einarsdóttir er íþrótta- og grunnskólakennari og höfundur kennsluaðferðarinnar Leikur að læra.

er fullkomið að brjóta upp kennslustundina með þessu þegar þreyta er komin í mannskapinn,“ segir Kristín glaðlega en hljóðbrotin eru mismunandi fyrir ólíka aldurshópa. „Í fyrstu gáfum við þetta út á snældum, síðan kom þetta á geisladisk fyrir einhverjum árum en nú réðumst við í endurbætur. Við létum leikara lesa inn á, settum inn nýja og skemmtilega tónlist og gáfum hljóðbrotin auk þess út á ensku sem getur hentað vel í enskukennslu.“

Kristín segir kennsluaðferð sína hafa fengið góðar undirtektir. „Þetta gengur vel, sérstaklega í leikskólum enda nokkrir leikskólar orðnir „Leikur að læra-leikskólar“. Okkur hefur gengið hægar í grunnskólum en kennarar og foreldrar eru þó alltaf að verða meira og meira meðvitaðir um nauðsyn þess að bæta hreyfingu inn í námið enda hafa margar rannsóknir á þessu málefni sýnt mjög jákvæðar niðurstöður þegar hreyfing er tengd lærdómi. Þessi þróun er afar nauðsynleg á þeirri spjaldtölvuöld sem við lifum á í dag,“ segir Kristín.

Meiri upplýsingar má finna á leikuradlaera.is en upplýsingar um ráðstefnuna má finna á landlaeknir.is.

solveig@365.is

**AUKIN VITUND**

„Kennarar og foreldrar eru þó alltaf að verða meira og meira meðvitaðir um nauðsyn þess að bæta hreyfingu inn í námið.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MIÐVIKUDAGUR **19. ÁGÚST 2015**

# ENDURSKOÐUN

## & BÓKHALD



# Bókhald er öruggt í skýjum

Eitt öflugasta bókhaldskerfi landsins, Microsoft Dynamics NAV, er hýst í tölvuskýjum og fæst í áskrift. Hagkvæm og þægileg lausn þar sem greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld ásamt hýsingu í fullkomnu tækniumhverfi.

Hvern hefði grunað fyrir fáeinum árum að allt yrði komið í skýin? Hér erum við ekki að tala um litla skýjahnoðra, heldur öflugan bókhalds- og viðskiptahugbúnað, Office 365, viðskiptatengslanet, sjávarútvegs-, sveitarfélaga- og verslunarkerfi ásamt fjölda annarra lausna. Nú horfum við ekki lengur inn í kompur þar sem hugbúnaðurinn er hýstur með öllum þeim rekstrarkostnaði sem því fylgir heldur horfum við fram á við, til skýjanna.



Nú horfum við ekki lengur inn í kompur þar sem hugbúnaðurinn er hýstur með tilheyrandi rekstrarkostnaði heldur horfum fram á við, til skýjanna. MYND/GVA

### Öflugt bókhaldskerfi í áskrift

Wise býður eitt öflugasta bókhaldskerfi landsins í mánaðarlegri áskrift, NAV í áskrift, sem hýst er í tölvuskýjum. Lausnin er einstaklega hagkvæm og þægileg en greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld ásamt hýsingu í fullkomnu og öruggu tækniumhverfi.

Innifalið er vistun gagna, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.

NAV áskriftin inniheldur fjárhagsbókhald, viðskiptavina- og lánardrottnakerfi, innkaupakerfi, birgðakerfi, markaðs- og sölukerfi, eignakerfi og takmarkaðan fjölda fyrirtækja.

Við leitumst öll við að ná hagræðingu í rekstrinum okkar. NAV í áskrift er hagkvæmur kostur þar sem hægt er að hafa breytilegan fjölda notenda að kerfinu eftir því sem hentar í hverjum mánuði sem heldur kostnaðinum í lágmarki. Ertu með fleiri starfsmenn í vinnu að sumri til eða um jólin? Bættu við þeim notendum sem þú þarft á því tímabili. Kostnaður við uppsetningu er í lágmarki þar sem engin þörf er á kaupum á miðlægum tölvubúnaði eða hugbúnaðarleyfum.

Hvað þarftu meira fyrir reksturinn? Ef stöðluð áskriftarleið hentar ekki, býður Wise upp á aðrar hýsingarleiðir með meiri sveigjanleika og fjölda viðbótarlausna sem auðvelda þér vinnuna og aðgengi að lykilupplýsingum.

### Veldu þá hýsingu sem hentar þínum rekstri

Val er um þrjár gerðir af hýsingu eftir því hvað hentar hverju fyrirtæki: NAV í áskrift, NAV einkaleigu og NAV einkahýsingu. Hýsing gerir bókhaldið aðgengilegt hvaðan sem er í heiminum. Gögnin eru geymd í hátæknitölvuverum þar sem færustu sérfræðingar Microsoft sjá um að gögnin séu örugg og að hægt sé að nálgast þau hvar og hvenær sem þér hentar. Hýst er í gagnaveri Microsoft Azure sem talið er eitt það öruggasta og öflugasta sinnar tegundar í heiminum.

NAV í áskrift er hentug hýsingarleið fyrir þá viðskiptavini sem eru með staðlaða NAV áskriftarleið og engar sérbreytingar á kerfinu.

NAV einkaleiga hentar vel fyrir þá viðskiptavini sem vilja getað lagað kerfið að sínum þörfum og bætt við sérlausnum.

NAV einkahýsing á vel við fyrir þá viðskiptavini sem eiga hugbúnaðarleyfin sín en vilja nýta sér skýjaþjónustur til að auka öryggi og uppitíma ásamt því að hafa aðgang að bókhaldinu hvaðan sem er. Með því sparast einnig rekstrarkostnaður við vélbúnað og umsjón kerfisins.

Hægt er að hýsa allar studdar útgáfur af Microsoft Dynamics NAV bókhaldshugbúnaðinum. Öll hýst kerfi eru uppsett og þeim viðhaldið af vottuðum sérfræðingum. Hýsing á bókhaldsþjónustu er hagkvæmur kostur fyrir fyrirtæki af öllum stærðargráðum hvort sem þú ert með 1 eða 100 notendur.

### Aðgengilegt hvar og hvenær sem er

Krafa nútímans er að hafa gott aðgengi að upplýsingum og geta nálgast gögnin með ýmsu móti. Microsoft Office 365 er einn vinsælasti skrifstofuhugbúnaður í heiminum í dag og fæst nú einnig í áskrift gegn föstu mánaðarlegu gjaldi.

Hver notandi hefur 1 TB gagnahólf til að vista gögnin sín í skýinu en hægt er að keyra Office hugbúnaðinn á vél notanda og/eða í gegnum vafra. Með því að velja Microsoft Office 365 í áskrift sparar þú fjárfestingu í vélbúnaði, afritunarbúnaði og hugbúnaðarleyfum.

### Sérlausnir í áskrift

Wise hefur þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað og er nú hægt að fá þær helstu í mánaðarlegri áskrift og hýsingu. Hér má nefna aukna virkni fyrir NAV, viðskiptalausnir, viðskiptagreind, sveitarfélagalausnir og WiseFish sjávarútvegslausnir sem innihalda lausnir fyrir alla virðiskeðju sjávarútvegsins frá vinnslu og framleiðslu til útflutnings, sölu og dreifingar.

Verslunarlausnir eru nýjung í hýsingu Wise með tengingu við Centara afgreiðslukerfið fyrir verslanir og veitingahús. Centara býður upp á sveigjanlegt viðmót allt frá einfaldri afgreiðslu yfir í flóknari útfærslur fyrir stórfyrirtæki.

Einfaldaðu reksturinn og horfðu fram á við, til skýjanna.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndish@365.is s. 512 5434 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



nav í áskrift

+ Office 365

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift
Microsoft Dynamics NAV

Wise býður eitt mest selda bókhaldskerfi landsins
í mánaðarlegri áskrift - NAV í áskrift.

Lágmarkaðu kostnaðinn og kynntu þér málið á navaskrift.is.
Aðgangur að Office 365 fylgir með.*

kr. 9.900 pr. mán. án vsk

* gildir til 30. 06. 2017

wise
- snjallar lausnir

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

# Fjöldi löggiltra endurskoðenda **aukist** nokkuð undanfarin ár

Hlutverk endurskoðenda er að staðfesta upplýsingar sem birtast í ársreikningum og felst ábyrgð þeirra í því áliti sem þeir láta í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Starf þeirra er þó fjölbreyttara en margir halda.

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) var stofnað árið 1935 og voru félagsmenn í lok síðasta starfsárs 385 talsins, þar af eru karlar í meirihluta eða 289 talsins en konurnar eru 96 eða fjórðungur félagsmanna. Konur sækja í sig veðrið í þessari stétt, en þess má geta að fyrsta konan fékk löggildingu til endurskoðunarstarfa og inngöngu í félagið árið 1975.

Að sögn Sigurðar B. Arnþórssonar, framkvæmdastjóra FLE, er nýliðun í stéttinni háð því hversu margir standast löggildingarprófin sem haldin eru á hverju hausti. „Undanfarin ár hafa að jafnaði um þrjátíu prósent þeirra sem þreyta prófin náð lágmarkseinkunn, enda prófin erfið og krafan um lágmarkseinkunn há. Það hafa því að meðaltali um tíu löggiltir endurskoðendur bæst í hópinn undanfarin ár. Frá árinu 2000 hefur þeim fjölgað um 55 prósent og starfa nú um 260 endurskoðendur við fagið eða um tveir þriðju félagsmanna.“

Til þess að hljóta löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi einstaklingur að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum, hann verður að hafa lokið þriggja ára starfsþjálfun við endurskoðun og hann þarf að hafa staðist sérstakt löggildingarpróf. Til að viðhalda réttindum sínum þarf endurskoðandinn að uppfylla kröfur um endurmenntun sem eru að lágmarki 120 klukkustundir á þriggja ára tímabili.

### Lögbundin verkefni

Hlutverk og ábyrgð endurskoðenda ákvarðast af lögum og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA). Í lögum um endurskoðendur er endurskoðun skilgreind á eftirfarandi hátt: „Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.“

Sigurður segir að verkefnum endurskoðenda megi í meginatriðum skipta í tvo flokka; lögbundin verkefni og önnur verkefni. „Krafa um að fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla tiltekin skilyrði skuli kjósa sér endurskoðanda er sett fram í ýmsum lögum, svo sem lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög og lögum um fjármálafyrirtæki. Jafnframt er í ýmsum lögum áskilið að endurskoðendur komi að lausn sérhæfðra verkefna til dæmis við stofnun og slit félaga.“



Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri Félags löggiltra endurskoðenda.



Störf endurskoðenda eru fjölbreyttari en margir eiga von á. Konur sækja í sig veðrið í stéttinni.

Endurskoðandi er oftast kosinn á aðalfundi hvort sem um lögbundna endurskoðun eða valkvæða endurskoðun er að ræða. Enginn munur er á endurskoðun sem bundin er í lögum og þeirri sem fyrirtæki hafa sjálf ákveðið að láta vinna.

### Önnur verkefni endurskoðenda

Sigurður bætir við að þess sé ekki krafist að allir ársreikningar séu endurskoðaðir. „Þeir sem ekki eru skyldugir til að leggja fram endurskoðaða ársreikninga geta engu að síður óskað eftir endurskoðun þeirra til þess að auka traust á upplýsingum sem í þeim eru. Endurskoðendur hafa, á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu, sérþekkingu á reikningsskilum, skattskilum og ýmsum öðrum sviðum er snerta fjármál og rekstur sem gerir að fyrirtæki og stofnanir sækjast eftir þjónustu endurskoðanda til ýmissa annarra starfa en endurskoðunar,“ útskýrir hann.

Örfá dæmi um önnur verkefni sem endurskoðendur geta komið að eru könnun ársreikninga og árshlutareikninga, færsla bókhalds, aðstoð við gerð ársreikninga og skattframtala, innri endurskoðun og ýmis fjármála- og rekstrarráðgjöf.

# Verðum með **besta** bókhaldskerfið

Við smíði netbókhaldskerfisins Reglu var lögð áhersla á ýmsa þætti sem aukið gætu afköst og gæði bókhaldsvinnu. Kerfið sækir færslur beint af bankareikningum, nýtir öflugan þekkingargrunn og sjálfvirkni til að flýta fyrir bókun. Kerfið er mjög einfalt og þægilegt í notkun.

Fakta er rótgróið hugbúnaðarfyrirtæki sem stofnað var árið 1986. Árið 2007 tók starfsfólk fyrirtækisins þá ákvörðun að smíða nýja kynslóð netbókhaldskerfis með þá sýn að auðvelda fyrirtækjum reksturinn, gera hann óháðari staðsetningu og auka afköst við bókhaldsstörf með nútímatækni. Bókhaldskerfi á netinu eru komin til að vera, enda hafa þau ýmsa yfirburði yfir eldri kerfi sem krefjast uppsetningar og sérstaks reksturs. „Við hjá Fakta höfum unnið að þróun nútíma bókhalds- og viðskiptakerfis á netinu, fyrir innlendan og alþjóðlegan markað undir nafninu Regla, frá árinu 2007. Viðtökur notenda hafa verið einstaklega góðar og mikil ánægja ríkt með kerfin. Til dæmis má nefna að launakerfið okkar hefur heppnast mjög vel og hefur það komið okkur á óvart hversu margir einyrkjar nýta sér það. Í dag eru rúmlega sjö hundruð fyrirtæki notendur að Reglu og fer þeim hratt fjölgandi, allt frá einyrkjum til fyrirtækja sem gefa út yfir þúsund reikninga á mánuði,“ segir Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Fakta.

### Lærir endurteknar færslur

Regla er af nýrri kynslóð netbókhaldskerfa sem gengur bæði á PC- og Apple-tölvur. Kerfið er samþykkt af RSK og nýtir sér rafræn tengsl við RSK (VSK og staðgreiðsla), bankana (færslur af reikningum og kreditkortum sem og innheimtukröfur), lífeyrissjóði og fleira. „Regla notar þekkingargrunn og getur lært að færa endurteknar færslur og þannig minnkað vinnu og auðveldað bókhaldið verulega. Við leggjum mikið upp úr því að öll samskipti kerfisins við ytri aðila svo sem bankana, RSK, stéttarfélög og lífeyrissjóði séu um nútíma vefþjónustutengingar. Einnig er lögð áhersla á að aðrir hugbúnaðarframleiðendur geti tengst okkar kerfum um öflugar vefþjónustur þannig að kerfi annarra framleiðenda geti kallað á þjónustu kerfisins, til dæmis að gefa út reikning þó þau kerfi séu staðsett annars staðar í heiminum,“ útskýrir Kjartan.

### Rafrænir reikningar

Undanfarna mánuði hefur þeim aðilum sem senda rafræna reikninga úr Reglu fjölgað mikið. „Þessi þróun mun halda áfram og valda byltingu í bókhaldsvinnslu og að sjálfsögðu ætlum við okkur að vera þar í fararbroddi,“ bætir Kjartan við.

### Enginn stofnkostnaður

Kerfið er hreint netkerfi í skýinu, það er enginn stofnkostnaður heldur aðeins sanngjarnt áskriftargjald eftir frían þrjátíu daga prufutíma. „Kerfið þarfnast engrar uppsetningar sem þýðir að það er aðgengilegt hvar og hvenær sem er. Rekstraröryggi kerfisins er mjög gott og eru gögnin vistuð hjá viðurkenndum hýsingaraðila með ISO-vottun.“



Þróunarteymi Reglu. Fimm manna öflugt þróunarteymi hefur þróað Reglu jafnt og þétt. Að sögn Kjartans, framkvæmdastjóra Fakta, eru bókhaldskerfi á netinu komin til að vera, enda hafa þau ýmsa yfirburði yfir eldri kerfi sem krefjast uppsetningar og sérstaks rekstrar.

### Líka fyrir bókhaldsstofur

Þar sem margir notendur geta unnið í kerfinu samtímis hefur það komið vel út fyrir notendur sem vilja skrifa sína reikninga og laun sjálfir en bókhaldsstofan fylgist með og sér um bókhaldið að öðru leyti. Að sögn Kjartans eru bókhaldsstofur almennt ánægðar með Reglu og segir hann dæmi um að þær hafi náð að tvöfalda afköst bókhaldsskráningar með notkun á kerfinu.

### Margar nýjungar í vinnslu

Fimm manna öflugt þróunarteymi hugbúnaðar- og bókhaldssérfræðinga hefur þróað Reglu jafnt og þétt. Í kerfinu er nú til staðar fjárhagsbókhald, sölukerfi, launakerfi, verkbókhald, áskriftarkerfi og rafrænir reikningar. „Margar nýjungar eru í vinnslu, til dæmis endurbætt aðgengi frá spjaldtölvum, notkun snjallsíma, afgreiðslukerfi fyrir verslanir og enn aukin sjálfvirkni í bókhaldi. Við munum halda áfram öflugu þróunarstarfi til að tryggja að viðskiptavinir okkar séu ávallt í fararbroddi og við teljum framtíðina bjarta enda fjölgar notendum kerfisins hratt. Við erum sérlega ánægð með að við fáum mikinn fjölda nýrra notenda vegna meðmæla núverandi notenda. Auk tæknilegrar þróunar þá horfum við á nýja markaði, bæði erlendis og meðal stærri fyrirtækja. Við ætlum að verða besta íslenska bókhaldskerfið,“ segir Kjartan.




# Sífellt fleiri fyrirtæki útvista fjármálaferlum

Fyrirtæki útvista í auknum mæli völdum ferlum til annarra fyrirtækja. Þannig geta þau einbeitt sér betur að kjarnastarfsemi sinni og lækkað rekstrarkostnaðinn umtalsvert. Fjárvakur sérhæfir sig í umsjón fjármálaferla fyrir stærri fyrirtæki og er stærsta fyrirtækið á sínu sviði á Íslandi. Sífellt fleiri útvista flóknum ferlum með það að markmiði að ná samkeppnisforskoti.

Fyrirtæki geta lækkað rekstrarkostnað um allt að 30 prósent með því að útvista fjármálaferlum til Fjárvakurs. Auk þess getur margvíslegur annar ávinningur fylgt útvistun eins og aukin áhersla á kjarnastarfsemi og aukið öryggi fjármálaupplýsinga. Þá fá fyrirtæki greiðan aðgang að áreiðanlegum fjármálaupplýsingum og sérþekkingu. Með útvistun geta fyrirtæki því náð fram hagræðingu og á sama tíma einbeitt sér að því sem þau gera best.

### Aukin eftirspurn meðal stærri fyrirtækja

Upphaflega var útvistun hugsuð til kostnaðarlækkunar á einföldum ferlum. Í dag er flóknari ferlum útvistað með það að markmiði að ná samkeppnisforskoti. Dæmi um ferla sem algengt er að útvista eru þrif, öryggisgæsla og rekstur tölvukerfa. Flestum stjórnendum þykir sjálfsagt að flytja þessa ferla til utanaðkomandi sérfræðinga, í stað þess að byggja upp þekkinguna innanhúss. Þetta á í auknum mæli við um bókhald og aðra fjármálaferla líka. Í stað þess að hafa bókhaldsvinnsluna innanhúss og möppurnar uppi í hillu hjá sér sjá sífellt fleiri stjórnendur ávinninginn við að flytja þessa ferla til aðila sem hafa byggt upp sérhæfingu á þessu sviði og geta boðið upp á greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum, hvar og hvenær sem er.

Markhópur Fjárvakurs er meðalstór og stór fyrirtæki en eftirspurn eftir þjónustunni hefur aukist mikið meðal stærri fyrirtækja. Stjórnendur virðast gera sér betur grein fyrir ávinningi þess að útvista fjármálaferlum og þeir sem eru komnir lengst á þeirri braut útvista öllum ferlum sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur og samanstendur af öflugum íslenskum fyrirtækjum sem mörg hver starfa í alþjóðlegu umhverfi, auk flugfélaga í Evrópu og víðar.

Fjárvakur tekur að sér umsjón ferla sem tilheyra fjármálasviði fyrirtækja og skiptist þjónustan í fjármála- og starfsmannaþjónustu. Fjármálaþjónustan felur í sér umsjón ferla allt frá móttöku og útgáfu reikninga til uppgjörs og ársreikningagerðar, á meðan starfsmannaþjónustan felur í sér launavinnslu og umsjón tengdra ferla.

### Fjármálaþjónusta

Áreiðanleiki, öflugar lausnir og skilvirkir ferlar eru lykilatriði í fjármálaþjónustu Fjárvakurs. Viðskiptavinir hafa greiðan aðgang að sínum þjónustustjóra hjá Fjárvakri sem ber ábyrgð á bókhaldi viðkomandi fyrirtækis. Mikil áhersla er lögð á góð samskipti og samvinnu með vel skilgreindum boðleiðum og skilvirku upplýsingaflæði.







Við innleiðingu fjármálaþjónustu eru grunnkerfi viðskiptavina tengd við fjárhagskerfi Fjárvakurs. Gögn eru síðan flutt rafrænt úr kerfum viðskiptavina yfir til Fjárvakurs þar sem þeim er breytt í stjórnendaupplýsingar. Upplýsingaþörf stjórnenda er vandlega metin í upphafi samstarfs og viðeigandi skýrslur útbúnar. Þá er opnað fyrir rafrænt aðgengi stjórnenda sem hafa greiðan aðgang að sínum fjármálagögnum og skýrslum.

### Launavinnsla

Nákvæmir útreikningar, tímanleg afhending og örugg meðhöndlun trúnaðarupplýsinga eru lykilatriði í launavinnslu fyrirtækja. Fjárvakur hefur þessi atriði að leiðarljósi og veitir viðskiptavinum sínum ábyrga og hagkvæma starfsmannaþjónustu.

Við innleiðingu starfsmannaþjónustu er launakerfi Fjárvakurs tengt við viðverukerfi viðskiptavina. Launagögn flytjast síðan rafrænt yfir til Fjárvakurs þar sem unnið er úr þeim, auk þess sem önnur launagögn berast í rafrænum skjölum og eru lesin inn í launakerfið. Upplýsingaþörf stjórnenda er sem fyrr vandlega metin í upphafi samstarfs og viðeigandi launaskýrslur eru útbúnar sem stjórnendur geta alltaf nálgast.

Launafulltrúar Fjárvakurs búa yfir víðtækri reynslu og sérþekkingu á sviði launa og tengdra ferla sem viðskiptavinir hafa aðgang að í formi þjónustu og ráðgjafar. Launamenn í þjónustu hjá Fjárvakri eru yfir 6.000 talsins og dreifast á um 30 stéttarfélög.

# Skemmtilegt og krefjandi starf

Reikningshald og endurskoðun uppfylltu hugmyndir Ólafs Kristinssonar um samhengi hlutanna og því kaus hann endurskoðun sem starfsvettvang. Ef hann yrði ungur á ný myndi hann velja sömu leið í lífinu enda er endurskoðun spennandi fag í mikilli þróun.

Það eru fjögur ár síðan Ólafur Kristinsson, löggiltur endurskoðandi, hætti störfum eftir langan og farsælan starfsferil. Hann útskrifaðist með cand. oecon.-gráðu frá Háskóla Íslands vorið 1980 en hafði þá unnið með námi frá haustinu 1978 hjá Endurskoðunarmiðstöðinni Coopers & Lybrand sem seinna varð PwC ehf. Hann segir að ef hann fengi að vera ungur í annað sinn myndi hann hiklaust velja sama starfsvettvang í lífinu. „Endurskoðun er fag í mikilli þróun og spennandi tímar fram undan við að móta það umhverfi sem endurskoðendur starfa í.“

Á fyrstu starfsárum Ólafs höfðu endurskoðunarskrifstofur hérlendis leitað í vaxandi mæli eftir samstarfi við alþjóðleg fyrirtæki til að færa heim þekkingu í faginu. Nafnabreytingu Coopers & Lybrand má rekja til breytinga sem urðu í kjölfar sameiningar stórra endurskoðunarfyrirtækja erlendis. „Það var mikill ávinningur að fá starf hjá fyrirtæki sem hafði og hefur enn mikinn metnað til þess að fylgja mikilli og örri þróun á sínu fagsviði.“

## Rökrétt samhengi

Ári eftir háskólanámið lá leiðin til Egilsstaða þar sem endurskoðunarfyrirtækið stofnaði útibú og starfaði Ólafur þar í sjö ár. „Á þessum árum naut ég samstarfs við mjög góðan fagmann, Gísla Bjarnason endurskoðanda, og lauk ég löggildingarprófi í endurskoðun 1984.“

Aðspurður hvers vegna hann hefði valið þennan starfsvettvang segir hann ástæðuna hafa verið að hann vildi starfsvettvang þar sem hann sæi rökrétt samhengi hlutanna. „Reikningshald og endurskoðun uppfylla hugmyndir mínar um samhengi hlutanna ásamt auðvitað ýmsu öðru. Í mínum huga var og er starf sem lýtur að staðfestingu á réttmætri skráningu fjárhagsupplýsinga til notkunar í viðskiptum eitthvað sem er hvort tveggja skemmtilegt og krefjandi. Þegar ég lít um öxl er ég ánægðastur með það tækifæri sem ég fékk til þess að taka að mér stundakennslu í faginu við Háskóla Íslands og auðvitað er ég ánægður og þakklátur öllu því frábæra fólki sem ég hef átt þess kost að starfa með innan og utan endurskoðunarstéttarinnar.“

Starfsumhverfi endurskoðenda hefur breyst mikið síðan Ólafur hóf störf. „Þegar ég hóf störf við endurskoðun voru miklar breytingar að eiga sér stað í faglegu umhverfi endurskoðenda. Ný lög um endurskoðendur höfðu fært bóklegt nám til undirbúnings löggildingar til endurskoðunarstarfa að fullu inn í viðskiptadeild Háskóla Íslands. Þeir sem hófu þetta ferli á sama tíma og ég urðu að ljúka námi með endurskoðun sem kjörsvið ásamt því að ljúka starfsreynslu í þrjú ár til þess að fá heimild til að taka próf til löggildingar sem endurskoðendur.“

## Kennslan breytti miklu

Hann nefnir að starf hans sem endurskoðandi hafi tekið verulegum breytingum þegar hann hóf kennslu í endurskoðun sem stundakennari við Háskóla Íslands haustið 1994. „Í kennslunni fylgdist ég betur en ella með þeirri þróun í endurskoðun sem orðin var og átti eftir að vaxa á næstu árum. Auk kennslunnar hélt ég fyrirlestra um málefni á sviði endurskoðunar á vettvangi Félags löggiltra endurskoðenda og víðar og átti sæti í starfshópi sem undirbjó frumvarp að núgildandi lögum um endurskoðendur.“



Ólafur Kristinsson endurskoðandi.

Þótt Ólafur hafi hætt reglubundnum störfum sem endurskoðandi fyrir fjórum árum er hann ekki búinn að segja skilið að öllu leyti við fagið. „Í dag er ég formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og hef haft mikla ánægju af því að fá að starfa þar með frábæru fólki við að móta starf þeirrar nefndar.“






Gott er að koma á sérstökum fjármáladegi í hverri viku.

## *Góð ráð til að spara*

### 1. Rútína veitir yfirsýn

Föst rútína er ein besta leiðin til að halda vel utan um peningana. Flest ætlum við okkur ekki viljandi að gleyma að borga reikninga eða borga þá of seint eða fara yfir á heimildinni. En ef óreiða er í lífi okkar og mikið að gera missum við gjarnan yfirsýn og þar með tökin á hlutunum.

Komið því á sérstökum fjármáladegi í hverri viku til að kíkja yfir stöðuna á heimabankanum. Farið yfir kortafærslur og fylgist með því hvaða reikningar liggja fyrir. Borgið reikninga á réttum tíma.

Með því að skoða reglulega stöðuna og fylgja ákveðinni rútínu gerum við okkur grein fyrir því svigrúmi sem við mögulega höfum, eða ekki, í peningamálunum. Með yfirsýn má taka fjármálin fastari tökum. Leggja fyrir fasta upphæð á mánuði, vera undirbúin stórum fjárútlátum, svo sem afborgunum af námslánum og tannlæknaheimsóknum, jafnvel fjárfesta.

Með góðri yfirsýn kemur einnig strax í ljós ef einhver óprúttinn reynir að fikta við reikningana.

### 2. Sofðu á ákvörðunum um kaup

Fljótfærni getur reynst dýrkeypt. Ef kauplöngunin heltekur okkur er gott ráð að gefa sér einn sólarhring til að vega og meta hversu nauðsynleg kaupin eru. Einnig er gott að reikna út hversu langan tíma það tekur að vinna fyrir upphæðinni.

### 3. Skipuleggðu nauðsynleg kaup fram í tímann

Gerðu til dæmis matseðil fyrir vikuna. Gerðu verðsamanburð í nokkrum verslunum og skrifaðu verðin á algengum vörutegundum inn í Excel. Þannig má fylgjast með þegar hlutirnir hækka.

# AUKIN AFKÖST VIÐ BÓKHALDIÐ

- FJÁRHAGS- OG VIÐSKIPTABÓKHALD
- SÖLUKERFI
- VERKBÓKHALD
- LAUNAKERFI
- RAFRÆNIR REIKNINGAR
- ÁSKRIFTAKERFI

regla

Öflugt netbókhald fyrir nútíma fyrirtæki



## HEIMILISBÓKHALD ER SKYNSAMLEGT

**Það er skynsamlegt** að halda heimilisbókhald. Þannig er auðveldara að gera raunhæfar framtíðaráætlanir og betra að sjá hver greiðslugetan er hjá hverjum og einum á hverjum tímapunkti.

Heimilisbókhald gefur líka færi á betri yfirsýn yfir kostnaðarliði fjölskyldunnar og hugsanlegar leiðir til að draga úr kostnaði. Það er því mikilvægt atriði til að hafa meiri stjórn á fjármálunum. Þannig er hægt að sjá í hvað peningarnir fara og hvort unnt sé að spara. Mörgum vex það í augum að byrja á því að færa bókhald en á netinu má finna síður sem veita fólki hjálp við fyrstu skrefin. Á heimasíðu umboðsmanns skuldara, ums.is, er til dæmis hægt að sækja Excel-skjal til þess að setja upp persónulegt heimilisbókhald. Á Heimilisbókhaldsvefnum má einnig finna ýmsar útsetningar skjala fyrir Excel sem hægt er að hala niður frítt og nota.

## LISTI YFIR LÖGGILTA ENDURSKOÐENDUR

**Atvinnuvegaráðuneytið** fer með framkvæmd og eftirlit laga um endurskoðendur.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur, teljast þeir vera endurskoðendur sem hafa þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum. Til þess að öðlast löggildingu til endurskoðunar verður viðkomandi að standast próf sem þriggja manna prófnefnd annast. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Próf skulu haldin að jafnaði einu sinni á ári og er það ráðherra sem gefur út löggildingarskírteini handa endurskoðanda.

Ráðuneytið heldur úti skrá yfir þá sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunar sem og skrá yfir endurskoðunarfyrirtæki. Þá skrá má finna á vefsíðu ráðuneytisins, atvinnuvegaraduneyti.is.





Elva Ósk S. Wiium lögmaður, Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari, og Einar Guðbjartsson dósent skipa prófnefnd viðurkenndra bókara og er Elva Ósk formaður nefndarinnar.

# Fagmennska og heiðarleiki

**Mikil samfélagsleg ábyrgð hvílir á þeim sem koma að fjármálum fyrirtækja og einstaklinga. Sérstök prófnefnd viðurkenndra bókara sér um framkvæmd prófa til viðurkennds bókara. Hún á m.a. að stuðla að heilbrigðu viðskiptalífi.**

Samkvæmt reglugerð nr. 686/2015 skal ráðherra atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins hlutast til um að reglulega séu haldin próf til viðurkennds bókara á þess vegum. Í reglugerð segir að með viðurkenningu ráðherra felist að viðkomandi aðili hafi staðist próf um þekkingu og færni er tengist lögum um bókfærslu, helstu atriðum er tengjast gerð og framsetningu reikningsskila sem og lögum og reglugerðum um skattskil. Sérstök prófefnalýsing skv. ofangreindri reglugerð tiltekur nákvæmlega þá þekkingu er þarf til að öðlast viðurkenningu sem bókari. Markmiðið með viðurkenningu ráðherra er að bæta reikningsskil og bókhald smærri fyrirtækja og þar með auka traust almennings á fjárhagsupplýsingu fyrirtækja fyrir heilbrigt viðskiptalíf.

Sérstök prófnefnd viðurkenndra bókara er skipuð af ráðherra og sér um framkvæmd prófa til viðurkennds bókara. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Nefndina 2015-2019 skipa Elva Ósk S. Wiium lögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari og Einar Guðbjartsson dósent. Nefndin hefur einnig það hlutverk að endurskoða prófefnalýsinguna reglulega. Allar frekari upplýsingar um prófin, prófefnalýsinguna og nefndina er að finna á heimasíðu ráðuneytisins, anr.is.

### Krefjandi próf tryggja fagmennsku

Prófin eru staðfesting á þeirri þekkingu sem viðurkenndir bókarar þurfa að hafa. Prófin taka alls 11 klukkutíma í framkvæmd. Þau eru krefjandi til að tryggja að nauðsynleg þekking og færni sé til staðar. Árið 2000 voru fyrstu viðurkenndu bókararnir útskrifaðir, 4 karlar og 6 konur. Í vor voru 95 einstaklingar útskrifaðir – 12 karlar og 83 konur. Frá upphafi hafa 826 einstaklingar útskrifast sem viðurkenndir bókarar. Þessi fjöldi gefur til kynna að viðurkenningin er vel metin á hinum almenna vinnumarkaði.

### Áreiðanleiki og traust

Mikil samfélagsleg ábyrgð hvílir á þeim sem koma að fjármálum, skattskilum og bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga. Algjört traust þarf að ríkja milli viðskiptavinar og bókara. Þetta mikilvæga traust er áunnið með fagmennsku, heiðarleika og löghlýðni. Traustið er fljótt að fara ef það er ekki ávallt haft að leiðarljósi.

Góður fyrirtækjarekstur byggir ekki síst á því að bókarar vandi til verka, séu nákvæmir og þekki lög og reglur innan síns sviðs. Stjórnendur þurfa að hafa góðan aðgang að réttum og vel framsettum upplýsingum um reksturinn og vita hvert þeir eiga að leita eftir þeim upplýsingum. Það er mikilvægt að stjórnendur hafi hæfa einstaklinga á sínu sviði á öllum sviðum fyrirtækis síns.

Réttskil
Bókhaldsþjónusta

Bryndís

Emilía
Fagleg ráðgjöf og þjónusta!
Áralöng reynsla
Ársreikningar - Bókhald - Skattskýrslur - v.s.k skil - o.fl
Réttskil ehf bókhaldsþjónusta | Ármúla 29 (önnur hæð) | rettskil@simnet.is | s: 696 6714 - 660 0583 | rettskil.is



## EKKI HENDA AFGÖNGUM

**Með hækkandi verði matarkörfunnar** ætti ekki að henda afgöngum. Gangið vel frá því sem af gengur af kvöldmatnum inn í ísskáp og nýtið í nesti næsta dag. Oft má drýgja afganga með því að bæta við soðnu pasta eða harðsoðnu eggi og grípa með eina brauðsneið. Ef ekki á að nýta afgangana strax næsta dag ætti að skella þeim í frystinn og grípa til þeirra seinna.

# Leiðarvísir Frutin®



## Fæða sem getur valdið *brjóstsviða*





**Sítrusávextir**
Appelsínur, greipaldin og ávaxtasafar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.



**Hvítlaukur og laukur**
Sumt fólk sem fær gjarnan uppþembu eða brjóstsviða þarf oft að varast lauk og hvítlauk.



**Tómatar**
Eins saklausir og þeir líta út fyrir að vera með sínum meinhollu næringarefnum, eins og lýkópen, þá eru tómatar afar súrir og fara misvel í maga.



**Sterkur matur**
Chili, pipar, mexikóskur matur, eða annar sterkur og kryddaður matur getur valdið brjóstsviða.



**Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik**
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.

**Alkóhól**
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórri máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.





**Kaffi**
Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

**Kolsýrðir drykkir**
Gos og aðrir kolsýrðir drykkir geta valdið uppþembu sem orsakast af auknum þrýstingi á hringvöðva vélindans og það getur leitt til brjóstsviða. Er ekki bara best að sýna skynsemi og forðast gosdrykkina.





**Súkkulaði**
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.

**Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.**

Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans.




Þessi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf.
Takið 1-2 töflur eftir þörfum.
Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin.
Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

**Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.**

IceCare ehf • Ármúli 8 • Sími 581 1090 • icecare@icecare.is • www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa



> Það getur verið grafalvarlegt fyrir fyrirtæki að lenda í skattrannsóknum og verða vís að umfangsmiklum skattaundanskotum. Þar af leiðandi sjáum við sem betur fer að eftir því sem fyrirtæki stækka og vaxa því betri verða skattskilin.
>
> *Þorsteinn Víglundsson*



**AUKIÐ EFTIRLIT** Framkvæmdastjóri SA vill auka eftirlit með vefjum þar sem ferðamenn panta gistingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að samræma það. „Við höfum talið að það væri eðlilegt að ganga alla leið og ferðaþjónustan væri bara öll á neðra þrepinu. Þar á meðal áfengi sem er enn í efra þrepi og þar af leiðandi ertu ennþá með tvískiptingu milli vínveitinga og annarra veitinga sem við teljum ekki heppilegt,“ segir hann.

### Vill eftirlit með erlendum síðum

En Þorsteinn segir jafnframt eðlilegt að bæta skattaeftirlit með greininni. Þetta hafi Samtök atvinnulífsins og jafnframt Samtök ferðaþjónustunnar bent á. „Að ríkisskattstjóri nýti sér þau úrræði sem nágrannalönd hafa gert, að afla sér upplýsinga frá alþjóðlegum vefsíðum sem eru að selja þjónustu hingað inn eins og gistingu,“ segir hann. Þarna vísar Þorsteinn í vefi eins og Airbnb. Hann vill að skattayfirvöld geti kallað inn yfirlit frá rekstraraðilum slíkra vefsíðna yfir það hvað er selt svo hægt sé að bera saman við það sem talið er fram. Einnig verði hægt að kalla eftir gögnum frá erlendum ferðaþjónustuaðilum sem starfa hér innanlands um það hvernig skattskilum þeirra er háttað, þannig að greinin sitji öll við sama borð. „Það er mikilvægast fyrir þau fyrirtæki sem eru ábyrg og heiðarleg í sinni starfsemi að þeim sé tryggður samræmdur rekstrargrundvöllur og það sé öflugt eftirlit af hálfu skattsins með skattskilum í greininni,“ segir Þorsteinn. Þegar hluti fyrirtækja fari ekki eftir reglum geri það þeim fyrirtækjum sem vilji hafa sitt á hreinu erfitt fyrir í samkeppni.

### Vandi ungra fyrirtækja

Þorsteinn segir að skattaundanskot virðist oft vera meiri í ungum fyrirtækjum og jafnvel að það stafi að einhverju leyti af vankunnáttu eða ógáti. Hann tekur þó undir með Halldóri að í mörgum tilfellum virðist hreinn ásetningur búa að baki. „En eftir því sem fyrirtæki stækka og dafna þá sjáum við sem betur fer að menn vilja hafa hlutina í lagi. Það getur verið grafalvarlegt fyrir fyrirtæki að lenda í skattrannsóknum og verða uppvís að umfangsmiklum skattaundanskotum. Þar af leiðandi sjáum við sem betur fer að eftir því sem fyrirtæki stækka og vaxa því betri verða skattskilin.“

Þorsteinn bendir á í þessu samhengi að ferðaþjónustan sé ung atvinnugrein og ört vaxandi. Það sé von hans að eftir því sem greinin stækki og dafni þá fari þetta vandamál minnkandi. „En þetta krefst þess líka að skatturinn þrói sínar eftirlitsaðferðir með atvinnugreininni. Til dæmis hvað varðar þennan þátt í gegnum erlendar vefsíður. Eða af erlendum þjónustuaðilum, þar sem rukkun fer fram utan landamæra.“











Til leigu nýlegt vandað atvinnuhúsnæði í vesturbæ Kópavogs.

Um er að ræða tvo hluta hússins:

a) Austurendi samtals 980m2. 840m2 tvískiptur flísalagður salur með 6,4m lofthæð að mestu. 4 innkeyrsludyr (4m). Gegnumakstur. 140m2 snyrtileg skrifstofu og starfsmannaaðstaða á 2. hæð.

b) Miðhluti samtals 330m2, þar af 130m2 milliloft. 2 innkeyrsludyr (4m). Gegnumakstur.

Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða á snyrtilegri lóð.

Vandað húsnæði sem getur henta fyrir ýmiskonar starfssemi, framleiðslu, lager, bílaþjónustu, ferðaþjónustu o.s.frv.

Frekari upplýsingar í síma 892 1519



**NÝR STAÐUR** Teppa- og mottuverslunin Persía er rekin sem sérdeild inni í Parka í Kópavogi. MYND/PARKI

Teppaverslun flytur í Kópavog eftir eigendaskipti í vor:

## Parki festir kaup á Persíu

Persía, sérverslun með stök teppi og mottur, er flutt í verslun Parka við Dalveg í Kópavogi í kjölfar þess að Bitter, rekstrarfélag Parka, keypti Persíu í vor. Fram kemur í tilkynningu að Persía komi til með að halda sérkennum og nafni á nýja staðnum.

Persía var stofnuð 1965 og var fyrstu árin til húsa á Laugavegi 31, en hefur gegnum árin gengið í gegnum nokkra flutninga og eigendaskipti. Fram kemur að Sigurður Sigurðsson hafi rekið Persíu frá 1997 til 2014. Hann starfar áfram hjá Persíu í Parka.



**HANDSALAÐ** Charlotta Sund, framkvæmdastjóri Ericsson í Norður-Ameríku og Mið-Asíu, og Orri Hauksson, forstjóri Símans, handsala samninginn. MYND/SÍMINN

4G LTE-sendar frá Ericsson settir upp og farsímakerfið eflt:

## Uppfæra farsímakerfið

Síminn hefur gert nýjan fimm ára samstarfssamning við tæknifyrirtækið Ericsson um frekari útbreiðslu og öflugra farsímanet Símans hér á landi. „Samhliða uppsetningu 4G LTE-snjallsenda verður farsímakerfið allt uppfært til að tryggja uppbyggingu netkerfis á heimsmælikvarða,“ segir í tilkynningu. Ericsson leggur til allan fjarskiptabúnað og sameiginlegt miðlægt kerfi farsíma.

Haft er eftir Orra Haukssyni, forstjóra Símans, að Ericsson sé einn mikilvægasti samstarfsaðili Símans til áratuga. „Með þessum samningi tryggjum við áframhaldandi öflugt og sveigjanlegt samstarf í þágu neytenda,“ segir hann.

Þá kemur fram að 40 prósent af allri farsímaumferð í heiminum fari um netkerfi frá Ericsson, en það sé tvöfalt meira en næsti keppinautur státi af.

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is
Póstdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ



**LÁRUS L. BLÖNDAL** Lögmaðurinn segir brýnt að sér takist að lækka forgjöfina á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Golfhringjunum fækkað vegna anna

***Lárus L. Blöndal var nýlega skipaður stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins. Lárus segir Bankasýsluna vera afar mikilvæga fyrir fjárhag ríkisins. Þá sé brýnt að forgjöfin fari að lækka á ný.***

**SVIPMYND**
**Ingvar Haraldsson** ingvar@frettabladid.is

Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður var í síðustu viku skipaður stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins. Lárus er meðeigandi á lögfræðistofunni Juris auk þess að vera forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Málefni Bankasýslunnar og stærstu eignar hennar, Landsbankans, hafa verið mjög til umræðu síðustu vikur.

Lárus segir Bankasýsluna afar mikilvæga fyrir fjárhag ríkisins. „Það eru auðvitað mjög miklir hagsmunir þarna undir. Þetta eru um 14 prósent af eignum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi. Þetta eru verðmæti sem þarf að huga að,“ segir hann.

Lárus segir að heimild sé í lögum til að selja um 28 af 98 prósenta eignarhlut Bankasýslunnar í Landsbankanum. Samkvæmt lögunum sé það Bankasýslunnar að leggja fram tillögu um hvort eða hvenær hlutur ríkisins í fjármálafyrirtækjum verði seldur og undirbúa vinnu við slíkar tillögur. Lárus segir slíkar tillögur ekki vera komnar fram af hálfu Bankasýslunnar. „En þetta er hluti af verkefnum Bankasýslunnar auk þess að leggja mat á hvenær tími er kominn til að gera eitthvað í þeim málum.“

Lárus segir hina nýskipuðu stjórn ekki enn hafa fundað og því hafi ekki verið tekin nein afstaða til nýrra höfuðstöðva Landsbankans af hennar hálfu en stefnt sé á að fyrsti fundur stjórnarinnar verði í vikunni. „Það mál verður skoðað eins og önnur sem varða eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum,“ segir Lárus.

Landsbankinn hefur legið undir gagnrýni fyrir að skila ekki nægri arðsemi af grunnrekstri sínum. Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, sagði sjálfur í ársskýrslu Landsbankans að arðsemi af reglulegum rekstri Landsbankans hefði verið of lítil. „Það er ekki bara Landsbankinn sem er í þessari stöðu. Ég geri ráð fyrir því að allir bankarnir séu að vinna í þeim málum. Það má segja að þetta tengist efnahagslífinu í heild. Þegar betur árar er viðbúið að það verði meira um að vera í bankakerfinu,“ segir hann.

> **Þegar betur árar er viðbúið að það verði meira um að vera í bankakerfinu.**

Lárus er áhugamaður um golf og er meðlimur í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Hann segir golfið frábæra íþrótt sem sameini útiveru, góða hreyfingu og skemmtilegan félagsskap. Lárus segist þó fara allt of sjaldan í golf vegna anna í ýmsum störfum. Forgjöfin hafi því verið á uppleið, hún hafi lægst verið í 13,1 en hafi hækkað í 14,4 að undanförnu. „Það er mikilvægt verkefni og aðkallandi að snúa þessari þróun við á næstunni,“ segir Lárus.

### AFBURÐAMAÐUR Í LEIK OG STARFI



Lalli er mikill fjölskyldumaður og hann vinnur alltaf í því að allir hittist reglulega, t.d í mat um helgar, í sumarfríum og á merkisdögum í fjölskyldunni. Hann er mjög heiðarlegur og traustur og ferlega rökfastur svo það er eiginlega vonlaust að rífast við hann og hann er alltaf samkvæmur sjálfum sér. Lalli er mjög lausnamiðaður og alltaf skal hann finna lausn á vandamálum sem upp koma, stórum sem smáum.
*Soffía Ófeigsdóttir, eiginkona Lárusar*



Lárus er afburðamaður í leik og starfi. Einn traustasti maður sem ég hef kynnst. Einbeittur og ákveðinn í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur, eldfljótur að greina mál og setja sig inn í þau og fylgja þeim eftir. Keppnismaður mikill. Aðalatriðið með Lárus er þó að hann er góður drengur og traustur vinur og mikill fjölskyldumaður.
*Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár*


40.000
FBL
fréttaþyrstir notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
Download on the App Store
Download from Windows Store
Google play
FRÉTTABLAÐIÐ
Áheyrnarfulltrúum vantreyst í Garðabæ
FRÉTTABLAÐIÐ

Af hverju er löggjafinn með tollvernd á kjúklinga- og svínakjöti?

# Sérhagsmunagæsla fyrir nokkrar fjölskyldur

Löggjafinn ætti að afnema sem fyrst tollvernd kjúklinga og svínakjöts því engin rök réttlæta slíka tolla sem nokkrar fjölskyldur í landinu njóta að mestu góðs af.

Í tillögum verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem kynntar voru í maí 2013 kemur fram það mat verkefnisstjórnar að rétt sé að afnema tolla á alifugla- og svínakjöt. Þá koma þar fram þau sjónarmið að samfélagsleg rök fyrir verndun landbúnaðar eigi síður við um alifugla- og svínarækt heldur en aðrar búgreinar. Þar eru greinarnar sagðar verksmiðjubúskapur sem að stórum hluta sé rekinn í eða við þéttbýli.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Það er ljóst að tollvernd kjúklinga- og svínakjöts hefur ekkert með dreifðar byggðir og ræktun landsins að gera. Þótt kjúklinga- og svínarækt eigi sér stað á nokkrum stöðum á landinu fer stærstur hluti framleiðslunnar fram í verksmiðjum nálægt þéttbýli, aðallega við höfuðborgarsvæðið.**

Í síðustu viku fjallaði ég um tollvernd í landbúnaði á þessum vettvangi og benti á að ríkisstjórnarflokkarnir hygðust áfram standa vörð um sérhagsmuni á kostnað neytenda með því að fella ekki niður tolla á innflutning á kjöti þótt engin vísindi eða rök styddu hin svokölluðu „ruðningsáhrif“ sem forsvarsmenn Bændasamtakanna hafa svo miklar áhyggjur af. Síðasta ríkisstjórn Samfylkingar og VG stóð líka vörð um þessa sérhagsmuni með því að ráðast ekki í neinar breytingar á kerfinu almenningi til hagsbóta.

Framleiðslustyrkir (beingreiðslur) í landbúnaði eru sérstök umræða. Það er næstum því vonlaust fyrir Íslendinga að afnema þá, eina þjóða, meðan ágreiningur hefur verið um styrkina á vettvangi OECD undanfarin 15 ár án stórvægilegra breytinga. Talið er að án stuðnings í einhverri mynd muni landbúnaður víða leggjast af hér á landi. Það er hins vegar tækifæri til að afnema tollverndina og hefur raunar verið lengi enda er ekkert sem réttlætir hana. Á henni tapa bæði neytendur og, til lengri tíma, framleiðendurnir sjálfir. Auk þess munu sauðfjárbændur ekki finna fyrir afnámi hennar.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, skrifaði mikilvæga grein í Fréttablaðið sl. fimmtudag þar sem hann útskýrði hverjir það væru sem högnuðust á ofurtollum á kjöti. Svokölluð virk tollvernd er mest þegar hvíta kjötið er annars vegar, þ.e. kjúklinga- og svínakjöt. Samkvæmt tölum OECD nam umframkostnaður íslenskra neytenda vegna ofurtolla á kjúklinga- og svínakjöti 3,6 milljörðum króna á síðasta ári.

Það er ljóst að tollvernd kjúklinga- og svínakjöts hefur ekkert með dreifðar byggðir og ræktun landsins að gera. Þótt kjúklinga- og svínarækt eigi sér stað á nokkrum stöðum á landinu fer stærstur hluti framleiðslunnar fram í verksmiðjum nálægt þéttbýli, aðallega við höfuðborgarsvæðið. Fyrirtækin sem stjórna markaðnum með þetta kjöt, í skjóli tollverndar á kostnað almennings, eru langflest í eigu nokkurra fjölskyldna enda er samþjöppun eignarhalds í þessum greinum miklu meiri en í öðrum búgreinum. Það er því erfitt að sjá í fljótu bragði hvað réttlætir tollverndina.

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, segir í bók sinni The Price of Inequality að viðskiptahömlur af þessu tagi á kostnað neytenda, skattgreiðenda, séu í raun eiginlegar gjafir til þeirra sérhagsmunahópa sem njóti góðs af þeim.

Það má því segja að tollvernd kjúklinga- og svínakjöts sé 3,6 milljarða króna gjöf íslenskra neytenda til nokkurra fjölskyldna á ári hverju.

Hvernig getur nokkur stjórnmálamaður horft í augu kjósenda sinna og staðið vörð um slíkt kerfi?

## Risastórt skemmtiferðaskip sjósett í Þýskalandi




**Á LEIÐ TIL AMERÍKU** Fólk hópaðist að til að fylgjast með þegar Norwegian Escape, nýjasta og stærsta skemmtiferðaskip Norwegian Cruise Line ferjusiglingafélagsins, var dregið út úr skipasmíðastöðinni í Papanburgh í norðurhluta Þýskalands um síðustu helgi. Skipið er 164.600 tonn og getur flutt 4.200 farþega. Ferjan verður sú stærsta sem hefur viðdvöl allt árið um kring í Miami í Bandaríkjunum, en það leggur upp í jómfrúarferð sína 23. október næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hverjir koma að stefnumörkun fyrirtækja?

**Guðrún Ragnarsdóttir**
ráðgjafi og meðeigandi Strategíu ehf.



Stefnumörkun er orðin árlegur viðburður hjá flestum fyrirtækjum. Ferlið getur verið mismunandi umfangsmikið á milli ára en allir stjórnendur eru meðvitaðir um að í nútíma samfélagi breytist umhverfið það ört að stefnumörkun á þriggja ára fresti dugar ekki til. Enn fremur eru flest fyrirtæki farin að útvíkka hóp þátttakenda í ferlinu. Áður fyrr fór þröngur hópur stjórnenda í hina hefðbundnu SVÓT-greiningu (styrkleika-veikleika-ógnanir-tækifæri) og út frá henni var stefnan mörkuð. Í dag leita stjórnendur til allra helstu hagaðila, eins og starfsmanna, viðskiptavina, samstarfsaðila og síðast en ekki síst stjórnarinnar og/eða eigenda eftir innleggi í ferlið.

**VANNÝTT AUÐLIND**

Eitt af meginhlutverkum stjórna er að móta stefnu viðkomandi fyrirtækis. Alltof oft er sú stefnumörkun unnin af stjórnendum fyrirtækisins án beinnar aðkomu stjórnar nema þá til þess eins að samþykkja þá stefnu sem hefur verið mörkuð. Í þeim tilfellum eru stjórnendur að vannýta þá auðlind sem býr í stjórn viðkomandi fyrirtækis. Stjórnarmenn eiga auðveldara með að horfa hlutlausum augum á starfsemi fyrirtækisins og hafa oft víðtæka reynslu frá öðrum rekstri sem útvíkkar umræðuna. Það er því mikilvægt að teikna upp ferlið á þann hátt að aðkoma stjórnar verði þannig að sú stefna sem verður mörkuð verði sameiginlegt leiðarljós stjórnarinnar og stjórnenda.

**EINS OG RAUÐUR ÞRÁÐUR**

Stefnumörkun á að vera eins og rauður þráður í gegnum starfsáætlanir stjórna. Fyrst er það aðkoman að mótun hennar, síðan samþykki hennar og loks eftirfylgni og rýni. Þau gestsaugu sem stjórnarmenn hafa á starfsemi fyrirtækisins ættu að auðvelda gagnrýna umræðu um það hvort sú stefna sem mörkuð hefur verið sé að skila þeim árangri sem til var ætlast. Ef ekki, þarf að endurskoða hana og út frá fyrirliggjandi staðreyndum.

Aðkoma eigenda/hluthafa að stefnumörkun ætti að vera eins og allra annarra hagaðila. Það er mikilvægt að kalla eftir sjónarmiðum og taka mið af þeim eigenda/hluthafastefnum sem liggja fyrir. Það er hins vegar stjórnarinnar að bera ábyrgð á þeirri stefnu sem er mörkuð hverju sinni og stjórnendanna að fylgja henni eftir.

Hraði breytinga er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum en í dag eru breytingarnar það örar í flestöllum starfsgreinum að ekki er svigrúm til margra mánaða vinnu við stefnumörkun. Betra er að innleiða vel þokkalega góða stefnu en að innleiða aldrei þessa einu réttu stefnu sem lítur aldrei dagsins ljós!

# *Pólitískt voðaskot í viðskiptaþvingun?*

***Hin hliðin***

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
héraðsdómslögmaður á LEX



Viðskiptabann Rússa skellur af fullum þunga á Íslendingum. Spjót hafa staðið á utanríkisráðherra sem varið hefur ákvörðun sína með vísan til heildarhagsmuna. Jafnframt hefur hann sagt að nú sé reynt að fá bannið aðlagað, en að ekki komi til greina að Ísland dragi sig út og fari þar með af lista þeirra ríkja sem styðja viðskiptaþvinganir ESB gagnvart Rússum.

Þessar skýringar ráðherra hljóma vel að því leyti, að mat virðist hafa verið lagt á þá hagsmuni landsins sem í húfi voru í aðdraganda ákvörðunar stjórnvalda um að styðja viðskiptaþvinganir. Vegna alvarleika málsins og í ljósi upplýstrar umræðu er hins vegar nauðsynlegt að fá fram hvernig þessir hagsmunir voru metnir. Hvaða hagsmunir lágu til grundvallar stuðningi? Hvaða hagsmunir studdu það að Ísland stæði utan við þvinganirnar? Og ekki síst, með því að vega og meta þessa andstæðu hagsmuni, hvernig var ákvörðun tekin? Utanríkisráðherra ber þannig að upplýsa um hvaða gögn og upplýsingar lágu til grundvallar þeirri afdrifaríku ákvörðun að telja forsvaranlegt og rétt að styðja viðskiptaþvinganir ESB gagnvart Rússum.

Pistlahöfundi kann auðvitað að skjátlast, en í fljótu bragði er því miður erfitt að sjá hvaða hagsmunir lögðust svo þungt á vogarskálar að talið var affarasælast að styðja viðskiptaþvinganir fremur en að standa utan við þær. Almennar yfirlýsingar, um að það sé óhjákvæmilegt að styðja jafn viðurhlutamiklar aðgerðir og viðskiptaþvinganir gagnvart öðru ríki ef Ísland ætli að vera þátttakandi í alþjóðasamfélaginu, eru fráleitar. Um hverjar þær ákvarðanir sem teknar eru á alþjóðavettvangi hafa fullvalda ríki rétt á, og verða raunar í öllum tilvikum, að taka ákvarðanir út frá eigin hagsmunum. Sé meiriháttar fjárhagslegt tjón fyrirsjáanlegt fyrir einstakt ríki, mun það að sjálfsögðu ekki horfa fram hjá því fyrir óljósa hagsmuni heildarinnar. Þá geta fullvalda ríki einnig tekið þá afstöðu að með viðskiptaþvingunum muni ekki nást sett markmið, líkt og oft vill því miður verða, og ákveða þar með að standa utan við þær.

Íslendingar voru ekki nauðbeygðir til að styðja viðskiptaþvinganir ESB gagnvart Rússum og örðugt er að sjá hvaða hagsmunir lágu til grundvallar ákvörðun Íslands um að styðja þær. Þó sannanlega ríði á að takmarka tjón íslensks efnahagslífs vegna ákvörðunar ráðherrans, er ekki síður mikilvægt að bregðast við pólitísku voðaskoti sama aðila ef hann getur ekki veitt gleggri upplýsingar um forsendur hinnar afdrifaríku ákvörðunar.

Afmælistónleikar

19. september 2015

# MAGGI EIRÍKS

# 70 ára



**Reyndu aftur**

**Braggablús**

**Elska þig**

**Vegurinn heim**

**Samferða**

**Ó, þú**

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

**Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

## Aukatónleikar

**Kl. 21 – Uppselt**

**Kl. 17 – Aukatónleikar**

**Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is**

HARPA DÆGURFLUGAN

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 132,67 | DKK 19,67 | NOK 16,05 | CHF 135,76 |
| GBP 208,21 | EUR 146,8 | SEK 15,57 | JPY 1,07 |

**FTSE 100**
6.526,29 -24,01
(0,37%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 13,5% AUKNING

### Aukin áfengiskaup í júlí

Heildarveltuaukning á VISA-kreditkortaviðskiptum var 6,7 prósent í júlí ef miðað er við sama tímabil í fyrra. Notkun innanlands jókst um 4,7 prósent en erlendis var veltuaukningin 16,9 prósent. Kaup á áfengi jukust einna mest eða um 13,5 prósent en vert er að benda á að 31. júlí var föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgina. Þá dróst velta með eldsneyti saman um 8,7 prósent en viðskipti við matvöru- og stórverslanir jukust um 5,3 prósent.

**12.08.2015** „Almennt má segja að svona lágt álverð hefur neikvæð áhrif á þau álverkefni sem menn eru að skoða á Íslandi og annars staðar. Það er alveg ljóst að það eru allar líkur á að það dragi úr vilja manna til að auka afköstin.“

***Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar***



## 180.679 FERÐAMENN

### Aldrei verið fleiri en í júlí

Aldrei hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland í einum mánuði en í júlí. 180.679 ferðamenn fóru um Leifsstöð í mánuðinum samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu. Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í júlí nam nær 24 milljörðum króna sem er 31 prósents aukning frá sama mánuði fyrir ári og hefur veltan aldrei verið meiri. Velta á hvern erlendan ferðamann jókst um 4,8 prósent á milli ára. Hæstu upphæðinni vörðu ferðamenn í gistiþjónustu eða 4,7 milljörðum króna.

## *STJÓRNARMAÐURINN*

### Sagan af Blackberry

Stjórnarmaðurinn er alltaf áhugasamur um markaðsrisa sem fljóta sofandi að feigðarósi. Kanadíski snjallsímaframleiðandinn Blackberry er eitt allra besta dæmið um þetta á síðari árum. Blackberry er í dag með um 0,4% markaðshlutdeild á heimsvísu á snjallsímamarkaði, en var með um 21% og langstærstur á markaðnum þegar best lét í ársbyrjun 2009.

**TEKJUR** félagsins hafa sömuleiðis fallið og verða á þessu ári líklega innan við sjötti hlutinn af því sem þær voru árið 2011 þegar félagið velti 19 milljörðum Bandaríkjadala. Starfsmönnum hefur sömuleiðis fækkað, þeir eru í dag rétt ríflega 6 þúsund en voru um 20 þúsund þegar best lét. Sama gildir svo að sjálfsögðu um hlutabréf í félaginu, en markaðsvirði þess í dag er um 4 milljarðar dala sem er innan við 5% af því sem það var þegar frægðarsólin reis sem hæst.

**BLACKBERRY**-símar eru enn til og eru vafalaust ágætir til síns brúks. Það eru þó ekki nema örfá ár síðan engin þótti maður með mönnum eða kona meðal kvenna nema að hafa Blackberry-síma í höndunum. Þeir voru traustir og urðu sjaldan fyrir hnjaski, líftími rafhlöðunnar var langur, lyklaborðið þótti þægilegt fyrir vinnandi fólk og síðast en ekki síst var hann öruggur með eindæmum enda hugbúnaðurinn sagður hafa verið hannaður fyrir kanadíska herinn.

**ÞVÍ ER** kannski ekki nema von að forsvarsmenn Blackberry hafi sofið rólegir þegar tilkynnt var að Apple hygðist hefja innreið á farsímamarkaðinn. Raunar segir sagan að eftir að iPhone-inn var kynntur til sögunnar hafi Blackberry-mönnum raunar verið nokkuð létt: Hver myndi annars nenna að baksa við snertilyklaborð? iPhone-inn fraus líka í tíma og ótíma, batteríslífið var afleitt og atvinnurekendur höfðu áhyggjur af því að viðkvæmar upplýsingar gætu auðveldlega lekið út af símanum.

**ALLIR** þekkja svo framhald sögunnar. Apple og tæki sem nota Android-stýrikerfið eru í dag nánast einráð á snjallsímamarkaði. Blackberry berst á meðan fyrir tilveru sinni. Sennilega verða rústirnar keyptar af stærri keppinauti.

**SAGAN AF** Blackberry er ágætis dæmisaga fyrir stjórnendur stórra fyrirtækja. Fólk þarf að vera á tánum ef ekki á illa að fara. Þeir taka það til sín sem eiga.

@stjornarmadur





PIPAR\TBWA • SÍA



Jensen hægindastóll / Minotti



Anderson Quilt / Minotti



Perry sófaborð / Minotti

ÍTÖLSK GÆÐAHÖNNUN FRÁ MINOTTI

Í rúm 60 ár hefur Minotti staðið í fremstu röð ítalskra húsgagnaframleiðenda og á þeim tíma átt stóran þátt í að móta og auka veg ítalskrar hönnunar og tísku. Gríðarleg tæknikunnátta og ómæld virðing fyrir handverki er galdurinn á bak við tímalausa hönnun Minotti þar sem listfengi, þægindi og gæði mynda eina heild.

MÓDERN
ÞITT HEIMILI – ÞÍN STUND

HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea / Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**ÁRBÆJARKIRKJA**
óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf eftir hádegi.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum og ungmennum ásamt frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

Tónlistarkunnátta er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til:**
**Árbæjarkirkja V/Rofabæ 110 Reykjavík eða á netfangið: ingunn@arbaejarkirkja. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingunn Björk Jónsdóttir í síma 587 2405 Umsóknarfrestur er til 29 ágúst n.k.**

BEST OF ICELAND
SOUVENIRS & STUFF

**BEST OF ICELAND, AÐALSTRÆTI**
Leitar að framtíðarstarfsmanni á dagvaktir frá kl. 10-18 alla virka daga og aðra hverja helgi. Við erum að leita að sölufólki, (EKKI afgreiðslufólki), í skemmtilegu og sífjölbreytilegu umhverfi. Viðkomandi þarf að tala íslensku og ensku, 18 ára eða eldri, reyklaus með hreint sakavottorð og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur merktar Best of Iceland á telma@kvosin.is fyrir 26. ágúst.

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL SMÁRALIND**
Óskum eftir fólki til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Smáralind. Vinnutími frá 11.00 - 19.30 og 14:00 - 19.30
**Vinsamlega sendið umsóknir á hulda@joifel.is eða sími 695 2933**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30 . Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**TONNATAK EHF**
Óskar eftir smið og verkamanni til vinnu. Jákvæður og skemtilegur vinnustaður fjölbreytt vinna. s. 659 9489 Bjarki

Vantar smið (eða mann með reynslu við smíðar) og mann vananm múr/sprunguviðg. ofl. uppl. Þórður í S.6185286 thordurmurari@gmail.com

**BYGGINGAVINNA**
Óska eftir að ráða trésmið eða mann vanan smíðum, nemi kæmi til greina, námssamningur í boði. Uppl. í s. 893 4895 og 897 1334.

Blikksmiðjan Vík ehf óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt. Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is öllum umsóknum verður svarað

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símaðdömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Konur sem leita tilbreytingar eða skyndikynna auglýsa frítt á símatorgi Rauða Torgsins. Kynntu þér málið. RaudaTorgid.is.

## fasteignir




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 19.ágúst frá kl: 17:00 til 17:30**

**Mikið uppgert einbýli við Einarsnes í Skerjafirðinum**

Húsið er með mikla útleigumöguleika en í dag er rekin heimagisting þar með 4 útleiguherbergjum
194,4 fm - 10 herbergja
Góð lóð með möguleika á tveimur gestahúsum
Heitur pottur

Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **79,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 19.ágúst frá kl: 12:00 til 12:45**

Nánari upplýsingar veitir
**Jason Kristinn Ólafsson**
sölufulltrúi
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is

152 fm - Geta verið 3 leigueiningar
Íbúðir á 2 hæð auk kjallara
Frábær staðsetning

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **54,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


**40.000**
FBL **fréttaþyrstir notendur**
**Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.**
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
App Store · Windows Store · Google play



FRÉTTABLAÐIÐ


## atvinna

ICEWEAR ICELAND

**Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.**

## Grafískur Hönnuður

**Icewear óskar eftir að ráða fjölhæfan grafískan hönnuð til starfa sem fyrst.**

Fjölbreytt verkefni á lifandi og skemmtilegum vinnustað. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í helstu Adobe-forritum, s.s. InDesign, Photoshop og Flash. Helstu verkefni eru blaðauglýsingar, umbrot bæklinga, umbúðahönnun og grafísk hönnun á bolum.
**Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið agust@icewear. & erla@icewear.is is fyrir 25. ágúst nk.**
Upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf nauðsynlegar ásamt sýnishornum af fyrri verkum.

*Um Icewear, var stofnað 1972. Hjá Icewear starfa 65-85 manns. Það er með öfluga heildsölum ásamt því að reka 7 verslanir á Íslandi. Icewear fatnaður er einnig seldur í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku. Icewear rekur sauma og prjónastofu í Vík í Mýrdal og saumstofu í Reykjanesbæ.*


# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# VEÐUR&MYNDASÖGUR

## Veðurspá

Miðvikudagur

Norðaustlæg átt 3-10 m/s og smávegis væta V-ast í fyrramálið, en léttir síðan til og má búast við björtu veðri víða um land. Með suður- og austurströndinni er útlit fyrir heldur meira af skýjum og má búast við rigningu þar annað kvöld. Hiti víða 12 til 17 stig.






| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** voð, **6.** persónufornafn, **8.** af, **9.** gogg, **11.** þys, **12.** bolur, **14.** stoðvirki, **16.** aðgæta, **17.** sjáðu, **18.** pota, **20.** frá, **21.** rella.

**LÓÐRÉTT**

**1.** umdæmis, **3.** hvort, **4.** minnka, **5.** loka, **7.** tilgátu, **10.** aur, **13.** ögn, **15.** tilfinningaleysi, **16.** Sódi, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** segl, **6.** ég, **8.** frá, **9.** nef, **11.** ys, **12.** stofn, **14.** grind, **16.** gá, **17.** sko, **18.** ota, **20.** af, **21.** suða.

**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** ef, **4.** grynnka, **5.** lás, **7.** getgátu, **10.** for, **13.** fis, **15.** dofi, **16.** gos, **19.** að.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Þormar Guðmundsson (1.802) átti leik gegn Jóhanni H. Ragnarssyni (2.026) á Íslandsmóti skákfélaga sl. vor.**



**Hvítur á leik**
**27. Rxg6! Hxe2 28. Hxe2 hxg6 29. Dxg6+ Bg7 30. Be5 Dd7 31. He3 Ra4 32. Dh7+ Kf8 33. Bxg7+ Dxg7 34. Hf3+** og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Skákhátíð á Menningarnótt




# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 6 | | 9 | 3 |
| | | 1 | 7 | | 8 | | | 4 |
| | 3 | 6 | | | | | 5 | 1 |
| | 1 | 4 | 9 | | | | 2 | 8 |
| | | | 3 | | | | | |
| | | | 4 | 5 | | | 3 | 7 |
| | 6 | | 1 | | | | | 9 |
| 5 | | | | | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | | 3 |
| | 8 | | 5 | | 7 | 9 | | |
| | 5 | | | | | 7 | | 2 |
| | 7 | | 8 | 6 | 9 | | | |
| | | | 7 | | | | 6 | |
| 3 | | 9 | | 2 | 4 | 5 | 7 | |
| | 2 | | | 4 | | 6 | 3 | |
| | | | | | | | | |
| 4 | | 7 | 2 | 8 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | 7 | | 4 | |
| | | 6 | 8 | | | 7 | | 2 |
| | 4 | 7 | 2 | | | | 3 | |
| 5 | | | | | | | | |
| | 3 | | | 1 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | | | |
| 2 | 7 | | | 5 | | | | 1 |
| | | | | | | 4 | | |
| | 9 | 4 | | 8 | 2 | | | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 3 | 4 | 6 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 | 4 |
| 6 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 2 | 9 | 8 |
| 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 |
| 4 | 3 | 1 | 2 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 |
| 6 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 |
| 8 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 7 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 8 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# SAMSUNG

# SPARIDAGAR

## Nú fer hver að verða síðastur...



WF80F5E5P4W

**8 kg þvottavél**
· Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
· 1400 snúningar
· Ecobubble

Verð áður: 104.900,-
**Verð á sparidögum:**
**89.165.-**

**AFSLÁTTUR ALLAN HRINGINN**

WW80H7400EW/EE

**8 kg þvottavél**
· Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
· 1400 snúningar
· Ecobubble

Verð áður: 119.900,-
**Verð á sparidögum:**
**101.915.-**



**SAMSUNG**

### SOUNDBAR - BOGNIR




**30% AFSLÁTTUR**

**Áttu 55" SAMSUNG sjónvarp?**
**Soundbar HW-H7500 svart 310W**
**m. bassaboxi.**




**20% AFSLÁTTUR**

55" Samsung sjónvarp með þráðlausu interneti.
**UE55H6475 kr. 199.900.-**
**Verð áður: 249.900,- og þú sparar 50.000,-**

### SOUNDBAR - BEINIR



**30% AFSLÁTTUR**

**Áttu 48" SAMSUNG sjónvarp?**
**Soundbar HW-H751 silfur 310W**
**m. með bassaboxi.**

## ÓDÝRIR SAMSUNG VALKOSTIR:



**Samsung H5005**

40" *Sparidagaverð* **kr. 89.900.-**
48" *Sparidagaverð* **kr. 126.900.-**



**Samsung J5105**

32" *Sparidagaverð* **kr. 64.900.-**
40" *Sparidagaverð* **kr. 92.900.-**




**Samsung H5505**

32" *Sparidagaverð* **kr. 69.900,-**
40" *Sparidagaverð* **kr. 93.900,-**
48" *Sparidagaverð* **kr. 129.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |



**IMPROV ÍSLAND** Þessi hópur fór til New York í júní og sló þar í gegn á Cel Close-spunamaraþoni.

# Ekkert er ákveðið fyrirfam

Leikhópurinn Improv Ísland sýnir sextán spunasýningar í röð í Þjóðleikhúskjallaranum á Menningarnótt, hverja um sig út frá einu orði áhorfanda. Ekkert er ákveðið fyrirfram, hver sýning er einstök og aðeins sýnd einu sinni.

„Við erum með áttræða ömmu og tvítugan förðunarfræðing saman á sviðinu að grínast. Við erum með lögfræðing, lækni, sundlaugarvörð og fjármálafræðing; fólk alls staðar frá sem stendur atvinnuleikurum ekkert að baki í spuna,“ segir Dóra Jóhannsdóttir leikari um hópinn sem fram kemur í Þjóðleikhúskjallaranum á átta tíma spunamarþoni á Menningarnótt.

Dóra hefur einbeitt sér að spunaforminu síðustu ár, bæði að læra það og kenna. „Ég flutti út til Bandaríkjanna af því maðurinn minn fór í mastersnám þar, fyrst var ég heimavinnandi en eftir að við gátum fengið pössun fyrir litla strákinn okkar fór ég að stúdera spuna. Ég vissi ekki að þessi aðferð væri til en hún er mjög rótgróin í Bandaríkjunum og margir af helstu grínleikurum og handritshöfundum þar eru með improv-þjálfun að baki.“

Er sem sagt hægt að læra að vera hugmyndalega frjór og fljótur að hugsa?

„Já, þegar maður hefur kennt fólki frá grunni sér maður hvílíkur munur er á þeim sem fyrir ári stóðu uppi á sviði og vissu ekkert hvað þeir áttu að segja – og nú þegar þeir eru sprúðlandi að gera einhverja snilld. Það gerist þegar fólk yfirstígur óttann við hið óvænta. En auðvitað eru ótal lítil tækniatriði og þjálfunaratriði sem skipta máli, þetta er eins og hver önnur íþrótt, maður fer ekkert í arabaflikk fyrr en maður hefur gert helling af magaæfingum og teygjum.“

Spuni er ákveðin grínvísindi í grunninn, en ekkert er skrifað fyrirfram heldur allt samið á staðnum. „Við vitum aldrei hvað mætir okkur, hvað mótleikarinn gerir og segir en þegar maður er sjálfur í ruglinu kemur alltaf einhver og bjargar málum. Eina verkfæri spunameistarans er að láta alla aðra líta út fyrir að vera snillingar, þannig verða allir snillingar en enginn stjarna. Svo það er falleg heimspeki á bak við þetta.“

Dóra segir ýmis form verða prófuð í maraþoninu. „Ólafur Stefánsson handboltamaður og Hugleikur Dagsson koma fram á einhverjum tímapunkti og fara með mónólóga út frá orði úr sal og svo byggjum við spunann á því sem þeir segja. Leikararnir Halldóra Geirharðs, Árni Pétur og fleiri frábærir leikarar fara með texta úr handriti sem þeir mega ekki breyta en spunaleikari verður að bregðast við. Í sumum sýningunum eru bara tveir sem leika mörg hlutverk hvor og önnur hver sýning verður í söngleikjaformi því Kalli Olgeirs spilar af fingrum fram og spunaliðið verður með kórsöng og dansatriði, án allra æfinga.“

„Spuni er bara eins og sjónhverfingar,“ segi ég agndofa.

„Já, þegar vel tekst til.“ **- gun**



**SPUNAMEISTARI** „Við vitum aldrei hvað mætir okkur, hvað mótleikarinn gerir og segir en þegar maður er sjálfur í ruglinu kemur alltaf einhver og bjargar málum,“ segir Dóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# Fleiri áhættuatriði, takk

★★★

**Lokatónleikar Djasshátíðar Reykjavíkur í Norðurljósum í Hörpu sunnudaginn 16. ágúst.**

**Hljómsveit: Snorri Sigurðarson, Haukur Gröndal, Einar Jónsson, Anna Gréta Sigurðardóttir, Matthías Hemstock og Tómas R. Einarsson. Söngur: Sigtryggur Baldursson og Ragnheiður Gröndal**

Það var enginn smáræðis hvalreki fyrir íslenskt tónlistarlíf þegar Louis Armstrong hélt tónleika á Íslandi. Nú eru 50 ár síðan og þess var minnst á lokatónleikum Djasshátíðar Reykjavíkur á sunnudaginn. Djassinn almennt trekkir ekki að jafn marga tónleikagesti og poppið, en Norðurljósasalurinn í Hörpu var troðfullur. Það var greinileg eftirvænting í salnum áður en tónleikarnir byrjuðu.

Kannski gerði mannfjöldinn suma taugaóstyrka. Vernharður Linnet var kynnir á tónleikunum og sagði frá komu Armstrongs til landsins. Hann virkaði dálítið óðamála. En hann sagði samt skemmtilega frá og vissi greinilega allt um tilurð heimsóknarinnar.

Það var Knattspyrnudeild Víkings sem stóð fyrir tónleikunum í fjáröflunarskyni. Nokkrum dögum á undan barst tilkynning frá Joe Glaser, umboðsmanni Armstrongs. Glaser var í tengslum við Mafíuna og allir voru hræddir við hann. Hann heimtaði 25 þúsund dollara tryggingu fyrir greiðslu til Armstrongs. Annars yrðu tónleikarnir blásnir af. Þjálfari Víkings veðsetti íbúðina sína til að eiga fyrir tryggingunni. Þetta var Eggert Jóhannesson, betur þekktur sem Eddi þjálfari.

Nostalgía sveif yfir vötnunum á tónleikunum í Hörpu. Armstrong var einn dáðasti tónlistarmaður sögunnar og það að endurskapa stemninguna í kringum heimsóknina hans er ekki heiglum hent. Tveir menn brugðu sér í hlutverk Armstrongs, Snorri Sigurðarson trompetleikari og Sigtryggur Baldursson sem söng fáein lög.

Snorri var frábær. Trompetleikurinn hans var tær og lifandi, kröftugur og skemmtilegur. Ekki er hægt að gefa Sigtryggi, þeim mikla snillingi, eins góða einkunn. Sennilega var hann bara ekki í formi. Söngurinn var óttalega stirður og hefði mátt vera hreinni. Þetta var talsverður ljóður á tónleikunum.

Meira var varið í söng Ragnheiðar Gröndal. Hann var tæknilega pottþéttur, hreinn og öruggur, tilfinningaþrunginn og grípandi. Hljómsveitin í heild var líka með sitt á hreinu. En maður tók aldrei andköf af hrifningu, nema kannski helst þegar trompetleikarinn blés sem mest hann mátti. Fleiri áhættuatriði í sólóunum hjá hinum hefðu verið æskileg. Til dæmis hröð tónahlaup frá píanóleikaranum eins og þau sem Art Tatum hristi fram úr erminni af minnsta tilefni. Það vantaði meiri lit í leik hljómsveitarinnar, meiri spennu.

Hugsanlega var hápunktur tónleikanna lokalagið, Oh When the Saints. Það vakti svo mikla lukku að það var endurtekið. Blásararnir í hljómsveitinni marseruðu um salinn á meðan þeir spiluðu. Það var í eina skiptið sem maður fékk virkilega gæsahúð á tónleikunum, því miður.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Söngurinn var nokkuð misjafn og hljóðfæraleikurinn var full varfærnislegur.

# Útsalan í fullum gangi!

## 20 - 50% afsláttur af völdum hjólum




**Hjóla sprettur**
VERSLUN OG VIÐGERÐIR

Dalshrauni 13
220 Hafnarfirði
Sími 565 2292

**www.hjolasprettur.is**

**Við erum á f /hjolasprettur**

# FRÆGIR Í NÆRMYND HALLE BERRY

FULLT NAFN: **Maria Halle Berry**

LISTAMANNSNAFN: **Halle Berry**

FÆDD: **14. ágúst 1966**

STAÐUR: **Cleveland, Ohio, BNA**

MAKI: **Olivier Martinez**



Halle Berry er fyrsta og eina svarta leikkonan sem hefur unnið Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverk. Hún byrjaði ferilinn sem fyrirsæta og tók meðal annars þátt í Miss USA þar sem hún lenti í 2. sæti. Hún varð í 6. sæti í keppninni Ungfrú heimur árið 1986. Fyrsta stóra kvikmyndahlutverk hennar var í Boomerang þar sem hún lék við hlið Eddie Murphy. Eftir það var hún búin að stimpla sig inn sem leikkona og fékk hvert stóra hlutverkið á fætur öðru.

Hún lék Bond-stúlkuna í Die Another Day og var af mörgum talin með betri leikkonum sem hafa tekið að sér það hlutverk. Hún er þrígift, núverandi eiginmaður hennar er leikarinn Olivier Martinez, og á tvö börn. Hún ólst upp með ofbeldisfullum föður en hefur ekki talað við hann frá því að hún var barn. Halle hefur verið virk í að gefa til góðgerðarmála og verið talsmaður ýmissa mála eins og réttinda kvenna og barna.



**ÓSKARSVERÐLAUNIN** Fyrsta svarta leikkonan til að vinna Óskarinn fyrir aðalhlutverk.



**NÁLGAST FIMMTUGT** Þessi mynd náðist af Halle fyrir tveimur dögum. Hún lítur mjög vel út.

# Prófuðu vinsælu megrunarkúrana

## Guðrún Selma Sigurjónsdóttir og Gígja Jónsdóttir setja upp dansverk á Reykjavík Dance Festival sem ber nafnið The Drop Dead Diet og fjallar um megrunarkúra.

Reykjavík Dance Festival og Local leiklistarhátíð hefjast í næstu viku og hafa Guðrún Selma Sigurjónsdóttir og Gígja Jónsdóttir unnið að dansverki fyrir hátíðirnar frá því í mars. Verkið fjallar um megrunarkúra og ber heitið The Drop Dead Diet.

Til þess að undirbúa sig fyrir verkið prófuðu stelpurnar sex megrunarkúra sem hafa verið vinsælir á Íslandi. Sýningin fjallar um megrunarkúr sem þær bjuggu sjálfar til út frá reynslu sinni af rannsóknarvinnunni og öðrum öfgafullum ráðum sem hægt er að finna á netinu.

„Frá því í mars höfum við verið að prufa sex megrunarkúra sem hafa verið mikið í deiglunni á Íslandi. Við prófuðum 5:2, lágkolvetnakúrinn, basíska kúrinn, „military“ kúrinn og „mastercleanse“ en hann var langerfiðastur. Við vorum mjög mismunandi á meðan á þessu stóð. Mér fannst þetta mjög erfitt andlega og þetta var ekki alveg að ganga upp hjá mér. Þegar við vorum á 5:2 og vorum að fasta þá gat ég ekki hugsað um annað en að borða og þegar ég mátti þá borðaði ég allt sem mig langaði í en ég held að það sé algengt þegar fólk fer á svona kúra,“ segir Guðrún Selma en hún segir Gígju hafa gengið betur en megrun getur tekið á bæði líkamlega sem og andlega.

Stelpurnar sömdu verkið sjálfar út frá eigin reynslu en þær tóku tvær vikur í hvern kúr. Loji Höskuldsson verður með þeim uppi á sviði að spila frumsamda tónlist. Eleni Bodara hannar og setur upp leikmyndina. Verkið er styrkt af Reykjavíkurborg.

„Okkur finnst þetta viðfangsefni vera eitthvað sem er mjög „relevant“ í dag. Það eru alltaf að koma nýir og nýir kúrar sem eiga að vera einhver töfralausn. Þetta virkar í raun eins og tískubólur. Við erum samt ekki að fara að predika yfir fólki heldur setjum við þetta upp á kómískan hátt en þó með alvarlegum undirtón. Verkið verður kaldhæðið og í raun er þetta satírískt dansverk og við komum skilaboðunum áleiðis í gegnum hlátur.“

gunnhildur@frettabladid.is



**GUÐRÚN SELMA, GÍGJA OG LOJI** Munu flytja verkið The Drop Dead Diet.
MYND/ANTON BRINK



# Allt fyrir baðherbergið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

**CERAVID**

**Þýsk gæði**



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**
**39.990**

Hæglokandi seta

Skál: „Scandinavia design"



Riga salerni með setu gólf- eða veggstútur. Kr.
**21.990**



Ido Seven D með setu
**49.990**
(frá Finnlandi)

IDO



Ido Seven D vegghengt m.hæglokandi setu
**75.990**



Ido Trevi vegghengt með setu
**20.990**

## BOZZ sturtuklefi

90x90cm
**43.490**
80x80cm **41.990**

Fást einnig rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 43.990**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**





Sturtuhaus 200 mm kr.
**4.995** MIKIÐ ÚRVAL



Ryðfrír barki 220 cm kr.
**1.190**



6 mm Hert öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80cm
**34.690**



## BOZZ sturtuhorn

Ferkantað og rúnnað 80x80 **29.990**
Ferkantað og rúnnað 90x90 **31.990**



**Glerþil**

8mm 220x75cm **17.990**
8mm 220x95cm **19.990**
8mm 220x 120cm **22.990**



Sturtusett kr.
**3.990**



Cisa Layer kr.
**5.590**

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN



Bidalux BWR sturtusett
**13.890**



Mistillo MTG sturtusett
**14.990**



Schutte blöndunartæki með lyftitappa 33710
**10.790**



**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **39.990**

## Guoren hitastýrð blöndunartæki

GUOREN

Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.



**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **18.990**

CE



**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
kr. **13.990**



**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **13.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

EN 1111:1997

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6, 8, 10 |
| THE GIFT | 5:40, 8, 10:20 |
| TRAINWRECK | 8 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10:35 |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| VACATION | KL. 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| VACATION VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE VIP | KL. 10:20 | VIP |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 | 16 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 8 | 16 |
| THE GIFT | KL. 10:10 | 16 |
| VACATION | KL. 8 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| VACATION | KL. 5:40 - 8 - 10:45 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | 12 |
| FANTASTIC 4 | KL. 10:30 | 12 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 - 10:30 | 12 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 | 12 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GIFT | KL. 10:45 | 16 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |




# Bollywood-stjörnur ánægðar með friðinn sem þær fá á Íslandi

Einn þekktasti leikari Bollywood hefur tvisvar komið til landsins. Eitt af þekktari pörum Indlands ætlar að koma hingað í næsta mánuði og njóta norðurljósanna. Indverskur miðill fer fögrum orðum um Ísland og fjallar um vinsældir landsins hjá ferðamönnum.

**Kjartan Atli Kjartansson**
kjartanatli@365.is



Farið er fögrum orðum um Ísland í indverska miðlinum Bollywood Presents, en þar er sagt frá ferðalagi leikarans og stjörnunnar Aamirs Khan sem hefur að minnsta kosti tvisvar heimsótt Ísland. Sagt er frá ferðalagi kappans í síðasta mánuði en þá ferðaðist hann einn. „Á Íslandi gat ég gengið óáreittur um göturnar,“ segir Aamir Khan og heldur áfram: „Ég gat skautað, skíðað og kafað í köldu vatni. Enginn þekkti mig. Það er hressandi að geta lifað eðlilegu lífi einhvers staðar; nokkuð sem ég get ekki gert í Indlandi.“ Aamir Khan er ein skærasta stjarna Bollywood-geirans á Indlandi. Hann hefur leikið, leikstýrt, skrifað handrit og framleitt kvikmyndir. Auk þess hefur hann látið til sín taka á öðrum sviðum og er þekktur fyrir að vinna að góðgerðarmálum. Fyrir fimm árum fékk hann hina svokölluðu Padma Bhushan-orðu, sem er þriðja æðsta orða sem indverskum borgurum er veitt. Rúmlega tólf hundruð Indverjar hafa fengið orðuna frá því að hún var fyrst veitt árið 1954.

**AAMIR KHAN**



> **Ég gat skautað, skíðað og kafað í köldu vatni. Enginn þekkti mig. Það er hressandi að geta lifað eðlilegu lífi einhvers staðar; nokkuð sem ég get ekki gert í Indlandi.**
>
> *Amir Khan, leikari í Bollywood*

### Fleiri stjörnur á leiðinni

Bollywood Presents segir að fleiri indverskar stjörnur vilji komast í kyrrðina á Íslandi. Eitt helsta par Bollywood er til dæmis á leiðinni hingað í næsta mánuði. Um er að ræða Saif Ali Khan og Kareena Kapoor. Þau eru bæði margverðlaunaðir leikarar og hefur Saif Ali Khan einnig framleitt nokkrar stórar myndir. Fréttastofa MTV á Indlandi tiltók parið sem eitt af þeim sjö þekktustu í Bollywood-senunni en þau giftust árið 2012. Í frétt MTV segir að margar konur öfundi hina þekktu Kapoor, því Saif Ali Khan er þekktur hjartaknúsari. Kapoor ætlar að fagna afmælinu sínu hér á landi, en hún hefur í gegnum tíðina mest verið fyrir ferðalög til London og New York. „Við ætlum okkur að sjá norðurljósin. Í okkar stöðu er mikilvægt að eyða góðum tíma saman, því vegna vinnu okkar erum við mikið í sundur.“

### NASA og norðurljósin

Í frétt Bollywood Presents er sagt frá því að sífellt fleiri ferðamenn komi hingað til lands. Vitnað er í sérfræðinga sem segja að ein ástæðan fyrir því að Ísland sé ákjósanlegur ferðamannastaður í vetur sé að samkvæmt NASA, Bandarísku geimferðastofnuninni, muni norðurljósin sjást betur en síðastliðin fimmtíu ár. Í fréttinni eru upplýsingar um hvernig komast eigi til landsins auk myndbanda sem sýna Norðurljósin og aðra vinsæla ferðamannastaði hér á landi.



**STJÖRNUPAR** Þau Saif Ali Khan og Kareena Kapoor eru gríðarlega þekkt í heimalandinu.

# LOKADAGAR ÚTSÖLU




- 30-50% af eldhúsvörum
- 15-50% af öllum barnavörum
- 30% af öllum lökum
- 40% af öllum dúkum
- 15-60% af rúmfatnaði

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is**

## Mikilvægur KR-sigur í botnbaráttunni



**FÓTBOLTI** KR vann gríðarlega mikilvægan 2-1 sigur á ÍBV á Alvogen-vellinum í 14. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær. KR er nú komið með níu stig en þetta var aðeins annar sigur liðsins í sumar. Sigurinn var sérstaklega mikilvægur sökum þess að Afturelding vann Þrótt í fyrradag og var þar af leiðandi aðeins tveimur stigum á eftir KR. ÍBV er hins vegar í 5. sæti deildarinnar með 22 stig.

Sigríður María S. Sigurðardóttir kom KR í 1-0 á 35. mínútu og þannig var staðan í hálfleik. Þórhildur Ólafsdóttir, fyrirliði ÍBV, jafnaði metin á 55. mínútu með sínu öðru marki í sumar, en hún skoraði einnig gegn KR í fyrri umferðinni. Það var svo Chelsea A. Leiva sem tryggði KR-ingum sigurinn þegar hún skoraði annað mark liðsins á 73. mínútu. Þetta var fjórða deildarmark Chelsea í sumar en hún er markahæsti leikmaður liðsins. - iþs

## Chuck hefur ekki skorað í 1.438 mínútur

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar sóttu sér töluverðan liðsstyrk áður en félagsskiptaglugginn lokaðist en þrátt fyrir það gengur liðinu bölvanlega að safna stigum. Spilamennska liðsins í undanförnum tveimur leikjum hefur verið betri en aðeins fengust tvö stig úr þeim og er liðið sjö stigum frá öruggu sæti þegar sex umferðir eru eftir.

Forráðamenn Keflavíkur höfðu eflaust væntingar til þess að Chukwudi Chijindu, Chuck, myndi skjóta liðinu upp töfluna en bandaríski framherjinn hefur ekki náð neinum takti með liðinu.

Chuck tókst loks að koma að marki gegn Fylki þegar hann lagði upp eitt mark en hann hefur ekki skorað í tæp tvö ár. Hefur hann alls leikið 1.438 mínútur án þess að skora mark í Pepsi-deildinni, með Þór og Keflavík, en hann komst síðast á blað í 1-2 sigri Þórs á ÍBV 28. september 2013.

Ætli Keflvíkingar sér að eiga möguleika á að halda sæti sínu í Pepsideildinni á næsta ári verða að koma sigrar í næstu umferðum og verður því mikil pressa á framherjum liðsins að koma boltanum í netið. - kpt



**KALDUR** Chuck hefur ekki skorað í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TIL SÖLU** Arnór er líklega á förum frá Helsingborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Vilja losna við Arnór

**FÓTBOLTI** Helsingborg vill losna við Arnór Smárason. Skagamaðurinn á tvö ár eftir af samningi við Helsingborg en félagið glímir við mikla fjárhagserfiðleika.

Í Aftonbladinu sænska segir að Arnór sé einn launahæsti leikmaður liðsins sem freistar þess að koma honum af launaskránni. Helsingborg tókst það í nokkra mánuði fyrr á þessu ári þegar Arnór var lánaður til Torpedo í Moskvu.

Arnór sneri aftur til Helsingborg og þrátt fyrir að vera á varamannabekknum heldur hann áfram að skora. Í fyrradag kom hann inná á 64. mínútu og stundarfjórðungi síðar skoraði hann seinna markið í 2-0 sigri á Halmstad.

Þjálfari Helsingborg, Henrik Larsson, neitaði að svara spurningum blaðamanna eftir leikinn um framtíð Arnórs en hældi honum fyrir frammistöðuna í fyrradag.

Arnór segist í samtali við Aftonbladið ekki vita hvort hann spili mikið meira fyrir Helsingborg. „Það eina sem ég hugsa um er að sýna hvað ég get á vellinum og sanna að ég eigi heima í byrjunarliðinu."

Vegna fjárhagsvandræða félagsins er líklegt að Helsingborg reyni að selja eða lána Arnór áður en félagaskiptaglugginn lokast. - ab

# Verð í stóru hlutverki í vetur

Hörður Axel Vilhjálmsson leikur í grísku úrvalsdeildinni í körfubolta í vetur. Þjálfarinn hefur lengi reynt að fá Hörð til liðs við sig sem segist vera spenntur fyrir því að leika í Grikklandi en einbeitir sér fyrst að EM.

**KÖRFUBOLTI** „Það er svolítið síðan ég skrifaði undir hjá þeim svo ég hef ekkert verið að stressa mig á mínum málum, þetta var bara loksins gert opinbert í gær. Ég var alltaf með samninginn í höndunum," sagði Hörður Axel Vilhjálmsson, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Tilkynnt var að Hörður myndi leika með Trikala BC í grísku úrvalsdeildinni á næsta tímabili en hann kemur til liðsins á frjálsri sölu eftir að samningur hans hjá Mitteldeutscher rann út.

„Mér stóð einnig til boða samningur hjá Mitteldeutscher svo þetta var nokkuð þægilegt sumar, ég hafði ekki miklar áhyggjur af samningsmálunum."

### Þjálfarinn hefur trú á mér

Gríska deildin í körfuknattleik er afar sterk en þar standa upp úr tvö af sterkustu félagsliðum Evrópu, Panathinaikos og Olympiakos.

„Ég hefði alveg íhugað að vera áfram í Þýskalandi hefði tilboð komið sem væri spennandi en þetta var það sem mér fannst mest spennandi í stöðunni og stökk á það. Það eru auðvitað tvö lið sem hafa gríðarlega yfirburði í deildinni og það er ekki raunhæft að berjast um titla en við verðum að berjast þar fyrir neðan."

Þjálfari liðsins hefur verið að hafa samband við Hörð undanfarin ár þegar hann þjálfaði í Þýskalandi.

„Þjálfarinn var að þjálfa í Þýskalandi og hann hefur verið að ræða við mig síðustu ár um að koma til sín. Það er gott að vita af því að þjálfarinn hefur trú á manni og veit út á hvað ég geng inn á vellinum. Hann veit hvernig ég vil spila og mun reyna að nota mig þannig. Ég er fyrsti leikmaðurinn sem félagið fær til liðs við sig sem segir mér að ég verði í stóru hlutverki."

Hörður viðurkenndi að þetta væri stórt stökk í djúpu laugina hvað varðar tungumál en hann sagðist ekki viss hvort hann og kærastan myndu leggja í það að læra gríska tungumálið.

„Konan mín var búin að ákveða að læra tungumálið á næsta stað sem við færum en ég er ekki viss hvað hún segir í dag. Þetta er allt annað tungumál og stafróf en við þekkjum," sagði Hörður léttur en hann sagði flesta á körfuboltavellinum tala ensku.

„Ég slapp með það í Þýskalandi að tala bara ensku inni á vellinum, það eru svo margir Kanar þar að það er töluð enska inn á vellinum. Jafnvel þegar tveir þýskir leikmenn voru að tala sín á milli er það oft á ensku."



**MIKILVÆGUR** Hörður Axel verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu á Evrópumótinu í körfubolta í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Hef trú á þessu verkefni

Hörður viðurkenndi að efnahagsástandið í Grikklandi hefði komið upp í huga sinn þegar hann ákvað hvert næsta skref á ferlinum yrði.

„Auðvitað var maður örlítið varkár hvað varðar lið í Grikklandi út af ástandinu úti. Það voru fleiri grísk lið sem höfðu samband en þau voru ekki opinn fyrir þessu í byrjun en þeim tókst að sannfæra mig. Umboðsmaðurinn minn sem er grískur sagðist ekki ætla að tala við lið sem væru ekki alveg pottþétt," sagði Hörður sem sagðist hafa farið varlega í viðræðurnar.

„Maður verður að treysta fólki. Maður hefur brennt sig áður á því en ég held að þetta muni allt standast í þetta skiptið. Ég passaði mig á því að hafa klásúlur í samningnum um að ef allt færi á versta veg gæti ég farið frá félaginu. Það veitir mér aukið öryggi."

### Einbeiti mér að Eurobasket

Hörður er þessa dagana á fullu í undirbúningi með íslenska landsliðinu fyrir Evrópumótið í körfuknattleik, Eurobasket 2015, sem fer fram í Berlín í september.

Hörður sagði að samningaviðræður sínar hefðu ekki truflað undirbúninginn.

„Við erum allir mjög einbeittir á þetta landsliðsverkefni, ég kláraði að skrifa undir og setti það strax til hliðar til þess að einbeita mér að landsliðinu. Ég var ekkert að tilkynna þetta fyrr en liðið tilkynnti þetta í morgun. Þetta verður í fyrsta sinn sem við getum keppt á móti á borð við þetta og hver veit hvenær þetta tækifæri kemur aftur," sagði Hörður sem sagði íslensku leikmennina ætla að njóta stundarinnar en á sama tíma væru þeir mættir til þess að keppa.

„Maður verður að njóta þess til hins ýtrasta þegar við komumst loksins inn en við erum ekki að fara til þess að láta valta yfir okkur. Við förum og munum berjast fyrir öllum boltum í Berlín." Íslenska liðið tekur þátt í undirbúningsmóti í Eistlandi á næstu dögum. kristinnpall@365.is



**UMDEILT** dofri þvertekur fyrir að hafa dýft sér gegn Leikni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þetta var alls ekki dýfa hjá mér

Víkingurinn Dofri Snorrason segist ekki hafa verið með leikaraskap gegn Leikni.

**FÓTBOLTI** "Eru menn að segja að ég hafi dýft mér?" spyr Dofri Snorrason Víkingur er hann er spurður út í umdeilda vítaspyrnu sem dæmd var fyrir meint brot á honum í leik Víkings og Leiknis.

Annar þjálfara Leiknis, Freyr Alexandersson, var ekki par sáttur við Dofra. Freyr sagði að Dofri hefði fiskað vítið með leikaraskap.

"Hann fleygir sér bara niður," sagði Freyr við íþróttadeild í gær afar ósáttur enda kostaði þessi vítaspyrnudómur Leikni tvö stig. Á myndbandsupptökum lítur út fyrir að þetta sé rangur dómur en Dofri er sjálfur ekki í vafa.

"Þetta er alls ekki dýfa. Ég fæ spark í mig, það er alveg klárt. Varnarmaðurinn fer líka í boltann en ég held að hann fari í mig á undan.

"Ég held að ég nái mér stöðu, hann sparki í mig og ég fari svo í boltann. Það var mín upplifun af þessu en ég er vissulega hlutdrægur," segir Dofri léttur en hvað finnst honum þá um ummæli Freys?

"Ég er ekki að fleygja mér niður. Ég var ekki að ljúga því að það hafi verið sparkað í mig. Það hlýtur að sjást hvernig ég datt. Ég dýfði mér í fyrri hálfleik og það var vandræðalegt. Það sést þarna að ég er ekki að dýfa. Ég tek á mig dýfuna í fyrri hálfleik en ég tek þetta ekki á mig." - hbg


REYKJAVÍKUR
MARAÞON 32 ÁRA
ÍSLANDSBANKA
22. ÁGÚST 2015
REYKJAVÍKURMARAÞON
Íslandsbanki
UNDER ARMOUR
SUZUKI
ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR
Reykjavíkurborg
POWERADE ION4
PROMENNT
CAMELBAK
AVIS Bílaleiga
Barilla
margt smátt
ÞÁTTTAKA
VIÐ ALLRA
HÆFI
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.MARATHON.IS
Forskráningu á marathon.is lýkur
á morgun fimmtudag klukkan 13:00
Einnig verður hægt að skrá sig í
Laugardalshöll á fimmtudag og
föstudag milli klukkan 14 og 19



**20:45**

**MISTRESSES**

Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.


FRÁBÆR **MIÐVIKUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


**20:05**

**COVERT AFFAIRS**

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



**21:30**

**YOU'RE THE WORST**

Hressilegir gamanþættir um tvo frekar alvarlega einstaklinga sem halda að þau hafi hitt sálufélaga sinn en það á eftir að koma í ljós.



**21:55**

**RITA**

Rita er miðaldra kennari sem fer ótroðnar slóðir og er vinsæl meðal nemendanna því hún hagar sér sjálf eins og krakki.



**22:00**

**THE NORMAL HEART**

Áhrifamikil mynd um ungan mann sem reynir að vekja athygli á AIDS og hættum þess.



**21:40**

**THE MYSTERIES OF LAURA**

Skemmtilegir gamanþættir um kröftuga rannsóknarlögreglukonu með Debru Messing í aðalhlutverki.



**18:00**

**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**

Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir og verkefni í leiðinni.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**




# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 Big Time Rush**
**08.10 The Middle**
**08.30 The Crazy Ones**
**08.55 Mom**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.20 Höfðingjar heim að sækja**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Nashville**
**13.45 Nashville**
**14.30 White Collar**
**15.15 Man vs. Wild**
**16.05 Big Time Rush**
**16.30 Welcome To the Family**
**16.55 Raising Hope**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 The Simpsons**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag.**
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 The Middle**
**19.40 Mindy Project**
**20.05 Covert Affairs** Fjórða þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunar.
**20.45 Mistresses**
**21.30 Your're the Worst** Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnin og á veröldina í kringum þau. Þegar þau hittast virðast þau hafa hitt sálufélaga sína en tíminn leiðir það í ljós hvort samband þeirra gengur upp.
**21.55 Rita** Þriðja þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja það sem henni finnst. Hún á þrjú börn á unglingsaldri en hefur aldrei þótt góð fyrirmynd. Í vinnunni er hún vinsæl meðal nemendanna, kannski vegna þess að hún hagar sér oft sjálf eins og krakki og fer fyrir brjóstið á fullorðnum. Enginn hefur trú á henni, nema einn maður sem kemur óvænt aftur inn í líf hennar. Þetta eru gamansamir þættir með dramatískum undirtón.
**22.40 Major Crimes**
**23.25 Real Time With Bill Maher** Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.
**00.25 NCIS**
**01.10 Tyrant** Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum
**02.00 Numbers Station** Spennumynd frá 2013 með John Cusack og Malin Akerman í aðalhlutverkum. Bandaríska leyniþjónustan sendir útsendara sem fallið hefur í ónáð yfirmanna og fær það verkefni að vernda unga konu gegn öflum sem vilja hana dauða, hvað sem það kann að kosta.
**03.30 After Earth**
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**11.50 Sporting - CSKA Moskva**
**13.30 Lazio - Bayer Leverkusen**
**15.10 Man. Utd. - Club Brugge**
**16.50 Valur - KR**
**18.40 Celtic - Malmö Bein útsending**
**20.50 Valencia - Mónakó**
**22.40 Basel - Maccabi Tel-Aviv**
**00.30 UFC Now 2015**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.00 Goðsagnir - Gummi Ben**
**11.50 Premier League Review**
**12.45 West Ham - Leicester**
**14.25 Premier League World**
**14.55 Swansea - Newcastle**
**16.35 Crystal Palace - Arsenal**
**18.15 Messan**
**19.30 League Cup Highlights**
**20.00 Man. City - Chelsea**
**21.40 Football League Show**
**22.15 Liverpool - Bournemouth**
**23.55 Sunderland - Norwich**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

## STÖÐ 3

**18.15 Last Man Standing**
**18.35 Cristela**
**19.00 Hart of Dixie**
**19.45 Baby Daddy** Fjórða gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar fyrrverandi kærasta hans skilur stúlkubarn eftir við dyragættina og stingur af. Hann ákveður að ala upp barnið með aðstoð frá móður sinni, bróður, vini sínum og Riley, stelpunni sem er skotin í honum en myndi aldrei viðurkenna það.
**20.10 Awake**
**20.55 The Originals**
**21.40 The Mysteries of Laura**
**22.20 Witches of east End**
**23.05 Sirens**
**23.30 Supernatural** Áttunda röðin af yfirnáttúrulegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
**00.15 Hart of Dixie**
**00.55 Baby Daddy**
**01.20 Awake**
**02.05 The Originals**
**02.45 The Mysteries of Laura**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Lína langsokkur **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Lína langsokkur **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Lína langsokkur **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Paranorman

## GULLSTÖÐIN

**17.40 Strákarnir**
**18.10 Friends**
**18.35 New Girl**
**18.55 How I Met Your Mother**
**19.20 Two and a Half Men**
**19.45 Tekinn**
**20.10 Beint frá messa** Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn halda tónleika í messa skipa. Skipin eru hvaðanæva af landinu og hljómsveitirnar jafn ólíkar og þær eru margar.
**20.50 Chuck**
**21.35 Cold Case**
**22.20 Curb Your Enthusiasm** Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**23.00 Cold Feet**
**23.50 Tekinn**
**00.15 Beint frá messa**
**01.00 Chuck**
**01.40 Cold Case**
**02.25 Curb Your Enthusiasm**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50 The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon**
**13.20 Journey to the Center of the Earth**
**14.50 Ocean's Thirteen**
**16.50 The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon**
**18.25 Journey to the Center of the Earth** Íslenska Hollywood-stjarnan Anita Briem leikur aðalhlutverkið í þessari bandarísku ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna sem er lauslega byggð á sígildri vísindaskáldsögu Jules Verne, Leyndardómum Snæfellsjökuls.
**20.00 Ocean's Thirteen**
**22.00 The Normal Heart**
**00.10 Dom Hemingway**
**01.40 Elephant White**
**03.15 The Normal Heart**

## RÚV

**16.10 Sumardagar**
**16.30 Ráðgátur Murdoch**
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.50 Gló magnaða**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Neytendavaktin** Norskir sérfræðingar standa neytendavaktina í fræðandi þáttaröð um heilsu, lífsstíl og neytendamál.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Dýr sem ég drap í fyrra** Sænsk stuttmynd. Faðir hefur áhyggjur af siðferði ungs sonar síns sem virðist gera sér að leik að drepa smádýr.
**19.55 Íþróttaafrek sögunnar**
**20.25 Innsæi** Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál. Meðal leikenda eru Eric McCormack, Rachael Leigh Cook og Arjay Smith. Bandarísk þáttaröð.
**21.10 Allir litir hafsins eru kaldir**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Nú er ég kona** Heimildarmynd þar sem fyrsta kynslóð transfólks ræðir á opinskáan hátt fortíð og nútíð og veltir meðal annars vöngum yfir breyttum forsendum tilvistar, eftirsjá og viðbrögðum samfélagsins.
**23.20 Kóðinn**
**00.15 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**08:00 Everybody Loves Raymond**
**08:20 Dr. Phil**
**09:00 The Biggest Loser**
**09:45 The Biggest Loser**
**10:30 Pepsi MAX tónlist**
**13:30 Cheers**
**13:55 Dr. Phil**
**14:35 Welcome to Sweden** Glæný sænsk grínþáttaröð, en þættirnir slógu rækilega í gegn í Svíþjóð fyrr á þessu ári. Welcome to Sweden fjalla um hinn bandaríska Bruce *(Greg Poehler)* sem segir upp vel launuðu starfi í New York til að flytja með sænskri kærustu sinni, Emmu *(Josephine Bornebusch)*, til Svíþjóðar. Parið ætlar sér að hefja nýtt líf í Stokkhólmi og fáum við að fylgjast með Bruce takast á við nýjar aðstæður í nýjum heimkynnum á sprenghlægilegan hátt.
**15:00 Reign**
**15:45 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**16:15 Britain's Next Top Model**
**17:05 Royal Pains**
**17:50 Dr. Phil**
**18:30 The Talk**
**19:10 Million Dollar Listing**
**19:55 Growing Up Fisher**
**20:15 America's Next Top Model**
**21:00 Girlfriends' Guide to Divorce**
**21:45 Satisfaction**
**22:30 Sex & the City**
**22:55 Madam Secretary**
**23:40 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00:25 Extant**
**01:10 Girlfriends'' Guide to Divorce**
**01:55 Satisfaction**
**02:40 Sex & the City**
**03:05 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.35 PGA Championship 2015**
**13.35 Golfing World 2015**
**14.25 Champions Tour Highlights**
**15.20 LPGA Tour 2015**
**17.20 Golfing World 2015**
**18.10 PGA Championship 2015**
**23.10 Golfing World 2015**

## HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið **11.30** Fólk og frumkvæði **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Fólk og frumkvæði **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Fólk og frumkvæði **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Fólk og frumkvæði **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Fólk og frumkvæði **20.00** Mannamál **20.45** Golf með Eyfa **21.15** 433 **21.45** Matjurtir **22.00** Mannamál **22.45** Golf með Eyfa **23.15** 433 **23.45** Matjurtir

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



ALVÖRU
HJÓLA ÚTSALA
93.900
46.950
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
FÁRÁNLEG VERÐ!
HJÓL Í ÖLLUM STÆRÐUM
155.900
93.540
108.900
80.720
124.900
87.430
ÞESSI HJÓL OG SVO MIKLU MEIRA ... KOMDU Í FAXAFEN EÐA SKOÐAÐU VERÐIN Á GAP.IS
cannondale
mongoose
KROSS
ÚTSALA
REEBOK
50%
AFSLÁTTUR
NÝJAR
VÖRUR
KOMNAR!
Reebok
GAP
HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200
VERSLAÐU Á
WWW.GAP.IS

## BESTI BITINN



**Ég er svo rosalega mikill bitamaður að það er erfitt að velja. En ég ætla að segja Ali Baba, mér finnst shawarma-rúllan hjá þeim nr. 6 rosa góð.**

Helgi Rúnar Gunnarsson, söngvari og gítarleikari í Benny Crespo's Gang og Elínu Helenu.

# Meðlimir Rae Sremmurd lofa veislu í Höllinni

Rae Sremmurd-bræður senda Íslendingum kveðju í gegnum myndband. Þeir vilja fá sem flesta á tónleikana.

„Halló Ísland, þetta eru strákarnir ykkar í Rae Sremmurd.“ Svona hljómar upphafið á kveðju sem bræðurnir í sveitinni Rae Sremmurd senda Íslendingum. Í kveðjunni, sem tekin var upp á myndband og verður frumsýnd á Vísi í dag, lofa bræðurnir stuði á tónleikum sveitarinnar þann 27. ágúst. „Við viljum sjá ykkur koma og skemmta ykkur með okkur. Þetta verður partí! Sjáum ykkur öll í Reykjavík.“ Framburður sveitarmeðlima á heiti höfuðborgar okkar Íslendinga er þó ekki eins og við eigum að venjast, en kveðjan skilst vel og ljóst að bræðurnir ætla að halda uppi stuði í Laugardalshöll. Bandaríska hljómsveitin Rae Sremmurd er ákaflega vinsæl í heimalandi sínu og víðar í heiminum. Meðlimir sveitarinnar eru bræðurnir Khalif „Swae Lee“ Brown og Aaquil „Slim Jimmy“ Brown. Breiðskífa sveitarinnar Sremmlife, sem kom út í byrjun ársins, náði efsta sæti á bæði hip-hop- og RnB-listum Billboard. Vinsældir sveitarinnar eru ekki síst á netinu og því til staðfestingar má sjá að horft hefur verið á myndbönd sem sveitin hefur sent frá sér í tæplega 530 milljónir skipta á YouTube. Þær tölur ná einungis yfir þau myndbönd sem eru vistuð á síðu sveitarinnar, en ekki yfir myndbönd og lög sveitarinnar sem aðrir notendur senda inn. Fjöldi spilana á Spotify hleypur á tugum milljóna og er ljóst að sveitin er með þeim heitari um þessar mundir.



**VEISLA** Meðlimir Rae Sremmurd senda Íslendingum stuðkveðju.





ELLY
Þriggja sæta sófi.
Litir: Ljósgrár, grár og Town dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~




Nýtt blað er komið í dreifingu
http://www.youblisher.com/p/1196290-Husgagnahollin-agust-2015/



ELLY
Stóll. Litir:
Ljósgrár, grár og Town dökkgrár.
Stærð: 83 x 82 x 85 cm
54.990 kr. ~~69.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100




**STÓRBROTIÐ** Áhorfendum flugeldasýningarinnar er bent á að vera á Arnarhóli eða Sæbraut til að fá besta útsýnið. MYND/VILHELM

# Áhorfendur taka þátt í flugeldasýningunni

Sigga Soffía stýrir flugeldasýningunni í síðasta sinn í ár. Hún verður tvískipt og verður seinni hlutinn sýndur í Borgarleikhúsinu í haust af Listdansflokki Íslands.

Líkt og síðustu ár verður glæsileg flugeldasýning á Menningarnótt til þess að enda dagskrána. Þriðja árið í röð verður Sigga Soffía listakona listrænn stjórnandi sýningarinnar en þetta verður í síðasta skiptið sem hún sinnir þessu hlutverki og mun verkið heita Stjörnubrim. Hún ætlar að fá áhorfendur til þess að taka þátt í herlegheitunum með því að kveikja á flassinu á símunum sínum á ákveðnum tímapunkti. Í haust mun hún setja upp sömu sýningu nema á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu með Listdansflokki Íslands.

„Til þess að loka þessum þríleik sem ég hef verið með seinustu árin þá ákvað ég að hafa lokaverkið tvískipt. Annars vegar flugeldasýningu á Menningarnótt sem verður skotið upp af hjálparsveitum skáta og hins vegar með Listdansflokknum í Borgarleikhúsinu. Eins og til að byrja með á flugeldasýningunni verða rauð ljós og í byrjun dansverksins verður stelpa í rauðum kjól,“ segir Sigga en hún er að leggja lokahönd á undirbúning flugeldasýningarinnar.

Flugeldunum verður skotið upp á fimm stöðum í miðbænum en það verður líklegast í síðasta skiptið sem slíkt verður gert þar sem mikið af nýjum byggingum mun rísa þar á næstunni. „Bestu staðirnir til þess að horfa á sýninguna verða á Arnarhóli og Sæbrautinni. Við verðum ekki með tónlist undir eins og í fyrra heldur ætlum við að leyfa sprengjuglyminum að sjá um það.“



**ALLT Á FULLU** Sigga Soffía hafði mikinn áhuga á flugeldum áður en hún var beðin um að taka þátt í verkefninu.

MYND/ERNIR

Yfir 1.000 bombur verða sprengdar á laugardagskvöldið auk fjölda skotkaka. Á ákveðnum tímapunkti verksins verður mynduð þoka úr flugeldum í nágrenni skotstaðarins í Hörpugrunni. Þá munu áhorfendur verða beðnir um að kveikja á flassi á snjallsímum sínum og þannig mynda stjörnubjartan himin sem verður mikið sjónarspil enda hafa yfirleitt 80.000 manns verið viðstödd sýninguna.

Sigga Soffía hafði lengi haft áhuga á flugeldum þegar hún var beðin um að stjórna sýningunni fyrir tveimur árum. „Ég hafði verið að grúska í þessu og var búin að kynna mér þetta áður en ég var beðin um að koma í kynningu. Þegar maður velur flugeldana þá horfir maður aðallega á kraftinn í þeim. Ég horfi á litinn, tímalengdina, hraðann, hvort þeir séu harðir og agressívir og margt fleira. Þetta er voða svipað og það sem maður leitar í dönsurum þegar maður semur dans.“ Bomburnar eru allar sérinnfluttar sýningarbombur sem eru mun öflugri en þær sem seldar eru í búðum hér fyrir áramót. Sigga fylgist vel með nýjustu flugeldunum sem eru sýndir í Japan á hverju ári. Hægt verður að fylgjast með undirbúningnum á Snapchat með því að fylgja vodafoneis.

gunnhildur@frettabladid.is



# ÚLPUDAGAR

## DAGANA 19.-23. ÁGÚST




**HRÖNN**
DÖMU ÚLPA
~~32.990 KR.~~
16.495 KR.




**ÞRAUKA**
HERRA ÚLPA
~~34.990 KR.~~
17.495 KR.




**FROSTI**
BARNA SKÍÐAÚLPA
~~16.990 KR.~~
10.194 KR.

**FACTORY STORE**
NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869

ZO•ON
ICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



BAKÞANKAR
Viktoríu
Hermansdóttur

# Annað tækifæri fyrir alla?

Ég held að við sem samfélag, okkur finnist erfitt að vita hvernig og hvort við viljum taka á móti þessum einstaklingum,“ sagði Anna Kristín Newton í Föstudagsviðtalinu síðast. Þar vísaði hún í hversu dæmdum afbrotamönnum tekst illa að fóta sig í samfélaginu eftir að hafa afplánað dóm sinn.

**MARGIR** leiðast því miður aftur á braut afbrota eftir að út er komið. Vímuefnavandi fanga er mikill og margir þekkja ekki annan heim en þar sem undirheimalögmálin ráða ríkjum. Orð Önnu Kristínar eru umhugsunarverð. Í samfélagi okkar eru dæmdir menn litnir hornauga. Skiljanlega. Í mörgum tilvikum hafa þeir framið alvarlega glæpi sem þeir eru dæmdir fyrir og oft skaðað aðra. Við erum ekki endilega tilbúin til að taka á móti fólki sem hefur brotið gegn öðrum. Þar spilar kannski inn í lítil tiltrú okkar á réttarkerfinu. Mörgum þykja dómar oft of mildir. En hvað sem skoðunum okkar um réttarkerfið líður þá er það staðreynd að þegar fólk kemur aftur út eftir fangelsisvist þá hefur það afplánað sinn dóm.

**EFTIR** afplánun er hægara sagt en gert fyrir fólk að snúa aftur út í samfélagið. Það sýnir reynslan. Fyrrverandi föngum tekst illa að fóta sig. Samfélagið tekur illa á móti þeim. En af hverju ættum við að taka fyrrverandi föngum betur?

**STAÐREYNDIN** er sú að ef við útskúfum fólki er hættara við að það leiðist aftur á sömu braut. Er ekki eðlilegri nálgun að gefa fólki tækifæri á að sanna sig og verða virkir samfélagsþegnar? Það gagnast okkur allavega betur sem samfélagi og gerir okkur öruggari. Þurfum við ekki, eins og Anna Kristín bendir á, að taka þessa umræðu sem samfélag? Atvinnuveitendur þessa lands, hvernig hjálpum við fólki að komast aftur út í samfélagið? Er markmiðið með refsingunni ekki betrun? Erum við rög við að gefa fólki sem hefur leiðst af braut tækifæri?

**TIL** þess að betrun eigi sér stað þarf að veita fólki tækifæri til þess að verða betra.




YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

GAMAN Í SÓLSKINI!



Albir
Sun Palace ****

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára)* Ferðatímabil: 6.-13. okt. 2015. Innifalið í verði er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði og 20 kg taska báðar leiðir.

*Verð á mann frá 83.200 kr. m.v. 2 fullorðna.

Frá: 71.600 kr.



Tenerife
Albir Playa ****

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)* Ferðatímabil 6.-13. okt. 2015. Innifalið í verði er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og taska 20 kg báðar leiðir.

*Verð á mann frá 111.700 kr. m. v. 2 fullorðna

Frá: 93.200 kr.



Costa Brava
Olympic Park****

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)* Ferðatímabil: 5.-12. okt. 2015. Innifalið í verði flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og taska 20 kg báðar leiðir.

*Verð á mann frá 92.800 kr m. v. 2 fullorðna.

Frá: 77.200 kr.

FLEIRI GAMANFERÐIR



JULEFROKOST Í KÖBEN

Nóvember: 13.-15. / 20.-22. / 27.-29.
Desember: 4.-6. / 11.-13.
Innifalið er flug með sköttum, gisting í 2 nætur á Radisson BLU Scandinavia með morgunverði og matarveisla á veitingastaðum Gröften í Tívolíinu.

Frá: 69.900 kr.



DUBLIN BORGARFERÐ

3.-9. september 2015
Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur á Hotel Gresham með morgunverði.

Frá: 59.900 kr.

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000 /

Gaman Ferðir